

40

100

70

9

# Úttekt á Stóruþverá.

Árið 1915, þann 8. d. Maím. var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Stóru þverá, ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu, til þess að taka út jörðina, meta álag og virða í álag, þegar Kristinn Jónsson fer frá henni en eigandi hennar — Guðrún Árnadóttir tekur við henni.

Fráfarandi og viðtakandi voru báðir til staðar.

Síðasta úttekt var til staðar og sýnir.

Úttektin fór svo fram, eins og hér segir:

1. Baðstofa: Með sömu stærð eins og var í síðustu úttekt 13/6.–1913.
Fráfarandi hefir ekkert gjört við húsið, í þessi þrjú ár, sem hann er búinn að búa hér að öðru leyti en því, að þakið hefir hann það — í fyrra — og bætt um viðir. Annars kemur húsið vel fyrir sjónir úti og inni. Gallar á húsinu eru ekki sjáanlegir aðrir en þeir, að báðir hornstafir í suðurenda eru ofurlítið signir og virðist það vera gamalt sig; bríkur

eru brotnar, eða sprungnar; ~~þak~~ og aðrir
gallar eru ekki sjáanlegir sérstakir.
Álag gjörist Kr. = 44.00

2. Búr: Húsið er með sömu stærð og í nefndri
úttekt. Fráfarandi hefir ekkert gjört við
húsið, en þó hefir hann þakið það. Húsinu
hefir ekki farið aftur sýnilega; en raki er
talsverður í húsinu og árefti farið að fúna.
Annað lausholtið er brostið um þvert, undir
glugga. Álag gjörist Kr. 9.00

3. Eldhús: Með sömu stærð og í umgetinni
úttekt. Fráfarandi hefir ekkert gjört við
húsið þann tíma, sem hann hefir búið
hér. Húsinu hefir lítið farið aftur, ~~sem~~
nema hvað eðlilegt fyrning gjörir að verk:
um. Veggur á milli fjóss og eldhúss gjölur,
og moldrunninn. Álag gjörist 8.00

4. Göng: Með sömu stærð og í nefndri úttekt.
Viðir eru feysknir og fúnir meir og
minna. Þak og veggir bærilegt.
Álag gjörist Kr. = 12.00

5. Bæjardyr; með sömu stærð og við nefnda
úttekt. Fráfarandi hefir ekkert gjört
við húsið. Húsið er vel stæðilegt og virð-
ist því ekki hafa farið aftur, frekar en
eð~~[illegible]~~lilegrar fyrningar vegna.

Vegna umtals, sem orðið hefir um bæjar-
dyrnar, skal það tekið fram, að þylið sunn-
an bæjardyranna ~~[illegible]~~ tilheyrir þeim í
veggs stað. Stefán Sigurðsson, sá er fór frá
jörðunni, þegar Kristinn Jónsson kom að
henni átti þyljur innanum framanverðan
skálan, að undanskildu nefndu þyli;
og hefir selt þær þyljur með nefndu þyli;
er þegar búið að rífa þyljurnar burtu,
og nakkuð af nefndu þyli; en fráfaranda
er gjört að skyldu að heimta þenna þylpart
til baka, sem samsvarar 2 borðum
6 al. eða Kr. 4.
Álag á bæjardyrnar er gjört Kr. = 6.00

6. Fjós: Með sömu stærð og var við nefnda
úttekt. Fráfarandi hefir rifið ofanaf
húsinu og sett brúnása í það; er brún-
ásinn eftir allri lengd hússins annars
vegar, en annar ásinn nær ekki alveg
í stafn annars vegar. Veggir og þak
bærilegt. Raftar farnir að fúna víða
í húsinu. Aftur eru brúnásarnir

til mikilla húsbóta.

Álag gjörist Kr. = 18.00

Álag verður þá alls:

1. á baðstofu Kr. = 44.00
2. — búr — = 9.00
3. — eldhús — = 8.00
4. — göng — = 12.00
5. — bæjardyr — = 6.00
6. — fjós — = 18.00 = 97.00

Við álagið bætast framannefndar krónur fyrir þarkar þyljá milli bæjardyra og skála = 4.00

Samtals Kr. = 101.00

Uppí þetta álag er virt:

1. Þyljur innanum baðstofu ásamt 4 rúmstæðum Kr. = 34.00
2. Fremri skellihurð í göngum, með fjölum beggjamegna og yfir = 1.50
3. Skáli, summan bæjardyra = 25.20
4. Myllukofi með kvörn og myllu-útbúnaði öllum = 12.30

73.00

Fluttkr. = 73.00

5. Fjárhús ytra, yfir 30 kindur = 28.00

Samtals Kr. = 101.00

Jörðunni hafa fylgt þar kúgildið og 12 að tölu; en þegar fráfarandi fór að hingað tók eigandi 3 ærnar til sín, svo honum ber ekki að skila nema 9 ám og svarar hann þeim í fullgildu lagi í fardögum. Fráfarandi hefir sléttað í túni um 1200 fermetra og stækkað sáðreiti um 250 fermetra og að öðru leyti skilið vel við jörðina.

Fleira kom ekki til umræðu úttektinni viðkomandi.

Ath. Að sjálfsögðu hreinsar fráfarandi tóttir og fjárhús áður en hann fer í burtu.

Úttekt lesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson

J. G. Jónsson  Kristinn Jónsson,

Guðrún Árnadóttir

## Úttekt á Hvammi.

Ár 1915, þann 8. d. Maim. var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Hvammi til þess að taka út jörðina, ~~og~~ ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu, virða meta álag og virða í álag, þegar Jóakim Guðmundsson fer frá henni, en Sigurður Gunnlaugsson tekur við henni. Fráfarandi og viðtakandi voru báðir til staðar. Vegna eiganda frú Dagbjartar Magnúsdóttur í Viðey ~~...~~ annast hreppstjóri hag jarðarinnar. Jóakim er búinn að vera hér í 16 ár og er úttekt sú, er gjörð var, þegar hann kom hingað, ekki til staðar.

Úttektin fór svo fram eins og hér segir:

1. Baðstofa: 9 al. löng og 5 al. breið, 5 sperrur 3 al. , með skuttum kálfum 10 stafir 1¾ al. háar, 4 langbönd á hlið og fjalrefti yfir; 1, 4 rúðu gluggi, 1, 2 r. gl. og 1, 1 r. gluggi eru á baðstofunni; hurð við dyrastafi á hjörum.

Húsið er þakið fyrir einu ári og er þak gott; veggir eru fornir og farnir að verða blautir að innan sumstaðar og moldrunnir ~~og moldrunnar~~ að utanverðu. Húsið er um það bil að vera 20 ára. Gallar á húsinu eru engir verulegir, nema hvað aldur hefir að gjört. Þurkhús er baðstofan mikið. Glidnun er ofurlítil um mitt húsið, en það mun vera forn glidnun og líklegt, að svo hafi verið frá fyrstu hendi. Gluggar á baðstofunni hefir fráfarandi bætt til mikilla muna; þar á meðal hefir hann sett gáðan 4 rúðuglugga á vesturhlið. Að öðru leyti hefir fráfarandi ekkert gjört að húsinu nema þakið það.

Álag gjörist kr. Kr. = 64. 00

2. Búr: 4¼ x 3 al.; 3 sperrur; 2 lektar; 6 stoðir; 3 og 5 langbönd á hlið. Eina glugga á vesturhlið. Þegar fráfarandi kom hingað var húsið flatreft. Gallar á húsinu eru helstir þeir, að austurveggur bungar inn, og leggst á langhalt og og miðstoð; annars er húsið rakalítið. Þak er gott. Viðir eru fornir en lítt fúnir. Álag gjörist Kr. = 8. 00

3. Eldhús: 4½ x 3 al.; Sperrur tvennar og standa á vegg að austan, en á stoðum að ~~vestan~~-verðu. Viðir eru bærilegir, en veggir einkum suðurstafn.

moldrunnir; gildingað er uppi austur=
vegg, en er þunn gildingin og eigi til
frambúðar. Álag gjörist Kr. = 4.00

4. Göng: $2\frac{3}{4}$ al × $1\frac{1}{4}$ al. Með einlægum ás
og af honum reft þétt á veggi beggja
vegna. Viðir eru fornir — margt af þeim,
en lítt fúnir. Húsið er nýlega bygt.
Veggir eru góðir. Álag gjörist Kr. =

5. Bæjardyr. 5 × 2 al. með þyli framan
undir og klinku- og lokulæstri hurð á
járnum. Lausholt eru í húsinu, með
stöðum undir; og ~~[illegible]~~ sperrur eru að
innan og framan, með áfellum og
mæni að, og þétt reft yfir. Húsið er
ofurlítið snarað til vesturs, en ann=
arsstæðilegt að veggjum og viðum,
og þaki. Álag á göng og bæjardyr
Kr. = 5.00

Álag verður alls:

| | | |
|---|---|---|
| 1. á Baðstofu | Kr. = 64.00 | |
| 2. — búri | — = 8.00 | |
| 3. — eldhúsi | — = 4.— | |
| 4.-5. — göng og bæjardyr | = 5.— | Kr. = 81.00 |

Uppí þetta álag er virt:

| | |
|---|---|
| 1. Rúmsumgjörðir 3 í baðstofu og þyljur ofan við lausholt á suðurstafni og aðrar þyljur framanvið rúm beggja vegna á Kr. = | 12.00 |
| 2. Skilvinduborð = | 0.75 |
| 3. Skellihurð í göngum, með dyraumbúnaði Kr. = | 1.50 |
| 4. Fjós = | 20.00 |
| 5. Skemma = | 14.00 |
| 6. Hesthús = | 5.00 |
| 7. Fjárhús sydra = | 13.00 |
| 8. Fjárhús ytra = | 24.50 |
| Samtals Kr. = | 90.75 |
| ÷ No 7 | 13.00 |
| Eftir verður | 77.75 |

Mismuninum Kr. = 3.25 jafnast
í millireikningi fráfaranda og
viðtakanda.

Kvígildisær 6 að tölu verða
afhentar í gildu lagi til viðtakanda.

í sandögum.
Fleira kom eigi til umtals úttekt-
inni viðkomandi, er bóka þyrfti.
Úttektin upplesin og samþykkt.
Guðm. Davíðsson.
J. Jónsson
Jóakim Guðmundsson
Sigurður Gunnlaugsson

| | | | |
|---|---|---|---|
| á baðst. 1913 | Kr. 58.00 | nú | +38.00 |
| — búr eldh. | 32.00 | — | ×42.00 |
| — fjós | 20.00 | — | ×26.00 |
| — Skemma | 17.00 | — | ×20.00 |
| — Sambhús | 16.00 | — | +20.00 |
| — Hesthús nyðra | 6.50 | — | ×8.50 |
| — Fjárhús | 30.00 | — | +33.00 |
| — ytra | 21.00 | — | +27.00 |
| — Hesthús | 20.00 | — | ×24.00 |
| — Framhús | 266.00 | — | ×295.00 |
| | | | 536.50 |
| | | | 486.50 |
| | | | 50.00 |

Baðstofa = 144
Búr = 30
Eldhús = 19
Göng = 20
Bæjard. = 19
Kvígildið = 12
244



Árið 1915, þann 21. Maí, var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Stóra=Holti, ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu, til þess að taka út jörðina, meta álag, og virða í álag, þegar Steinn Stefánsson fer frá henni, en Jóhannes Friðbjarnarson tekur hana til ábúðar. Fráfarandi og viðtakandi voru báðir tilstaðar og sömuleiðis eigandi jarðarinnar, séra Jónmundur J. Halldórsson á Barði. Síðasta úttekt var ekki til staðar og sýnis.
Úttektin fór svo fram eins og hér segir:

1. Baðstofa: 9½ × 5½; 10 staðir 2 al., 5 sperrur með 3½ al. kjálka; kálfi 1¼ al., langbönd 5 á hlið, með smá=refti yfir; tveir álbitar við stafna, einn biti er um miðja baðstof=una sundur skorinn í miðju

þannig að öll miðþján er tekin úr
honum, en uppi standar lengjabita=
partana saman og lítill skamm=
biti uppi undir þyljunum, sem kálf.
arnir eru fóðraðir með. 3 tveggja
rúðugluggar eru á hliðum hússins
og 4 rúðugluggi á suðurstafni, en
~~hann~~ sá stafn er hálfstafn úr timbri.
Alt er húsið þiljað í hálf og gólf með
panelborðum uppum, en heilborðum í gólfinu
Fráfarandi hefir rifið ofanaf húsinu
og rétt það; ennfremur hefir hann
bygt skjólveggi að því og þakið.
Þó er enn ekki laust við, að farið
sé að bera á glíðnun, um miðja
baðstofuna. Z á lítilla glíðnun ber á
í þyljum í mæni. Þak er sólbrunnið
að austanverðu, en gott á vesturhlið.
Austurveggur er ofurlítið snaraður
til austurs og moldrunninn hálfstafn
undan suðurglugga. Í þeim glugga
er ein rúða brotin. Þess skal getið.



að fráfarandi hefir sett framannefnd=
an miðbita, uppistandara og skamm=
bita í húsið, um leið og hann rétti
það, fyrir 2 árum. Fúa ber ekk=
ert á, en afluiðir munu eðlilega vera
farnir að fyrnast síðan húsið var bygt
1908. Og ekkert bar á fúa, þegar
húsið var rétt fyrir 2 árum.

Álag gjörist Kr. = 38.00

2. og 3 <u>Búr</u> og <u>eldhús</u> undir einu risi,
— ein lengja, að með töldum þver=
gangi á milli húsanna: 14 x 4½ al.
16 stoðir, 2½ al., 8 sperrur 3 al., 4 al=
bitar, 4 skammbitar, 5 og 6 langbönd
á hlið, og reisifjöl úr gömlum við
yfir; hálfstafnar eru úr timbri, að
sunnan og norðan á húsalengj=
unni og 5 rúðu járngluggi á hvor=
um stafni; þylstafnar eru gangmeg=
in á búrinu og eldhúsinu og búr
þiljað uppað bitum í 2 syðri staf=
gólfum; 3 hurðir á járnum fylgja

4 þessari húsalengju og er ein-
búrshurðin skrálæst; borð með
skúffu, bekkur og diskagrind fylgir
búrinu; 1, 3rúðugluggi er á gang=
inum. Fráfarandi hefir ekkert
gjört við húsið, nema þakið það.
Gallar á húsalengju þessari
eru ekki sýnilegir, nema hvað tvær
stoðir í vestanverðu eldhúsi eru signar
en það voru þær, þegar fráfarandi tók
við jörðunni, og virðist það sig ekki
hafa aukist neitt. Fúi finst í sum=
um stoðum neðanverðum í búrinu.
Þak er gott á vesturhlíð, en sólbrunnið
á austurhlíð, veggir góðir, en þó mold=
runnin sund á milli baðstofu og húsa=
lengjunnar og hennar og framhúss; suður-
stafn talsvert moldrunninn að sunnan.
Álag gjörist Kr. = 42.00
4. <u>Fjós</u>: 6×5 al., 6 veggjastoðir 2¼ al.
3 sperrur, með 4 al. kjálka, 3 albitar,
5 og sex langbönd á hlið með smárefti
yfir. Þil er á sperrum og bita baðstofu-


megin; hálfstafn úr timbri er á norð-
anverðu húsinu, með einum einnar=
rúðu glugga; 3 eru flórstaðir og jata
eftir endilöngu fjósinu; tvennar dyr
og þrjár hurðir fylgja húsinu, 1 bás=
askilrúm fylgir í húsinu. Gallar
á húsinu eru þessir sömu sem voru
þá er fráfarandi tók við jörðunni,
þeir n.l. að báðar hornstoðir að
vestanverðu og báðar miðstoðir að
austanverðu hafa sigið, svo bæði
lausholtin eru ofurlítið bogin.
Austurveggur er snaraður út, þak
er sólbrunnið að austan, en gott að
vestanverðu. Fúi finst í viðum, eink-
um bitahöfðum að norðanverðu.
Aftur hefir fráfarandi hlaðið upp
norðurstafn austan dyra, svo hann
lítur nú vel út.
Álag gjörist Kr. = 26.00
5. <u>Skemma</u> <u>úti á hlaði</u>: 6×4½ al., 6
stoðir, 2½ al., 3 sperrur með 3 al.
kjálka; 3 albitar, 4 langbönd á
hlið, auk mænitróðu, og smárefti yfir.

þyl er sunnanundir húsinu, með skrálæstri hurð á járnum. Gallar á húsinu eru þessir: Grindin er snör= uð til suðurs; eitt langband á vesturs hlið er brotið; þyl er vindrifið; gluggi yfir dyrum brotinn; veggir mold= runnir að innan verðu og koma illa fyrir sjónir. Þak bærilegt.

Álag gjörist Kr. = 20.00

6. Lambhús: 8 garðastaðir, með 2 mæni= ásum; 7 veggjastaðir; garðastokkar og garðabönd, brúnásar; 16 máttar raftar á hlið; hurð á járnum við dyrastafi; fráfarandi hefir ekkert gjört við húsið, nema þakið það á suðurhlið. Gallar eru þeir sömu og voru þá er fráfarandi kom hingað, þeir n.l. að brúnás í sunnanverðu húsinu er allur í klykkj= um og bugðum og þverbrotinn á ein= um stað; viðir eru feyskinn og gam= all yfirbitt; veggir eru moldrunnir og ljótir; þak trosnað til muna. 

Álag gjörist Kr. = 20.00

7. Hesthús syðra, yfir 3 hesta. 2 ásar í al. 11 máttar raftar, 1 jötustæð og jata; hurð á járnum við dyra= stafi. Fráfarandi hefir ekkert gjört við húsið nema þakið það. Viðir eru farnir að fyrnast; veggir farnir að láta ásjá; einkum er suðurveggur moldrunninn að innanverðu; þak er gott.

Álag gjörist Kr. = 8.50

8. Fjárhús syðra, yfir 60 kindur: 10 garðastaðir; 12 veggjastaðir undir brúnásum; 10 og 12 máttar= raftar á hlið og smánefti yfir; þyl er framanundir og gluggi á. Tvennar dyr, með hurðum á járnum eru á húsinu, garðastokkar og garðabönd fylgja húsinu. Fráfarandi hefir rifið ofan af húsinu tóttarmegin, fram á mæniása og bætt í þann hlutann

mörgum röftum; nokkuð af þeim röftum eru þá þeir sömu sem voru; þann hluta hússins hefir fráfarandi þakið, sömuleiðis skárir yfir þyl=stafni og suðurhlið. Gallar á húsinu, eru þeir sömu ~~te~~ og þá er fráfarandi kom hvað snertir brúnás á norður=hlið; hann n.l. hallast mikið á stöðum; ennfremur eru stoðir þeim megin gram=ar og farnar að feyskjast.

Álag gjörist Kr. = 33.00

9. Fjárhús ytra; tekur milli 40 og 50 kindur. Garðastoðir 15 [undir mæniásum], veggjastoð=ir 12 undir brúnásum, 18 og 20 málfarraftar á hlið, með amárefti yfir. Garðastokkar og garðabönd fylgja húsinu; þyl er framanundir húsinu með tvennum dyrum og hurð=um fyrir á járnum. Gluggi er á þyl=inu yfir garða. Fráfarandi hefir ekkert gjört við húsið; viðir eru farnir að feyskjast og snar og lugtur

eru í ýmsu ástandi, veggir [illegible]


nunnir en þak bærilegt.

Álag gjörist Kr. = 27.00

10. Hesthús ytra, fyrir 6 hesta. Hús þetta er undir einum ~~brún~~=mæniás og af honum reft á veggi beggja vegna; tveir jötugarðar fylgja húsinu og hurð á járnum við dyrastafi. Viðir eru bærilegir en veggir mega heita ónýtir; þak er bærilegt sem stendur.

Álag gjörist Kr. = 24.00

11. Framhús: $14\frac{1}{2} \times 7\frac{1}{2}$ al; 14 stoðir, 3 al.; 7 kálfasperrur, 5 al kjálki og 1 al. kálfi; súð úr heilum ~~sperrum~~ [borðum] er utaná sperrum og pappaþak þar utanyfir; hálfstafnar eru úr timbri, að utan og sunnan, með sínum 12 rúðu glugg=anum á hvorum stafni. Tvöfalt þyl er framanundir öllu húsinu, nema í ganginum. Herbergjaskipun er þannig niðri, að sín stofan er hvoru megin

gangsins, með 2, 4 rúðugluggaum
hvor, fram á hlaðið. Báðar eru stafurn=
ar með lofti, gólfi og þiljum; herbergin
eru bæði ómáluð. Stigi með braki
er úr ganginum uppá loftið. Loftið
er hólfað sundur í þrent, með 2 þil=
um og er skrálæst hurð fyrir syðra
herberginu, en ólæst hurð fyrir því
nyrðra. Tvöfald slíð er í b. syðstu
stafgólfunum og ofurlítið port
myndað úr borðum í þeim hlutanum
4 rúðugluggi er vestan á miðlofti=
inu. Fráfarandi hefir tekið burtu
~~þ~~ torfþaks ræfil, sem var á húsinu,
þegar hann kom og sett járnþak í
stað inn.1) Tvær staðir hefir hann látið
undir austurhlið syðri stofunnar; enn
fremur hefir hann hlaðið upp veggkamp
við stiga. Rúðum hefir fráfarandi
bætt í svo nú eru þær allar heilar.
Gallar á húsinu eru þessir:

1) og á fráfarandi það þak.


þylþart vantar undir syðri glugga
í norðurstofu og syllupart undir
loft að austan og vestan í sömu stofu;
2 staðir, að vestan í suðurstofu
signar og bitaendar fúnir og signir,
og víðar er fúi í bitahöfðum og stoð=
um. Þessir eru gallar taldir á húsinu
í úttekt 1910 og þá er fráfarandi
fór hingað er vísað til þessara sömu
galla. Síðan hann kom hafa gallar
þessir lítið sem ekki ágerst, nema
hvað aukinn aldur hússins hefir í
för með sér. Og síðan hann setti
járnþakið á, haustið 1913 munu
þeir mjög lítið hafa ágerst, þarsem
járnþakið útilokaði allan leka;
en hann var mikill áður.
Álag gjörist Kr. = 295.00.

Álag verður þá alls:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Á baðstofu | Kr. | = | 38.00 |
| 2.3. – búr, eldhús og gang | — | = | 42.00 |
| 4. – fjós | — | = | 26.00 |
| | Flyt | | 106.00 |

| | | |
|---|---|---|
| | Flyt Kr. | = 106.00 |
| 5. Skemma | — | = 20.00 |
| 6. Lambhús | — | = 20.00 |
| 7. Hesthús sydra | — | = 8.50 |
| 8. Fjárhús sydra | — | = 33.00 |
| 9. Dto. ytra | — | = 27.00 |
| 10. Hesthús ytra | — | = 24.00 |
| 11. Framhús | — | = 295.00 |
| Álag alls | Kr. | = 533.50 |



Uppí þetta álagi virti:

Járnþakið á framhúsinu Kr. 163.20

Eftir af álaginu Kr. = 370.30

þessi álagsafgangur jafnast í millireikningi fráfaranda og viðtakanda.

Kvígildis er 30 að tölu — þar af 18 prestsmötu er og 12 jarðarkvígildis er — verða afhentar viðtakanda í fullgildu lagi í ~~fardögum~~ dag og er ekki óskað úttektar á þeim.



Fóru þau ekki fyrir [illegible] lagi fráfaranda og viðtakanda.

Fleira var ekki óskað bókað úttektinni viðkomandi; en þess skal getið, að fráfarandi hefir tilbúið sáðreit c. 120 □ faðma og sléttað c. 150 □ faðma og unnið meir að jarðabótum t.d. skurðagröft, og er þessa getið fráfaranda til sóma, en ekki þess vegna að hann heimti nokkra þóknun fyrir þær jarðabætur.

Úttekt upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson.

J. G. Jónsson

Steinn Stefánsson.

Jóhannes Friðbjarnarson

Jónmundur J. Halldórsson

Lambanesreykir.

Ár 1915, þann 5. júní var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Lambanesreykjum, ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu til að taka út jörðina, þegar Pétur Jónsson skilar henni og Sæmundur Kristjánsson, en Sigurjón Sigurðsson tekur hana til ábúðar. Viðtakandi var til staðar og fyrir hönd Péturs Jónssonar Jón bóndi Sigurðsson á Illugastöðum; en fyrir hönd Sæmundar Kristjánssonar enginn. Liggjandi jarðarinnar Sveinn hreppstjóri Arnason á Felli var og viðstaddur úttektina. Síðasta úttekt var til staðar og sýnis.

Úttektin fór svo fram eins og hér segir:

1. Baðstofa: Með sömu stærð og ummerkjum og lýst er í úttekt 30/5. 1908; Gallar á húsinu eru þeir sömu og voru í fyrra á því; engir nýir gallar hafa komið fram síðan í fyrra, en gallar þeir, sem nefndir voru þá hafa eðlilega ágerst ofurlítið og alt húsið fyrnst dálítið. Álag gjörist Kr. 14.00



2. Búr. Með sömu stærð og í nefndri úttekt. Gallar á húsinu eru þeir sömu og lýst er í fyrra; en hafa eðlilega ágerst einkum hvað norðurvegg og stafn á milli búrs og eldhúss snertir. Fúinn í suðausturhorni grindarinnar hefir aukist til muna; er nú laushoLts táin alveg grautfúin í sundur. Vesturstafn búrsins er moldrunninn að utan á suðurhorni. Álag gjörist Kr. = 30.00

3. Eldhús: Með sömu stærð og í nefndri úttekt. Gallar þeir sömu og lýst er í fyrra en hafa vitanlega ágerst þar sem ekkert hefir verið gjört við neinn þeirra. Álag gjörist Kr. = 19.00

4. Göng: Með sömu stærð og ummerkjum eins og lýst var í fyrra. Gallar eru þeir sömu og þá voru, en hafa ágerst eins og auðvitað er þar sem ekkert hefir verið að gjört. Álag gjörist Kr. = 20.00

16

5. Bæjardyr: Með sömu stærð og um-
merkjum og getið er um í úttekt
í fyrra. Hallar þeir sömu og þá er
lýst, en hafa þá aukist, því að ekkert
hefir verið gjört við þetta hús fremur
en önnur. Álag gjörist Kr. = 19.00
6. Kvígildis hús uppi á túni. Í fyrra lofaði
~~viðtak~~ fráfarandi að hafa til á þessu
vori fullgilt hús handa 12 ám; en
þar sem það hús er ekki til staðar, þá
er honum gjört skylt að svara Kr. =
12 í þess stað. Álag því Kr. = 12.00

Álag verður þá allt:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Á baðstofu | Kr. = 144.00 | |
| 2. — búr | — = 30.00 | |
| 3 — eldhús | — = 19.00 | |
| 4. — göng | — = 20.00 | |
| 5 — bæjardyr | — = 19.00 | |
| 6 — kvígildið | — = 12.00 | = Kr. 244.00 |

Eigandi tekur við öllu álaginu, en
viðtakandi engu; þá dregst frá
því það, sem kann að verða ~~uppfit~~ viðt
viðtakanda af búum fráfaranda.

Umboðsmaður fráfaranda ábyrgist 17
að kvígildisánum 12 að tölu verði
skilað í fullu lagi fyrir til viðtakanda 10 ~~Juni~~ þ. m.
Umboðsmaður fráfaranda og Guðm.
Davíðsson að ábyrgjast eiganda
jarðarinnar full skil á álaginu og ½
eftirgjaldinu fyrir s. l. fardaga ár í
sumar og þarf hann ekki að krefja
fráfaranda um það fé; er áðgangurinn að
þeim tveim nefndu mönnum um þessar
upphæðir.
Fleira var ekki óskað bókað.
Úttekt upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson.

J. G. Jónsson

Sigurjón Sigurðsson
Sveinn Árnason
Jón Sigurðsson

Ath.
Uppi fram annefnt álag hefir Sigurjón
viðtakandi keypt: 1. Fjárhús úti á
túni fyrir Kr. 35; 2. Skála fr. Kr. 25;
3. Skemmu fyrir Kr. 10; 4. Kofa innaf

18 búri fyrir Kr. 5.00 Samtals Kr. 75.00.
Guðm. Davíðsson
J. G. Jónsson

Háakot. 5. Júní 1916

Árið 1916, þann 5. Júní var hreppstjóri inn í Holtshreppi staddur á Háakoti ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu, til að taka út jörðina, meta álag og virða í álag, þegar Sigurður Kristjánsson skilar henni en Jón G. Jónsson á Tungu tekur á móti henni. Eigandi jarðarinnar er Jón á Tungu.

Úttektin fór svo fram eins og hér segir:

1. Baðstofa: 9 al. löng 5¼ al. breið; 10 stoðir 2 al. háar, 5 kálfasperrur með 3¼ al. kjálka, 2 albitar, 3 skammbitar; reisifjöl er á allri baðstofunni á risi og á mæni; 3 langbönd á hlið, auk áfellu; einlæg lausholt. 1, 4 rúðu gluggi og 2, 2 rúðugluggar eru á húsinu; baðstofan er 18 ára gömul. Hurð er á járnum við dyrastafi. Gallar á húsinu eru þessir: Lausholt er fúið undir 2

19
fremri gluggum og áfella þar líka; ennfremur er áfellan að austanverðu farin að fúna. Stoðir munu vera farnar að fúna að neðan, sérstaklega undir ~~austur~~ norður hlið. Reisifjöl er farin að fúna. Veggir eru stæðilegir og þak troðnað. Fráfarandi hefir sett eina stoð undir vesturhlið — þá næst syðstu og stoðargrenlu í norðausturhorn; alla gluggana hefir hann látið nýja í húsið og gjört þá breytingu á, að þar sem áður var 12 rúðugluggi er nú 4 rúðugluggi.
~~Álag gjörist Kr.~~ — Veggir að húsinu
~~3. Búr.~~ að utanverðu eru troðnaðir og moldrunnir, einkum undan gluggum og austurstafn og vesturstafn. 2 rúður vanta.
álag gjörist Kr. — 59.50

2. Búr. 4 × 4¾ al. fremur kálfasperrur, 2 albitar, 1 skammbiti 4 langbönd á hlið, 6 stoðir 2¼ – 2½ al háar; reisifjöl úr bátsbirðingi er á búrinu. Þil er í veggstað á milli búrs og eldhúss með skrálæstri hurð á járnum. 2 gluggar eru á húsinu 2 rúðu litlir og vantar 1 rúðu. Gólfbiti er undir þilinu, einlægur — um þvert húsið. Veggir eru góðir sérstaklega að innan, að utanverðu er byggt á gamlan stafn. Þak er sölbrunnið og traðið. ~~Álag gjörist Kr.~~ –

3. Eldhús: 4 × 4¾ al. Tvennar kálfasperrur,
súðþakið af langböndum á báðum hliðum
úr fornum viði. 1 álbiti, 1 skammbiti,
1 gluggi lítill, 3 stoðir og 1 dvergur á hlóða
hleðslu. Þil á milli eldhúss og gangna.
Hús þessi – búr og eldhús – eru í sinni
lengju og eru byggð fyrir 2 árum. Eru
húsin vel byggð og vel stæðileg að öðru
leyti en þökunum og er eldhúsþakið
í sama númeri og búrsþakið. Margt
er nýtt af viðum í húsum þessum t.d. er
þylið á milli húsanna úr nýjum þettings
~~um~~ borðum. Fúi finnst ekki í hinum
eldri viðunum, eða þá mjög lítill.
Álag á bæði húsin til samans Kr. = 9.00
4. ~~Eldh~~ Þess skal getið að húsin virðast miklu
betri en áður var, bæði hærri, rúmbetri
og bjartari.
4. Göng: 8 al × 1½ al. 4 al. af þeim innanverð=
um er áframhald af eldhúsinu og undir grind
í þeim hlutanum, 2 stoðir 2¼ al. háar,
biti, en af eldhússtafninum reft á
~~andspænis gangnaveggnum~~ bitanna. 1 gluggi lítill
er á þessum hluta hússins. Í fremri hlut=
anum er 1 áss, sem hvílir á dvergum á ~~nú~~
bita og bæjardyrasperrum, og af ásnum



súðreft á veggi. Göngin voru öll rifin
fyrir 2 árum og byggð upp af nýju og
hækkuð; raftar eru þó gamlir flestir og
veggirnir sömuleiðis; enda eru þeir
slæmir, sérstaklega norður veggur;
suður veggur er og sprunginn að framan.
Þak hrörnað. Álag gjörist Kr. = 3.00
5. Bæjardyr: 3(lehar) × 2 al. 2 sperrur
2 bitar, 4 stoðir 2 al. Langbönd eru á
sperrum og á refti yfir; þil er framanundir
með vindskeiðum og klinku og laku=
læstri hurð. Veggir eru fornir og mold=
runnir, einkum kamparnir beggja megin
dyraþylsins. Fráfarandi hefir ekkert
gjört við húsið síðan hann kom hingað.
Viðir farnir að feyskjast; þak lélegt.
Álag gjörist Kr. = 5.00
6. Kvígildishús: ½ hús neðan við
læk, eða pláss í því húsi fyrir 10 kindur.
Álag á jarðarhlutann Kr. = 5.00.
Álag verður þá alls:
1. á baðstofu Kr. = 59.50
2.-3. á búr og eldhús = 9.00
4. - Göng — = 3.00
5. - bæjardyr — = 5.00
6. - kvígildishús = 5.00 = Kr. 81.50.

Uppí þetta álag er virt:

1. ½ Kvígildis hús Kr. = 5.00
2. hesthús ——— = 8.00
3. Fjós ——— = 16.00
4. Fjárhús ytra ——— = 36.00
5. Skellihurð í göngum með dyra umbúnaði ——— = 1.00
6. 4 rúmstum gjarðir í baðstofu og þyljur allar ofan við og neðan við laus holt = 17.00
7. Skáli utan bæjardyra 12.00 = 95.00

Mismunurinn Kr. = 13.50 jafnast í millireikningi fráfaranda og viðtakanda. Kvígildis er 6 að tölu eru þegar afhent viðtakanda í gildu lagi. Fleira var ekki óskað bókað.

Úttekt upplesin og samþykt.

Guðm. Davíðsson

J. G. Jónsson

Sigurður Kristjánsson



## Lundur.

Árið 1916, þann 5. d. Júní mánaðar var hreppstjórinn í Halts hreppi staddur á Lundi, ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu, til að taka út jörðina, meta álag og virða í álag, þegar Bergur Jónsson fer frá henni, en Sigurður Kristjánsson tekur hana. Sigurður er einnig eigandi jarðarinnar. Fráfarandi er til staðar, einnig síðasta úttekt, 11. Júní 1914.

Úttektin fór svo fram eins og hér segir:

1. Baðstofa: 8 × 5½ al., 2 alb. 1 skammbiti. 5 kálfa sperrur; hurð á járnum við dyrastafi; 3 tveggja rúðu gluggar eru á húsinu. Stæðir eru 16. Gallar á húsinu eru þessir: Glugginn er talsvert orðin á húsinu ~~með~~ ~~an við~~ um miðju; 1 rúðu vantar, austurveggur er siginn inn og liggur á grindinni; annars eru veggir góðir, en þak bradið og trosnað. Álag gjörist Kr. = 35.00

2.–3. Búr og eldhús í einu lagi. Samastand og við úttekt 13. Júní 1905 er lýst. Fráfarandi hefir ekkert gjört við húsið, enda eru viðir farnir að ~~f~~ fúskjast og fúna, og

grindin að snarast. Allir eru viðir blautir og ljótir útlits; veggir eru ~~[illegible]~~ slappir, þak sömuleiðis. Álag gjörist Kr. = 35.00

4.–5. Göng og bæjardyr. Húsið er með sama sniði og lýst er í úttekt 1905. Rifið hefir verið ofanaf innri hluta gangnanna og settir í nýir viðir, en fremri hlutinn er fallinn að viðum einkum að norðurhlið. Veggir með gólfum og 6 konsum og þak traðnað til muna. Álag gjörist Kr. = 18.00

6. Kvígildishús. Í síðustu úttekt er fráfaranda gjört að skyldu að svara 14 kinda rúmi í fullgildu-lagi, þá er hann fer frá jörðinni og er honum talið til skuldar fyrir það Kr. = 14.00

Álag verður þá alls:

| | |
|---|---|
| 1. á baðstofu Kr. | = 35 |
| 2.–3. – búr og eldh. – | = 35 |
| 4.–5. – Göng og bæjard. – | = 18 |
| 6. Kvígildishús – | = 14 = Kr. 102.00 |

Uppí þetta álag er virt:

1. Þiljur, sem fráfarandi á í baðstofu Kr. = 14.00
(þar með 1 gólfbiti)
2. Fjós = 27.00

Flyt 41.00



| | | |
|---|---|---|
| | Flutt Kr. | = 41.00 |
| 3. Skáli | | = 14.00 |
| 4. Ystahús | | = 18.00 |
| 5. Miðhús | | = 24.00 |
| 6. Syðstahús | | = 15.00 |
| 7. Hesthús | | = 10.00 Kr. = 122.00 |

Mismunurinn Kr. = 20.00, jafnast í millireikningi fráfaranda og viðtakanda. Kvígildis ær 12 að tölu eru þegar afhentar ~~í gildu lagi~~ og eru teknar gildar af viðtakanda. Fleira var ekki óskað bókað og er úttektin upplesin og samþykt og þar með lokið.

Guðm. Davíðsson.
J G Jónsson
Sigurður Kristjánsson
Bergur Jónsson

## Hólar

Árið 1916, þann 13. d. Júním. var
hreppstjórinn í Halts-hreppi staddur
á Hólum til að taka út jörðina,
meta álag og virða í álag þegar
Bagi G. Jóhannesson skilar henni,
en hreppsnefnd Haltshrepps tekur hana
til ábúðar handa Bergi Jónssyni.
Hinn reglulegi úttektarmaður
J. G. Jónsson á Tungu var ekki
mættur, þrátt fyrir það, að honum
hafði verið gjört aðvart í tíma.
Setti því hreppstjóri Pál bónda
Arngrímsson á Hólakoti til að
vera við úttektina í stað hins
fjarverandi úttektarmanns.
Vegna eiganda – Böðvars málflutn=
ingsmanns Jónssonar á Akureyri
– var mættur Guðm. bóndi Ólafsson
á Stóra Holti. Hann tekur og að sér
að sjá um móttöku jarðarinnar
fyrir hönd oddvitans, sem ekki
gat verið við staddur úttektina.
Síðasta úttekt var til staðar og

sýnist. Úttektin fór svo fram 
eins og hér segir:

1. Baðstofa: Með sömu stærð og við
síðustu úttekt 10. Júní 1912. Fráfar=
andi hefir hlaðið suðurstafn, en annars
ekkert gjört við húsið, nema bætt þak
að einhverju leyti. Húsið er illa út=
lítandi hvað viði snertir, og eru
þeir þó ekki blautir; en farnir að
fúna mjög, og er það eðlilegt þar
sem húsið er orðið mjög gamalt.
5 rúður eru brotnar í gluggum.
Veggir eru slæmir nema suðurstafn
og er hann þó farinn að traðna að
innanverðu. Þak slæmt.
Álag gjörist Kr. = 90.00

2. Búr. Með sömu stærð og í nefndri
úttekt. Fráfarandi hefir ekkert gjört
við húsið að neinu leyti. Húsið má
heita fallið að viðum og veggir og
þak slæmt. Álag gjörist Kr. 20.00

3. Eldhús. Með sömu stærð og í nefndri
úttekt. Fráfarandi hefir hlaðið upp
veggpart, en annars hefir hann ekkert
gjört við húsið. Er það illa útlítandi
að flestu leyti. Álag gjörist Kr.: 13.00

4. Göng. Með sömu skoðun og í nefndri úttekt. Fráfarandi hefir rifið afanat göngunum og bætt í þau einhverju af smáröftum. Tróðið er illa útlít= andi að veggjum og viðum. Álag Kr. = 17.00

5. Bæjardyr. Með sömu skoðun og í nefndri úttekt og sömu ummerkjum. Fráfarandi hefir ekkert gjört við húsið, enda er það eins og önnur hús jarðarinnar illa út= lítandi ~~og~~ að viðum og veggjum. Kr. = 17.00
álag gjörist

6. Kvígildishús, eða fjárhús yfir 22 kindur. Það hefir verið svo að jörðin hefir átt part í fjárhúsi, en ábúandi part í sama húsi. En glöggast virðist að ábúandi sjái ætíð um fullgilt pláss fyrir þann kindafjölda sem jörðin á að eiga pláss yfir og verður svo metið hér. Ber fráfaranda þá að svara til — fjárhússins vegna — Kr. = 22.00.

Álag verður þá alls:

1. á baðstofu Kr. = 90.00
2. — búr — = 20.00

Flyt = 110.00



Flutt Kr. = 110.00
3. eldhús — = 13.00
4. á göng — = 17.00
5. á bæjardyr — = 17.00
6. — fjárhús — = 22.00

Samtals Kr. — = 179.00

Uppí þetta álag er virt:

1. Rúmsumgjörðir 3 í baðstofu og þiljur í kring uppí að lausholtum 8.00 Kr.
2. Millíþil í baðstofunni með hurð á járnum og þiljur ofan litla á norður= 8.00 stafni Kr. 1.00
3. Skellihurð á járnum í göngum = 26.00
4. Fjós fyrir 4 kýr = 17.00
5. Skemma skrálæst = 30.00
6. Hlaða = 25.00
7. Ytra fjárhús

Samtals Kr. = 115.00

Þar að auki kaupir umboðsmaður eiganda Syðra fjárhúsið af fráfar= anda fyrir Kr. 20.00. Hefir þá fráfarandi borgað als uppí álagið Kr. = 135.00.

Mismunur þess sem virt er uppí álag og álagsins sjálfs er Kr. = 44.00

og lofar fráfarandi að borga við=
takandi koi á þessu sumri.
Kvígildis ær 6 að tölu eru þegar af=
hentar og teknar gildar.
Fleira var ekki deskað bókað.
Úttekt upplesin og samþykkt.
Guðm. Davíðsson.
Páll Arngrímsson
Guðm. Ólafsson
Bogi G. Jóhannesson

## Gili

Árið 1915, þann 13. júní var hrepp=
stjórinn í Holtshreppi staddur á Gili,
til að taka út jörðina, þegar Arngrímur
Sveinsson skilar henni, en Sigurður
Arngrímsson tekur hana. Hinn
reglulegi úttektarmaður var ekki til
staðar og setti hreppstjóri Guðm. bónda
Ólafsson á Stóra Holti til að vera við
úttektina í hans stað. Vegna frá-

## Úttekt á Berghyl.

Árið 1915, þann 20. júlí, var hreppstjórinn
í Holtshreppi staddur á Berghyl, ásamt
úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu,
til að taka út jörðina, þegar Jóhann Bene=
diktsson skilar henni, en Stefán Bene=
diktsson tekur hana til ábúðar. Ástæðan
til þess, að svo seint er tekið út er sú, að frá=
farandi hefir verið á fiskiskipi og er nýkom=
inn heim úr verinu. Fráfarandi og við=
takandi voru báðir til staðar. Hreppstjóri
annast hag eiganda frú Margrétar Ólafsd. á
Ísafirði. Síðasta úttekt, frá 14. Maí 1913
var til staðar og sýnis. Úttektin fór svo
fram eins og hér segir:
1. Baðstofa. Með sömu stærð og í síðustu
úttekt. Ekkert hefir verið gjört við húsið,
að viðum síðan fráfarandi kom hingað,
en þakið hefir hann það og bygt að því
skjálveggi. Gallar eru helstir á húsinu
þeir, sem minst er á í nefndri úttekt v. l.
skekkja kálfanna og mislengd sperrukjálk=
anna. Stoð er sigin niður í norðaustur=
horni. Annars virðist húsinu lítið hafa
farið aftur. 2 rúður eru brotnar í. Nýja

hurð hefir fráfarandi sett fyrir baðstofuna.
Álag gjörist Kr. = 20.00

2. Búr: Með sömu stærð og í síðustu út-
tekt. Húsið er með sömu ummerkjum og
þá er talið: vesturstafn ómögulegur. Grindin
er ásnörud að mestu, nema stað í norðvestur
horni; hún er snörud fram í húsið. Þak er
bærilegt. Álag gjörist Kr. = 5.00

3. Eldhús: Með sömu stærð og ummerkjum
og í nefndri úttekt. Ekkert hefir verið gjört
við húsið. Húsið er alt skakt og bjagað og þarf
bráðlega að gjöra gagngjörða umbót á því.
Álag gjörist Kr. = 14.00

4. Bæjardyr. Með sömu stærð og ummerkjum
og við síðustu úttekt. Ekkert hefir verið
gjört við húsið, hvorki að veggjum né
viðum. Álag gjörist Kr. = 6.50.

5. Göng. Með sömu stærð og ummerkjum
og við síðustu úttekt. Viðir eru fúnir
meir og minna og má heita svo, að eng-
inn raftur sé nýtur nema ásinn.
Álag gjörist Kr. = 7.00

6. Fjós, yfir 3 kýr og 1 ungviði. Húsið er
með sömu stærð og við síðustu út-
tekt. Fráfarandi hefir byggt suður-
stafninn og gjört við aðra veggi svo, að
nú eru þeir allir vel stæðilegir. Brúnás
hefir hann sett undir raftana á austur-
hlið og 4 stoðir undir; sömuleiðis hefir
verið bætt 2 stoðum við undir mæni-
ás. Nýr brúnásparkur hefir verið settur
við vesturhlið að sunnanverðu. Mátter-
röftum nokkrum var og bætt í húsið.
Er húsið að öllu stæðilegt nú, jafnvel
þó vestari brúnás – gamli hlutinn –
sé farinn að fúna. Álag gjörist Kr. = 5.00

Álag verður þá alls:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. á baðstofu | Kr. | = | 20.00 | |
| 2. – búr | — | = | 5.00 | |
| 3. – eldhús | — | = | 14.00 | |
| 4. – bæjardyr | — | = | 6.50 | |
| 5. – göng | — | = | 7.00 | |
| 6. – fjós | — | = | 5.00 | = 57.50 |

Uppí þetta álag er virt:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Rúmsumgjarðir 4 í baðstofu, með þiljum | | | 8.00 |
| upp að lausholtum | Kr. | = | 16.00 |
| 2. Skáli | — | = | 1.00 |
| 3. Skellihurð í göngum | — | = | 1.00 |
| 4. Sakjarganqur | — | = | |
| | | Flutt = | 26.00 |

| | | Fellt Kr. = | 26.00 |
|---|---|---|---|
| 5. | Fjárhús ytra | ——— | 19.00 |
| 6. | Hesthús | ——— ÷ | 5.50 |
| | | Kr. = | 50.50 |

Fráfarandi og viðtakandi skiftu á milli sín öllu álaginu vegna þess, að viðtakandi hefir verið á hálflendunni í byggingu fráfaranda s.l. 2 ár; koma þá Kr. 28.75 á hlut. Af því sem uppí álagi varð á viðtakandi helminginn af öllu nema No. 6. Ber því fráfarandi búinn að borga uppí sinn álagshluta Kr. 28.– því að No 6 átti hann einsamall. Skuldar hann því viðtakanda Kr. 0.75, sem borgast í milli reikningi þeirra. Kvígildi – 6 að tölu – eru löngu afhent í gildu lagi.

Fleira kom ekki til bókunar. Úttektin upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson

J. G. Jónsson

Jóhann Benediktsson

Stefán Benediktsson



faranda var mættur Bragi G. Jóhannesson á Stóruþverá en vegna viðtakanda var mættur Hallgrímur Arngrímsson. Síðasta úttekt, frá 31. Maí 1900 var til staðar og sýnis.

Úttektin fór svo fram eins og hér segir:

1. Baðstofa: 7 × 5 al.; 8 staðir 2¼ al.; 2 albitar; 2 skammbitar, fernar sperrur með stuttum kálfa og 3 al. langar.; 5 langbönd á hlið auk áfellu og þjalviður yfir. 2 gluggar, tveggja rúðu eru á húsinu. Húsið er um 14 ára gamalt. Húsið er vel útlítandi að veggjum viðum og þaki, bjart og loftgott. Virðast viðir allir vera ófúnir nema þjalreftið, sem upphaflega var gamalt, þegar húsið var byggt, ~~enda er það gamalt~~.

Álag gjörist Kr. = 21.00

2.–3. Búr og eldhús undir sama risi. 7 × 4½ al. 5 sperrur, 8 staðir 5 langbönd á hlið í búrinu og reisifjöl yfir, en sí-reft með langböndum í eldhúsi. Þyl er á milli búrs og gangna og eldhúss og gangna í stafnastað; en reyndar eru

göngin engin sem sér stakt hús. Húsin eru 4 ára gömul og vel bygð ~~og~~ að öllu leyti og ófúin. Þylstafn og albiti á þylinu á milli skemmu og búrs gildir sem norðurstafn búrsins og til heyrir partur búrsins – nyrðra stafgálf – skemmu sem er utanvið húsið, ~~og~~ er hún eign fráfaranda. Álag Kr. = 4.00

4. Bæjardyr l. 2 x 1½ al. með þyli framan=undir og hurð á járnum, klinku og lokulæsi. Húsið er 4 ára gamalt og það, er það var bygt – nýtt að viðum og veggjum. Hús þetta er álagsfrýtt.

5. Fjárhús yfir 18 kindur.

6. Fjós yfir 4 kýr.
þessi tvö hús eru að öllu leyti á ábyrgð eiganda hálflendunnar Ólafs Sveinssonar og neitar fráfarandi að borga álag á þau.

Álag sem fráfaranda ber að borga, er þá alls:
1. á baðstofu Kr. = 21.00
2.–3. á búr og eldhús – = 4.00
Samtals Kr. = 25.00



Upp í þetta álag er virt:
1. rúmsumgjörðir 3 í baðstofu og allar þiljur innanum húsið á Kr. 20.00

Mismunur álagsins og þess, er virt er í álag Kr. = 5.00 jafnast í milli=reikningi fráfaranda og viðtakanda.

Kvígildis ær ~~9~~ 6 að tölu eru þegar afhentar og teknar gildar. Jörðunni eiga að fylgja 9 ær; en Ólafur Sveinsson hefir haft 3 undir sinni hendi og svarar til þeirra.

Fleira var ekki óskað bókað.

Úttekt upplesin og samþykt.

Guðm. Davíðsson

Guðm. Ólafsson

Hallgrímur Arngrímsson

Bogi G. Jóhannesson

Athugasemd:

Eigandi hálflendunnar Ólafur Sveinsson biður þess getið að úr jarðarhúsunum falli No 5, fjárhús, en í þess stað komi fjós yfir 3 kýr, og er því fjósið upp frá þessu jarðarhús.

Hraunum 27. Mars 1917
Guðm. Davíðsson

## Minnaholt.

Ár 1916, þann 19. Júní var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Minnaholti, til að taka útt jörðina, meta álag og virða í álag, ásamt hinum reglulega úttektarmanni hreppsins Jóni G. Jónssyni í Tungu, þegar dánarbú Jóns heit. Magnússonar skilar jörðinni en Jóakim Guðmundsson tekur hana. Viðtakandi var til staðar; vegna dánarbúsins var til staðar Guðbrandur Árnason á Saurbæ. Til eiganda Jóns Jóhannessonar í Siglufirði var símað um úttektina þann 16. þ.m. en hann var ekki til staðar. Síðasta úttekt var til staðar og sýnis.

Úttektin fór svo fram, eins og hér segir:

1. Baðstofa: Í sama formi og við síðustu úttekt 4. Maí 1908. Fráfarandi hefir sett staðir undir allt húsið, þar að auki hefir hann haldið við þaki; veggir eru stæðilegir; þó er suðurstafn maðd=runninn. 5 rúður eru brotnar í gluggum. Annars er húsið í heild sinni vel



útlítandi. Gallar á viðum finnast [til nokkurra muna] ekki. Álag gjörist Kr. = 46.00

2. Búr: Húsið er með sömu stærð og var í nefndri úttekt. Fráfarandi hefir rifið ofanaf húsinu og bætt í það viðum. Þó er húsið mjög illa útlítandi, viðir blautir og fúnir og má svo heita, að það sé alveg fallið að viðum; [nema austurveggur og stafinn] veggir eru stæðilegir, og þak bærilegt, en stafn fram í göngin er Glötur.
Álag gjörist: = 25.00

3. Eldhús: Með sömu stærð og var við nefnda úttekt. Fráfarandi hefir rifið ofanaf húsinu og hrest það vel við, enda er það mjög vel stæðilegt að veggjum og viðum; þó eru stafnar báðir snaraðir en harðir og settir.
Álag gjörist: Kr. = 12.00

4. Göng: Með sömu ummerkjum og í nefndri úttekt. Viðir í húsinu eru allir meir og minna fúnir og meiga heita ónýtir. Álag gjörist Kr. = 9.00

5. Bæjardyr. Með sömu stærð og í nefndri úttekt. ~~[illegible]~~ Húsið er vel stæðilegt og

ófúið að finna. Virðist húsinu ekkert hafa farið aftur, nema svo sem eðlilegt er fyrir aldurs sakir.
Álag gjörist Kr. = 3.00

6. Fjós, yfir 4 kýr. Fráfarandi hefir rifið ofan af húsinu og byggt það að mestu af nýju, hvað viði snertir, enda er það bærilegt að útliti og er þó farið að fúna nokkuð.
Álag gjörist Kr. = 12.00

7. Kvigildishús: Jörðin á pláss fyrir 10 kindur og er fráfaranda gjört skylt að svara fyrir það pláss Kr. = 15.00

Álag verður þá alls:

1. á baðstofu Kr. = 46.00
2. — búr — = 25.00
3. — eldhús — = 12.00
4. — göng — = 9.00
5. — bæjardyr — = 3.00
6. — fjós — = 12.00
7. — kvigildishús — = 15.00 = 122.00

Uppí þetta álag er virt:



1. Rúmstæði tvö í baðstofu og allar þiljur innanum baðstofu: milliþil, loft og gólf Kr. = 55.00
2. Skáli — = 14.00
3. Skellihurð — = 0.50
4. Stallur og skilrúm í fjósi = 1.00
5. Hesthús — = 7.00
6. Syðra fjárhús — = 30.00
7. Ytra fjárhús — = 30.00

Samtals Kr. = 137.50

Mismunurinn Kr. = 15.50, borgast fyrir 20. September til umboðsmanns fráfaranda.

Viðtakandi fer fram á, að fá borgun fyrir að þekja þrjú flög í túninu, sem rist var ofanaf á s.l. hausti og stungin upp til undirbúnings undir túnasléttu. Þar sem viðtakandi ekki hefir loforð fyrir jörðinni nema þetta ár telur hann sér að eins skaða að flögunum, jafnvel þótt ofanyfir þau yrði lagt í vor. Er það álit úttektarmanna, að eiganda beri að borga vinnu þá, sem af þakningunni leiðir, eftir reikningi

frá viðtakanda.
Annars hefir viðtakandi ekkert út á viðskilnað fráfaranda að setja. Kvígildis ær 9 að tölu eru þegar afhentar og teknar gildar af viðtakanda. Fleira var ekki óskað bókað Úttekt upp lesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson

J. G. Jónsson

Jóakim Guðmundsson (Hanhóli)

Guðbr. Árnason

## 1917. Hólar

Ár 1917, þann 11. d. ~~Júní~~ Maím. var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Hólum til að taka út jörðina, meta álag og virða í álag þegar hreppsnefnd Holtshrepps skilar henni úr ábúð Bergs sál. Jónss.



en Jón Sigurðsson tekur hana.
Úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu hafði verið gjört aðvart um úttektina, en hann mætti ekki. Í stað hans setti hreppstjóri Guðbrand bónda ~~Jóns~~ Árnason á Saurbæ til að vera við úttektina. Jóhannes oddviti Friðbjarnarson skilaði jörðinni fyrir hreppsnefndarinnar hönd, en viðtakandi var sjálfur til staðar.
Síðasta úttekt var til staðar og sýnis.
Úttektin fór svo fram eins og hér segir:
1. Baðstofa. Stærðin jöfn og var við úttekt 10. Júní 1912. Ekkert hefir verið gjört við húsið, enda verið mannlaust síðan í haust sem leið, eða snemma vetrar. Er húsið að öllu óskaðlegt fyrir fyrnsku og vanhirðingu. Einn gluggi hefir algjört verið tekinn á burtu úr húsinu; einn gluggi er

alveg niðurlaus og ~~búið~~ ein niðar stór
– heil plata – brotin.
álag gjörist Kr. = 100.oo

2. Búr: Sama ástand og var í nefndri út=
tekt. Húsinu hefir farið talsvert
aftur síðan í fyrra. T.d. hefir lítið
fallið niður og hvar staðir horfið
á burtu; sperrur hanga inn við
stafn og langbönd lafa inn.
álag gjörist Kr. = 28.oo

3. Eldhús: Með sömu ástand og verið hefir
Húsinu hefir lítið farið aftur síðan
í fyrra; ekkert hefir þó verið gjört
við það. álag gjörist Kr. = 18.oo

4. Göng: Með sömu ástand og verið hefir.
Ekkert hefir verið gjört við húsið. Er
það illa útlítandi að öllu leyti.
álag gjörist: Kr. = 20.oo

5. Bæjardyr: Með sömu ástand og verið
hefir. Húsið er mjög lélegt. álag = 20.oo

6. Kvígildishús. Verðhússins 26.50



álag verður þá alls:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. á baðstofu | Kr. | = | 100.oo |
| 2. – búr | — | = | 28.oo |
| 3. – eldhús | — | = | 18.oo |
| 4. – göng | — | = | 20.oo |
| 5. – bæjardyr | — | = | 20.oo |
| 6. Kvígildishús | — | = | 26.50 |
| Samtals | Kr. | = | 212.50 |

Uppí þetta álag er virt:

| | |
|---|---|
| 1. Rúmsungjörðir 2 í baðstofu og allar fylgjur ásamt millibyli | Kr. = 20.oo |
| 2. Skellihurð í göngum (í Hólakoti) | 1.oo |
| 3. Fjós, fyrir 4 kýr | 26.oo |
| 4. Skemma | 17.oo |
| 5. Hlaða | 30.oo |
| 6. Spítnarusl úr fjárhúsi | 16.50 |
| Samtals Kr. = | 110.50 |

Mismunurinn Kr. = 102.oo borgast
viðtakanda af hreppnum.
Við þetta bætist þóknun fyrir
að bera á tún Kr. – 16.oo. En ef
ekkja Bergs heitins annast sjálf um

þetta verk, þá fellur liðurinn
niður af sjálfu sér.
Kvígildisær, 6 að tölu eru í fóðri
á Sléttu og verða afhentar þaðan
í gildu lagi í fardögum.
Fleira kom ekki til bókunar.
Úttektin lesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson.
Jón Sigurðsson
Gunnbrandur Einarsson
Jóh. Friðbjarnarson



## Móafell.

Ár 1917, þ. 8. júní var hreppstjórinn
í Holtshreppi staddur á Móafelli, ásamt
úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu
til að taka út jörðina, meta álag og
virða í álag, þegar Jón Gunnlaugsson
skilar henni en Sigurjón Jónsson tekur
hana til ábúðar. Fráfarandi var til
staðar en viðtakandi ekki; en vegna
hans var Anton bóndi Jónsson á Deplum
viðstaddur úttektina. Síðasta út=
tekt frá 6. júní 1898 var til staðar og
sýnist. Úttektin fór svo fram eins og
hér segir:
1. Baðstofa 11½ al × 5½ al; 14 staðir 2 al., 7
sperrur með alinar kálfa; sperrukjálki 3¼ al.;
3 albitar; 4 skammbitar; 4 langbönd á
hlið auk áfellu; reisifjöl úr plöttum borð=
um er í 9½ al. hússins; 2, 4 rúðu gluggar
og 1, 2 rúðu gluggi er á húsinu; einlag
eru laushalt, gluggtrog við hvern glugga=
og borðaflettingar yfir kálfum, hurð á járnum við dyrastafi.
Húsið er 8 ára gamalt og stæðilegt að veggjum
nema norðurstafn; hann er moldrunninn
og etinn; sömuleiðis eru smágallar á

veggjunum; þak er tröðnað. Staðir undir austurhlið eru farnar að fúna; nýlega voru settar 3 staðir undir vesturhlið; en áður en það var gjört var húsið farið að siga um miðjuna og er sá galli vel sýnilegur ennþá. Lausholt eru mjög farin að fúna. 5 rúður eru sprungnar í gluggum. Jörðunni tilheyrir 8½ al. af lengd hússins og er þylstafn við suðurenda hússins, sem tilheyrir jörðunni í stað torfstafns, sem áður var.

Álag á jarðarhlutann 8½ al. Kr. = 60.00

2-3. Búr og eldhús undir sama risi og þylstafn á milli með skrálæstri hurð á járnum. Húsið er 13 al. innan veggja × 4½ al. með 14 stöðum 2½ al; ein staðin er á dvergstað við hlöðir; 4 og 5 langbönd á hlið og smárefti yfir; 7 sperrur; 5 albitar; 1, 2 rúðu gluggi stór er á hálfstafni, sem er við norðanvert búrið. Húsin eru 5 ára gömul og vel standandi að viðum, veggjum og þaki. Fúi finst enginn í grind hússins en árefti á búri er gamalt og feyskið.

Álag gjörist Kr. = 30.00



4. Bæjardyr: 7½ × 3½ al. Sunnan við húsið er þyl með sperrum, bita og stöðum, í stað veggjar og geta því þess vegna talist farnar sperrur; 8 staðir; samansett lausholt í endilöngu húsinu á norðurhlið; en að sunnan að eins í fremsta partinum. Risraftar mynda mæninn á móti baðstofudyrum. Bæjardyraþyl framanundir með hurð á járnum og klinku og loku. Allur þessi þjalviður úr heilum borðum. Veggir hússins eru stæðilegir og þak borilegt. Viður er ófúinn en farinn að feyskjast; er þó húsið 22 ára gamalt. Álag gjörist Kr. = 25.00

Þess skal getið, að gangur frá bæjardyrum til eldhúss tilheyrir eldhúsinu.

Álag verður þá als:

| | | | |
|---|---|---|---|
| á baðstofu | Kr. | = | 60.00 |
| – búr og eldhús | – | = | 30.00 |
| – bæjardyr | – | = | 25.00 |
| Samtals | Kr. | = | 115.00 |

Uppí þetta álag er virt:

1. 5 rúms umgjörðir í baðstofu með þyljum öllum uppað lausholtum, þyli fyrir norðurstafni og milliþyli í húsinu Kr. = 60.00

Flutt Kr. = 50.00
2. Viðir í baðstofupartinum, sem fráfarandi á = 10.00
3. Skáli sunnan bæjardyra með grind og innanþyljum öllum, að fráskildu loftinu, (sem eru lausar fjalir) = 50.00
4. Forskyggni fyrir bæjardyrum og standþylsfjalir í bæjardyrunum = 5.00
Samtals Kr. = 115.00

þess utan voru þessi hús virt í tonder viðtakanda:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Fjós Kr. = 50.00 | = | 50.00 |
| 2. Efstahús á Gerðum | = | 100.00 |
| 3. Ytra hús — | = | 50.00 |
| 4. Syðra hús — | = | 25.00 |

Samtals Kr. = 225.00

9 ær fylgja í kvígildi og eru þegar afhentar í gildu lagi.
Fleira kom ekki til bókunar.
Úttekt upplesin og samþykkt.
Guðm. Davíðsson J. G. Jónsson
Anton Jónsson Þeplum



## Bakki.

Árið 1918, þann 22. Maí, var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Bakka ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónss. á Tungu, til þess að taka út jörðina meta álag og virða í álag þegar Guðm. Jóhannesson flytur af jörðunni, en Sigurður Gunnlaugsson tekur hana. Viðtakandi var sjálfur til staðar, en vegna fráfaranda var viðstaddur úttektina Jóhannes Oddur Friðbjarnarson á Hólum. Vegna eiganda jarðarinnar var viðstaddur Guðm. Ólafsson á Stóra-Holti. Úttektin fór svo fram eins og hér segir:

1. Baðstofa: 5 x 4 al. þrennar sperrur, 1 bita, 2 skammbitar, 6 staðir 1¾ al háar, einlag laushæl, 2 og 3 langbönd á hlið með reisifjala refluin yfir. Skurð á járnum við dyrastafi; 2 einnar rúðu gluggar eru á húsinu. Gallar eru margir og miklir á húsinu og má telja, að það liggi við falli þá og þegar. Veggir eru víða maltrunnir og skið úr þeim, einkum vesturveggur og norð urstafn ofanverður.

Göt eru á báðum gluggunum. Fúi
er nokkur í afhliðum og á reftinu.
álag gjörist Kr. = 60.00

2. Búr 4×3 al. þrennar sperrur, 2 bitar,
6 stafir 2 al., 2 gluggaborur eru á húsinu.
Reisifjöl er á öllu húsinu. Fráfarandi hefir
byggt húsið og lítur það vel út að öðru en því
að langband undir annari gluggaborunni
er fúið. álag gjörist Kr. = 5.00

3. Eldhús: 4×3, tvennar sperrur og 2 og 3
langbönd á hlið stafir 3; er dvergstað í einu
horni við hlóðir. Húsið er nokkuð slæ-
legt. Álag gjörist Kr. = 12.00

4. Fjós fyrir 2 kýr. Húsið má teljast
fallið. Menn þó meiga nota eitthvað af
viðunum áftur. Veggir borilegir þak ónýt
Kr. = 25.00
álag gjörist

5. Göng: 6½ al.×1½ al. þvernefi. Fúi er
talsverður í rafthúðunum. Veggir stæði-
legir, þak lélegt. Álag gjörist Kr. = 12.00

6. Bæjardyr: 3½×1½ al. Tvennar sperru-
myndir eru í húsinu og standa ynnri sperr-
urnar á trékubbum í veggjum en aðrar
á stöðum við dyraþyl. Hurð á járn-
um er fyrir húsinu. Húsið er mjög



óstæðilegt og þarf að rífast og endur-
byggjast sem allra fyrst. Álag Kr. = 8.00

Álag verður þá alls:

1. á baðstofu Kr. = 60.00
2. — búr — = 5.00
3. — eldhús — = 12.00
4. — fjós — = 25.00
5. — göng — = 12.00
6. — bæjardyr — = 8.00 = 122.00

Uppí þetta álag er virt:

1. Rúmsum gjarðir 2 í baðstofu og þyljur, hyllur og lítið borð, allt í baðstofu Kr. = 10.00
2. Tvær skellihurðir í göngum — = 4.00
3. Bekkur í búri — = 1.00
4. Grind í fjósi og stampurogrenna 2.00
5. Skemma — = 20.00
6. Syðra fjárhús — = 18.00
7. Ytra fjárhús — = 12.00

Samtals Kr. 67.00

Mismun álagsins og þess, sem virt er
uppí álagið Kr. = 55.00 tekur umboðsmaður
fráfarandi að sér að borga viðtakanda.
Kvígildir er 6 að tölu eru teknar svo
sem fullgildar frá fráfaranda.

Fleira var ekki óskað bókað.
Úttektin upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson.
J. G. Jónsson.
Guðm. Ólafsson   Jóh. Friðbjarnarson
Sig. Gunnlaugsson

## Hvammur.

Árið 1918, þann 22. Mai var hreppstjórinn í Hálshreppi staddur á Hvammi, ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu til þess að taka út jörðina, þegar Sigurður Gunnlaugsson fer frá henni og Bergur ~~Jóns~~ Arngrímsson tekur hana. Fráfarandi og viðtakandi voru báðir til staðar. Síðasta úttekt var ekki til staðar.

Úttektin fór fram eins og hér segir:

1. Baðstofa 9 × 5 al. 5 kálfasperrur, 1 albiti, 4 skammbitar, 10 stoðir, $1\frac{3}{4}$–2 al hár, 3 langbönd á hlið auk áfellu og þéttrept yfir. Hálfstafn úr timbri er að sunnan á húsinu og á stór 4 rúðugluggi; annar 4 rúðugluggi stór er á vesturhlið. Gallar á húsinu eru helst þeir, að það er farið að glidna í norður-



enda og um miðju. Hefir glidnun þessi ágerst mest á þessu ári og mun að nokkru hafa orsakast af því að allviði í norðurenda hefir verið tekinn burtu. Ein stoð er sigin undir austurhlið. Fráfarandi hefir tekið suðurstafninn úr baðstofunni og gjört upp að nýju upp fyrir lausholt úr torfi og þar fyrir ofan úr timbri og sett áðurnefndan stóran glugga á hann. Veggir eru stæðilegir og þak bærilegt.

Álag gjörist Kr. = 60.00

2. Búr $4\frac{1}{4}$ × 3 al; 3 sperrur, 2 albitar, einlæg lausholt; 6 stoðir $2\frac{1}{4}$ al; 3–5 langbönd á hlið og fjalrefti og smárefti yfir; 1 tveggja rúðu gluggi fylgir húsinu. Húsið er byggt vorið 1917 og er að öllu vel stæðilegt. 1 rúðu vantar.

Álag gjörist Kr. = 4.00

3. Eldhús: 4 × 3 al; 2 stoðir. ~~Mjög~~ Litlir viðir eru í húsinu; austurveggur er slæmur; annars er húsið stæðilegt.

Álag gjörist Kr. = 10.00

4. Göng og bæjardyr: 8 × 2 al. þver og langrept að innanverðu, en sperrubyggt framan til. Hurð er á járnum við dyra-

skafi og því framanundir: Húsið er fremur illa til reika, einkum fremri hlutinn, bæði að veggjum og viðum.
Álag gjörist Kr. = 18.00

Álag verður þá als:

| | | |
|---|---|---|
| 1. á baðstofu | Kr. = 60.00 | |
| 2. — búr | = 4.00 | |
| 3. — eldhús | = 10.00 | |
| 4. — Göng og bæjardyr | = 18.00 | = Kr. 92.00 |

Uppí þetta álag er virt:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Skemma | Kr. = 20.00 | |
| 2. Fjárhús | — = 26.50 | |
| 3. Hesthús | — = 8.00 | |
| 4. Fjós | — = 25.00 | |
| 5. Í baðstofu | — = 15.00 | = Kr. 94.50 |

Mismunurinn Kr. = 2.50 jafnast í millireikningi fráfaranda og viðtakanda.
Kvígildin eru vönduð afhent og tekin gild af viðtakanda.
Fráfarandi óskar þess getið, að hann hafi sléttað í túninu c. 470 metra, líta úttektarmenn á sléttu þessa og telja það álit sitt ljóst, að hún sé vönduð og vel frá henni



gengið eftir öllu leyti.
Fleira kom ekki til álita eða rákunar.

Úttekt upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson
J. G. Jónsson Sig. Gunnlaugsson
[illegible] Arngrímsson

Ár 1916, þann 12. júní var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Sléttu, ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu, til þess að taka út jörðina, meta álag og vinda í álag, þegar Pétur Jónsson skilar henni en Einar Eyjólfsson tekur hana til ábúðar. Fráfarandi og viðtakandi voru báðir til staðar; umboðsmaður eiganda Böðvars Bjarkans á Akureyri, Guðmundur Ólafsson á Stóra=Holti, var viðstaddur úttektina, og sömuleiðis

Jóhannes oddviti Friðbjarnarson sem skilandi til Péturs árið 1915 en þá úttektarlaust.

Úttektin sú hin síðasta, frá 26. Maí 1913 var til staðar og sýnir.

Fór svo úttektin fram eins og hér segir:

1. Baðstofa: 11 × 5½ al.; í 6 stafgólfum; 7 sperrur; 14 staðir 2 al. háar; einlæg lausholt; alleitar 2; skammbitar 5; 10 og 11 langbönd á hlið, en ekkert árefti yfir; 3, 4 rúðugluggar eru á húsinu; hurð er á járnum við dyrastafi. Ekkert hefir verið gjört við húsið síðan síðasta úttekt fór fram, nema norðurstafn var rifinn úr því og hlaðinn upp aftur. Gallar á húsinu eru þessir helztir: Staðir undir vesturhlið eru farnar að fúna og ein stoð grautfúin á milli glugga. Að öðru leyti virðist ekki grind hússins vera fúin að mun. 2 rúður vanta, Efri hluti norðurstafns er siginn út og gliðnaður frá þaki. Annars eru allir veggir



moldrunnir og ljótir að utan og sömuleiðis þak. Gluggkús eru farin að fúna. Álag gjörist Kr. = 76.00

2. Búr: 6 × 3½ al.; 8 staðir; fernar kálfasperrur; 2 alleitar. Langbönd og fjalrefti yfir í fremri hlutanum, en reisifjöl á langböndum í innri hlutanum. Nú er 6 rúðu gluggi á suðurstafni og tilheyrir hann húsinu. Jóhannes Friðbjarnarson reif stafn á milli búrs og gangna og setti þyl í staðinn; lengdist húsið við það um eina alin. Gallar á húsinu eru þessir: Grind hússins er öll missigin, einkum að austanverðu, enda er það skeytt lausholt og staðir misháar. Viðir eru flestir fornir en lítt fúnir; veggir eru blautir og fremur óásjálegir að innan, en að utan moldrunnir – það sem af þeim sést – og þak moldrunnið og brunnið og má heita ónýtt. Álag gjörist Kr. = 12.00

3. Eldhús: 7 × 3½ al. þrennar sperrur, 6 staðir, 3 alleitar; refti af sperrum á suðurstafn; einlæg lausholt; hurð á járnum, við

skafi. Gallar á húsinu eru þessir:
Grind hússins er snörúð til suð austurs;
laushalt að vestanverðu er tvíbrotið
fyrir það að miðstoð hefir sigið niður.
Stafn á milli fjóss og eldhúss má heita
fallinn; sömuleiðis veggur á milli
búrs og eldhúss — eldhúss megin.
Yfirleitt er húsið mjög slæmt að sjá
og er það von, þar sem ekkert hefir
verið gjört við það síðan við síðustu
úttekt. Þak er ónýtt. Álag gjörist Kr. = 23.50

4. Göng: 8½ × 1¼ al. Insti hluti gangn-
anna er þvertreftur; miðhlutinn er
sperrubygður — áframhald af búrinu;
er þar þilstafn á móti norðri — hálf-
stafn — og stór gluggi á, sem fráþar-
andi á; fremsti hlutinn er þvertreftur.
Gallar á húsinu eru þessir: insti hlut-
inn og fremsti hlutinn er fúinn að við-
um og veggir blautir. Miðhlutinn
er bærilegur og veggur þar — gagn-
vart búrinu stæðilegur.
Álag gjörist Kr. = 8.00



5. Bæjardyr: 5½ × 3½ al. 3 sperrur; 6
stafir, 2¾ al. háar; einlæg laushalt;
3 bitar, 4 og 5 langbönd á hlið og árefti
yfir víðast. Þil með klinku og loku-
lastri hurð er framanundir húsinu.
Jóhannes Friðbjarnarson reif ofanaf
húsinu og rétti það. Má það nú
heita ósnarað að mestu. Gallar á
húsinu eru þessir: Viðir fornir og
eru langbönd sumstaðar farin að
fúna; norður veggur sprunginn og
óstæðilegur. Veggur á milli bæjardyra
og eldhúss nakkuð moldrunninn;
þak má heita ónýtt. Álag Kr. = 18.50

6. Fjós: Húsið tekur 5 kýr og vetrung;
einhalafjós; 6 sperrur, 12 stafir, 5 albitar,
1 skammbiti; 8 langbönd á hlið til jafn-
aðar; hurð á járnum er á milli fjóss og
eldhúss og fylgir fjósinu. Ekkert hefir
verið gjört við húsið síðan síðast var
tekið út, enda er það ákaflega illa
stæðilegt orðið að viðum og veggjum
og ekki viðunandi, að hafa í því kýr.

þak er ónýtt og sér út um það víðar en á einum stað. Álag sjávarist Kr. = 55.00

Þess má geta viðvíkjandi fjósinu, að í því eru nú að eins 3 albitar en 2 skammbitar.

Álag verður þá als:

| | | |
|---|---|---|
| Á Baðstofu | Kr. = 76.00 | |
| — búr | — = 12.00 | |
| — eldhús | — = 23.50 | |
| — göng | — = 8.00 | |
| — bæjardyr | — = 18.50 | |
| — fjós | — = 55.00 | = 193.00 |

Uppí þetta álag er virt:

1. þyljur í baðstofuhúsi með 4 rúmstæð=um og gólfi og þyli á milli húsanna og frambaðstofu Kr. = 55.00
2. þyljur í frambaðstofu, bekkur undir glugga og gluggtrog = 4.00
3. Gluggi – 4 rúður – á norðurstafni ganganna — — — 3.00
4. Búrkofi utan bæjardyra — 16.00

Feyst = 78.00



Fluttkr. = 78.00

5. Syðra fjárhús með tréstkúsi = 115.00
6. Ytra fjárhús — = 40.00
7. Skemma framm í á hlaði — = 30.00

Samtals = 263.00

Af álagsupphæðinni allri ber Jóhannesi að borga 2/5 hluta = Kr. 77.20, en Pétri Jónssyni 3/5 — = 115.80

Samtals Kr. = 193.00

Af upphæð þeirri, sem Jóhannes tók við uppí álag 1913 ber honum Kr. = 42.00 en Pétri Kr. = 63.00, eftir sömu hlutföllum sem áður eru nefnd.

Skuldar þá Jóhannes af álaginu Kr. = 35.20, en Pétur 52.80.

Í virtum húsum átti Jóhannes sér= staklega Kr. = 123.00, en Pétur 35.00

Á þá Jóhannes til góða Kr. = 87.80 og ~~en~~ Pétur skuldar Kr. = 17.80.

þær Kr. = 17.80, sem Pétur skuldar, tekur Jóhannes að sér að borga af inneign sinni. Á hann því ekki til góða nema Kr. = 70.00 og tekur umboðsmaður eiganda að sér að borga honum þessar krónur eftir samkomulagi.
Kúgildisárin, 12 að tölu er óskilað og teknar gildar af viðtakanda.
Fleira kom ekki til umtals, er óskað yrði bókað.

Úttektin upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson
J. G. Jónsson
Einar Eyjólfsson
Jóh. Friðbjörnsson Pétur Jónsson
Guðm. Ólafsson



## Stórabrekka.

Árið 1918, þann 18. júní, var hreppstjórinn í Haltshreppi staddur á Stórubrekku ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu, til þess að taka út jörðina, meta álag og virða í álag, þegar Páll Bj. Skram skilar helmingi hennar í hendur Sigríði Hannesdóttur. Fráfarandi og viðtakandi voru báðir til staðar. Síðasta úttekt frá 20. Maí 1912 var til staðar og sýnis.

Fór svo úttektin fram eins og hér segir:

1. Baðstofa: 11 × 5 3/4 al.; 2 albitar, 5 skammbitar; 10 staðir 2/3 al.; 4 og 5 langbönd á hlið auk mænirróðu; árefti þétt úr gömlum smávið. 3, 4 rúðugluggar fylgja húsinu og eru glugggrög við alla gluggana. Hurð á járnum við dyrastafi.
Gallar á húsinu eru þessir:
Húsið er mjög mikið snarað orðið til austurs og norðurs (nokkuð). Staðir munu vera orðnar meir og minna fúnar og lausholt sömuleiðis, sérstaklega undir gluggunum. Glugggrög og gluggakarmar er og farið að fúna. Rúður eru nokkrar brotnar og ber meira á því í syðri gluggunum tveimur.

gluggi á austurhlið í ~~norður~~ suður enda er
oflítill í gluggakarminn og þarf lreystingar. Vesturveggur er klofinn og þak
bronað til muna, einkum við suður-
stafn. Alt er húsið fornfálegt orðið, skakt
og skælt og virðist vera lítt byggilegt, sér-
staklega suðurendinn. Álag gjörist Kr. = 180.00

2. Búr: þar sem Páll Skram er eigandi
allrar jarðar innar og heldur áfram að
búa á hálflendunni og hefir einsamall
þetta hús áfram, virðist eigi þurfa að
meta álag á það.

3. Eldhús: 5 × 4½ al.; 3 kálfasperrur; 6 stoðir; 3
albitar; einlæg laushalt; 2 og 3 langbönd á hlið
með árefti yfir. ~~[illegible]~~
Páll hefir ekkert gjört við húsið og hefir
því þessvegna hrakað mikið, viðir fúnað
og veggir sömuleiðis. Þak er lítt nýtt.
álag gjörist Kr. = 65.00

4. Göng 8 × 1½ al.; 5 smásperrur eru í öllum
göngunum, innað baðstofustafni og reft á
milli þeirra með langböndum og smáreft.
Í baðstofustafninum er þverreft. Húsið
er óásjálegt mjög að viðum og veggjum, sér-



staklega suður kampur sá, er fram í bæjar-
dyrnar veit. þak ónýtt. Álag gjörist Kr. = 35.00

5. Bæjardyr: 6½ × 3¾ al.; 3 sperrur með
stuttum kálfa; einlæg laushalt; 6 stoðir, 2½
al.; 2 albitar. 5-7 langbönd á hlið og árefti
yfir á einstaka stað; af innstu sperrum
reft á vegg. Þyl er framanundir úr heilum
borðum fornum. Hurð lokulæst á járnum
er í þylinu. Fráfarandi hefir ekkert gjört
við húsið nema bætt röftum nokkrum
í þak á norðurhlið, sem inn datt nýlega.
Gallar á húsinu eru þessir helstir: Laus-
holt bæði brotin og öll af sér gengin.
Ýmsir fleiri viðir eru fúnir; norðurvegg-
ur er blautur og moldrunninn — virðist
vera sprunginn. Þak er ónýtt. 65.00
álag gjörist Kr. =

6. Fjós: 8 × 5 al. — lukhalafjós — með bláss-
um. 4 sperrur; 3 stoðir ~~[illegible]~~ norður ~~[illegible]~~hlið,
og 4 undir suður ~~[illegible]~~ hlið; 5 og 6 langbönd á
hlið og árefti yfir 2 hurðir fylgdu fjósinu
en nú 3 — sú 3. fyrir úti dyrum rang-
hala. Fjósið er fremur stæðilegt að öðru
en því, að lúkahöfuð er fúið í norðausturs-
horninu og slappið af laushaltinu og sperran

sigur á því. Leikur liturinn þar lausum hala. Þarf þetta bráðrar aðgerðar, því að annars er hætt við, að húsið glidni alt þeim megin. Farnir eru viðir að feyskj- ast til muna í húsinu. Veggir eru skæð- legir að húsinu og sömuleiðis að lækjar= ganginum, en þök eru slæm. Álag gjörist Kr. = 65.00

7. Kúgildishús: Jörðin á 20 kinda pláss í norðurenda efra fjárhúss; en það hús tekur als um 45 kindur. Hús þetta er bærilegt að viðum og veggjum; en það er farið að snarast og eru staðir tæpt staddar með undirstöðu víða hvar. Álag gjörist Kr. = 35.00

álag á þetta hús fellur burtu því að viðtak= andi tekur ekki á móti nokkru kúgildi.

Álag verður þá alls:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. á baðstofu | Kr. | = | 180.00 |
| 2. — búr | — | = | " " |
| 3. — eldhús | — | = | 65.00 |
| 4. — göng | — | = | 35.00 |
| 5. — bæjardyr | — | = | 65.00 |
| 6. — fjós | — | = | 65.00 |
| ~~7. — Kúgildishús~~ | ~~—~~ | ~~=~~ | ~~35.00~~ |
| | | = | 4[illegible]5.00 |

þar sem fráfarandi notar að hálfu hús þau, sem á er lagt, þarf hann



ekki að borga viðtakanda álagið nema að hálfu leyti eða Kr. = 202.50.

Uppí þetta álag er virt:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Rúmsumgjörðir 2 í frambaðstofu ásamt öllum þiljum, að undanteknu milliþili með áföstum skáp | Kr. = | 14.00 |
| 2. Pappi í frambaðstofu | — = | 2.00 |
| 3. Búrkofi með bekkjum og diskagrind | — = | 13.50 |
| 4. Skemma, sunnan við skálann | — = | 20.00 |
| 5. Fjárhús uppi á túni (neðra hús) | — | 80.00 |
| Samtals | Kr. — | 129.50 |

Eftirstöðvar álagsins Kr. = 73.00, borgast í millireikningi fráfaranda og við= takanda.

Viðtakandi tekur ekki á móti neinum kúgildisám og ber því enga ábyrgð á þeim. !

Viðtakandi áskilur sér rétt til að byggja nýtt hús til íveru í sambandi við nú= verandi bæ, ef hann ekki treystist til að laga baðstofuna svo, að byggileg verði.

Að öðru leyti er ekkert athuga= vert við afhendingu hálflendu

þessarar.

Úttekt upplesin og samþykt.

Guðm. Davíðsson

J. Jónsson

Páll B. Sekram

Sigríður Hannesdóttir

— n —

## Bakki.

Ár 1919, þann 26. Maí, var hrepp=
stjórinn í Holtshreppi staddur á
Bakka, ásamt úttektarmanni
Jóni G. Jónssyni á Tungu til þess
að taka út jörðina, virða álag og
meta í álag, þegar Sigurður Gunn=
laugsson skilar henni en Björn
Jónsson tekur við henni. Fráfar=
andi og viðtakandi báðir til
staðar. Síðasta úttekt til staðar
og sýnis. Holtshreppur er nú



talinn eigandi þessarar jarðar,
og hafði oddviti hreppsins verið
gjört aðvart um úttektina, en
hann var þó eigi mættur.
Úttektin fór svo fram eins og
hér segir:

1. Baðstofa: Húsið er með sömu
stærð og við síðustu úttekt og
~~hefir ek~~ 22. Maí 1918. Fráfarandi
hefir sett staðir undir suðurhlið
við stafn, úr góðum viði. Að
öðru leyti situr húsið við það
sama. Raki er enginn í því nú
vegna þess að eldavél hefir verið
í því síðan í fyrra.
Álag gjörist Kr. = 4.00
2. Búr, með sömu stærð og í nefndri
úttekt. Fráfarandi hefir þakið
húsið, en ekkert gjört við það að
öðru leyti. Álag gjörist Kr. = 7.00
3. Eldhús, með sömu stærð og í nefndri
úttekt. Ekkert hefir verið gjört
við húsið, enda er það með svipuðum

ummerkjum og var í fyrra. Álag Kr.= 13.00

4. Fjós. Með sömu stærð og í nokkru lakari úttekt. Fráfarandi hefir rifið ofanaf annari hlið hússins og bætt í hana 2 nýjum röftum. Að öðru leyti er ekkert við hús=ið gjört, enda er austurhlið svo að segja fallin að viðum og óumflýjanlegt að rífa ofan af þeirri hlið strax á þessu vori. — Álag gjörist Kr.= 28.00

5. Göng. Með sömu stærð og við síðustu úttekt. Viðir allir fúnir og ónýtir.
Álag gjörist Kr.= 15.00

6. Bæjardyr: Með sömu stærð og við síðustu úttekt. Fráfarandi hefir rifið ofanaf húsinu og hækkað veggi að því til muna. Og þótt húsið sé samt að við=um og var í fyrra, þá er það miklu skaðlegra en það var við síðustu útt.
Álag gjörist Kr.= 8.00

Álag verður þá alls

1. Á baðstofu Kr.= 64.00
2. á búr — = 7.00

Flyt 71.00



Flutt Kr.= 71.00

3. Eldhús — = 13.00
4. Fjós — = 28.00
5. Göng — = 15.00
6. Bæjardyr — = 8.00

Samtals Kr.= 135.00

Uppí þetta álag er virt:

1. Þiljur í baðstofu, rúmstæði, lítið borð og pappi uppyfir baðstofuna á Kr. 20.00
2. Tvær skellihurðir á 2.00 = 4.00
3. Bekkur í búri — 1.00
4. Skilrúm í fjósi, stampur og renna = 2.00
5. Skemma sunnan bæjardyra = 20.00
6. Syðra fjárhús — = 18.00
7. Ytra fjárhús — = 12.00

Samtals Kr.: 77.00

Mismunur þess, sem virt er uppí álag og álagsins er Kr. = 58.00 og borgast í millireikningi frá=farandi og viðtakanda.

Kvígildis ær, 6 að tölu afhendast viðtakanda í gildu lagi í fardögum.

Fleira var ekki óskað bókað.
Úttekt upplesin og samþykkt.
Guðm. Davíðsson.
J. G. Jónsson
Björn Jónsson
Sigurður Gunnlaugsson



Samningur.

Gjörður á Stórubrekku 3. Júní 1919, að viðstöddum hreppstjóranum í Haltshreppi og úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu.

Kristján Bjarnason, sem flytur á jörðina í næstu fardögum, sem ábúandi og eigandi hennar og Sigríður Hannesdóttir, sem búið hefir á hálflendunni síðan í fardögum í fyrra (1918) gjöra með sér svofeldan samning, að Kristján fær alla jörðina til ábúðar frá n. k. fardögum, en Sigríður Hannesdóttir flytur af henni á þessu vori gegn þessu:

1. Að hún fái 600 króna skaðabætur fyrir að standa upp af jörðinni og borgast sú upphæð samstundis af Kristjáni Bjarnasyni.
2. Hún fer álagsfrí af jörðunni, að öðru leyti en því, að hún

skilur eftir, Kristjáni til eignar, öll hús, sem hún tók við uppí álag í fyrra.

3. Einn kofa á jörðunni hefir Sigríður endurbætt til muna og kaupir Kristján þá endurbót fyrir Kr. = 25.00.

Það skal tekið fram, að af framangreindum 500 krónum borgar Páll B. Skram — fyrverandi eigandi jarðarinnar og fráfarandi á annari hálflendunni — Kr. = 500.00

Páll B. Skram
Kristján Björnsson
Sigríður Hannesdóttir

Vottar að samningsgjörðinni og eginhandar undirskriftum:
Guðm. Davíðsson
J. S. Jónsson



## Minnaholt.

Árið 1919, þann 5. júní var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Minnaholti, ásamt úttektarmanni Jóni S. Jónssyni á Tungu, til þess að taka út jörðina meta álag og vinda í álag þegar Jóakim Guðmundsson skilar henni, en Björn Teitsson tekur við henni. Fráfarandi og viðtakandi voru báðir til staðar. Eiganda hafði verið gjört aðvart um úttektina með símtali frá hreppstjóra 1. þ. m.. Hann var þó ekki til staðar. Síðasta úttekt var til staðar og sýnist. Úttektin fór svo fram eins og hér segir:

1. Baðstofa: Meðsömu stærð og getið er um í síðustu úttekt 19. júní 1915. Fráfarandi hefir ekkert gjört við húsið í þessi 3 ár, sem hann er búinn að vera á jörðunni. Gallar eru þessir: Gluggakysturnar eru farnar að fúna og þott við, að lausholt sé farið að fúna undir gluggakystunum. Stoð í norðausturhorni er farin að fúna.

– Annars er óvíða hægt að komast að
grind hússins fyrir þiljum. 4
rúðu gluggi er í frambaðstofu og er
~~brotinn~~ gluggapóstarnir (sprossur);
3 rúður eru brotnar í baðstofu=
húsi. Veggir og þak er bærilegt, þó er
suður~~veggur~~ gafl moldrunninn.
Álag gjörist Kr. = 61.00

2. Búr. Með sömu stærð og í nefndri
úttekt. Fráfarandi hefir rifið ofanaf
húsinu fyrir 2 árum og byggt það að
nýju, að mestu úr nýjum viðum hvað
grindina snertir, þó eru sumar stoðir
og tvennar sperrur úr gömlum við,
en ófúnum þó. Veggir eru bærilegir
og þak, og húsið vel stæðilegt. Einn
einnar rúðu gluggi er á húsinu. Hurð er
á járnum við dyrastafi skrálæst.
Álag gjörist Kr. = 9.00

3. Eldhús: Með sömu stærð og í nefndri
úttekt. Ekkert hefir fráfarandi gjört
við húsið. Það er þó vel stæðilegt að
veggjum og viðum. Stafnar eru þó
snaraðir eins og um er talað í nefndri
úttekt. Þak er bærilegt – þó brunnið
á mæninum. Álag gjörist Kr. = 15.00



4. Göng. Með sömu ummerkjum og
við síðustu úttekt. Fráfarandi
hefir rifið ofanaf fremri hluta
gangnanna og reft þau upp af nýju,
enda er sá hluti gangnanna vel
stæðilegur; þar á móti er innri hluti
(austari hluti) gangnanna fallinn
að viðum og er óumflýjanlegt að
taka ofanaf þeim hluta á þessu vori.
Veggir gangnanna eru ljótir og snar=
aðir inn í þau. Álag gjörist Kr.: 10.00

5. Bæjardyr: Með sömu ummerkjum
og í nefndri úttekt. Húsið er vel
stæðilegt og virðist því ekkert hafa
farið aftur síðan 1916, nema hvað
viðir hafa eðlilega fyrnst. Veggir
eru ljótir og snaraðir. Álag Kr.: 12.00

6. Fjós, yfir 4 kýr. Fráfarandi hefir rifið
ofanaf nokkrum hluta hússins og
bætt í það nýjum röftum. Húsið
er vel stæðilegt að veggjum og
viðum, enda má heita rakalaust.
Útigangur fylgir fjósinu og er hann
sömuleiðis stæðilegur en þó farið

76 að finna viðir í honum.
álag gjörist Kr. = 18.00
7. Kvígildishús. Svo sem fyrir 10 kinda pláss (í fjárhúsi), sem jörðin á svarar fráfarandi Kr. = 16:00

Álag verður þá alls:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Á baðstofu | Kr. | = | 61.00 |
| 2. — búr | — | = | 9.00 |
| 3. — eldhús | — | = | 15:00 |
| 4. — göng | — | = | 10.00 |
| 5. — bæjardyr | — | = | 12.00 |
| 6. — fjós | — | = | 18.00 |
| 7. — kvígildishús | — | = | 16:00 |
| Samtals | | = | 140.00 |

Uppí þetta álag er virt:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Rúmsumgjörðir 2 í baðstofuhúsi ásamt með þyljum öllum, lofti og gólfi og hurð | Kr. | = | 60.00 |
| 2. Skáli, sunnan bæjardyra | — | = | 25:00 |
| 3. Fjárhús sydra | — | = | 40.00 |
| 4. Hesthús | — | = | 16:00 |
| 5. Skellihurð | — | = | 0.50 |
| 6. Skilrúm og jötur í fjósi og 1 niðurband, renna og skófla | | = | 5:00 |



Samtals Kr. = 145.50

Mismunurinn Kr. = 5:50 jafnast í millireikningi fráfaranda og viðtakanda.
Kvígildis er 9 að tölu verða afhent ar í gildu lagi í fardögum.
Fleira var ekki óskað bókað og er þá úttektargjörðinni lokið.
Úttekt upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson.
J. G. Jónsson Jóakim Guðmundsson
Björn Teitsson

## Hólakot

Árið 1920, þ. 31. Maí, var hrepp=
stjórinn í Holtshreppi staddur á
Hólakoti, ásamt úttektarmanni
Jóni G. Jónssyni á Tungu til þess, að
taka út jörðina, ~~þegar~~ meta álag
og virða í álag, þegar Páll Arngrímsson
fer frá henni en Gunnlaugur Sigurðs
son fer að búa á henni. Fráfarandi
og viðtakandi voru báðir til staðar
Vegna eiganda Einars hreppstjóra
Jónssonar á Brimnesi var mættur
Jón bóndi Sigurðsson á Hálum.
Síðasta úttekt var til staðar
og sýnis.
Úttektin fór svo fram eins og
hér segir:
1. Baðstofa. 6 + 4½ al, 8 staðir 1½ al.
á hæð, 4 kálfasperrur, með 3 al. kjálka,
2 álbitar, 4 skammbitar, einlægt
laushalt, 1, 4 rúðugluggi og 1, 2 rúðu
gluggi eru á baðstofunni, ennfrem=
ur hurð á járnum við dyrastafi.
þéttreft er með langböndum í ~~stafni~~
sperrur.



Húsið er 8 ára gamalt, ~~Gallar
á húsinu virðast ekki~~ en það, að
miklu leyti byggt úr gömlum viðum.
Að veggjum til, byggði fráfarandi
suðurstafninn nýjan, þegar hann
reif ofanaf húsinu og lagaði það til.
Gallar á húsinu virðast ekki vera
stórvægilegir, hvað viði snertir; að
innan eru veggir stæðilegir það sem
til þeirra sést, en að utan eru þeir
moldrunnir til muna og stafnar
skaraðir frá grindinni. Álag = 50. oo
2. Búr 4½ + 3¼ al. 6 staðir, 2¾ al háar.
þrennar sperrur, 2 álbitar. Annað laushalt
einlægt en annað skeytt. 6 langbönd
á hlið og reisifjöl yfir í öllu húsinu.
1 gluggi er á suðurstafni, með 1 stórri
rúðu. Húsið er 4 ára gamalt.
Gallar á húsinu eru helstir þeir, að
reisifjöl í norðurhlutanum er fúin
og áel er hún farin að feyskjast. Fúa=
vottur finst í sumum stöðum að
neðan.
Húsið hefir tekið miklum breyt=
ingum til bóta - bæði stækkað
og byggingarlagi breytt. Og þegar

tekið er tillit til þessa þá er
álag metið Kr. = 10.00

3. Eldhús: Hið forna eldhús er horfið
og þess staður sést ekki framar. Í
stað eldhússins lætur fráfarandi
hús norðan ~~komm~~ megin á hlaði.
Húsið er 4 × 3 3/4 al; 6 stoðir 2 al
þrennar sperrur með stuttum kálfa,
1 albiti, 1 skammbiti; 5 og 6 lang-
bönd á hlið. Einn gluggi er á þakinu
á vesturhlið. Húsið er 12 ára gam-
alt. Viðir eru farnir að feyskjast
og veggir farnir að moldrenna nokk-
uð. Húsið er breiðara en hið horfn-
a eldhús átti að vera, hærra og í
öllu leyti reisulegra en áður var
álag gjörist Kr. = 5.00

4. Göng 8 al. × 1 1/2 al. þverreft og
Veggir moldrunnir á pörtum.
Þess skal getið að göngin voru
áður að eins 6 al. en bæjardyr
2 al. en fráfarandi hefir lengt
göngin um bæjardyralengdina
og byggt hús framan undir.
Hurð er á járnum fremst í göngun-



um og kemur hún í stað útidyra-
hurðarinnar, sem áður var. Álag = 15.00

5. Bæjardyr.
Þess er áður getið að bæjardyrnar
eru horfnar inní göngin og verður
því ekki lagt á lag á þær sérstak-
lega.

6. Kúgildishús.
Fráfarandi hefir lengt hús þetta um
ca. 1/3 hluta. Þar sem það er mjög
óþægilegt að meta álag á nokkurn hluta
húss en nokkurn ekki, þá verður
það að samkomulagi að fráfarandi
svari 50 kr. fyrir fullgilt kúgildis-
hús, en honum sé svo aftur á móti
reiknað til tekna viðurinn í öllu
húsinu fyrir 60 kr.
Fyrir 12 kindahús Kr. = 50.00

Álag verður þá alls:

1. Á baðstofu Kr. = 50.00
2. — búr — – = 10.00
3. — eldhús — – = 5.00
4. — göng — – = 15.00
5. — kúgildishús – = 50.00

Samtals Kr. = 130.00

Uppí þetta álag er virt:
1. Viður í fjárhúsi syðri á túni Kr. = 60.–
2. Allur fjalviður innanvið baðstofuna og 2 rúmstæði umgjörð í baðstofunni, - í þylskafni að norðanverðu eru 2 skápar og fylgja þeir með í kaupunum — = 90.–

Samtals Kr. = 150.oo

Mismunurinn Kr. = 20.oo jafnast í millireikningi fráfaranda og viðtakanda.

Kúgildis er 6 að tölu afhendast viðtakanda í gildu lagi í fardögum.

Ath. þess skal getið, að hurin er hurðarlaust frá jarðarinnar hálfu, og kaupir viðtakandi hurð þá, sem nú er fyrir húsinu (hurinu) ásamt með dyraumbúningi og skrá fyrir Kr. = 10.oo

Auk framan ritaðs kaupir viðtakandi af fráfaranda:

1 þylþur og skápa í hurinu fr. Kr. = 10.oo
2. Fjós — = 35.oo
45.oo



| | | |
|---|---|---|
| 3. Skála | fr. Kr. = | 130.oo |
| 4. Fjárhús | — — = | 110.oo |
| 5. Hesthús | — — = | 10.oo |
| Hand anað | = | 55.oo |
| | Samtals Kr. = | 305.oo |

Hér við bætast Kr. = 20.oo, sem var mismunur álags og þess, er uppí álag var virt.

Viðtakandi skuldar því ~~fráf~~ fráfaranda Kr. = 325.oo.

Fleira kom ekki til bókunar. Útektar gjörðin upplesin og samþykt.

Guðm. Davíðsson.
J. G. Jónsson
Páll Arngrímsson
Gunnlaugur Sigurðsson
Jón Sigurðsson

## Sambanessreykir.

Árið 1920, þann 3. Júní, var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Sambanessreykjum, ásamt úttektarmanni Jóni S. Jónssyni á Tungu til þess að taka út jörðina, þegar Hermann Jónsson tekur hana, en Teódór Arnbjarnarson, eigandi jarðarinnar, hættir þar búskap.

Viðtakandi var til staðar, en hvorki fráfarandi — hann er í Danmörku — né umboðsmaður hans — Þorsteinn Þorstson í Vík.

Síðasta úttekt var ekki tilstaðar-enda gjördist þess ekki þörf, þar sem hvorttveggja er, að álag verður ekki metið, enda húsaskipun mjög frábreytt því sem áður var.

Úttektin fór svo fram, eins og hér segir.

1. Hús sunnan útidyra 6 al 10 þuml. á lengd og 4 16/24 al. á breidd innan þylja. Fernar sperrur með la 3 al bjálka



2 albitar, 4 skammbitar. Langbönd á sperrum. Torfstafn er að austan og torfveggur að sunnan, en þil á milli þessa húss og húss № 2. þilstafn fram á hlaðið — í vestur — er tvöfaldur með 1, 4-rúðugluggaog eru neðri rúður helmingi stærri en þær efri. Neðaná skammbita er slegið skífum og eins innaná austurstafn og suðurvegg og ~~þar~~ innanaz [alt húsið] er aftur negldur [einöldur] og pappi. Hurð ólæst, á járnum er við dyrastafi á milli № 1. og 2. Gat fyrir ofnpípu er uppúr loftinu í austur enda og alla leið uppúr þakinu. Gólf er í öllu húsinu úr 1 þuml. ~~skífum~~ borðum 8 þuml. breiðum. þak er á húsinu úr torfi.

Gallar á húsinu eru þessir sýnilegir:

3 staðir á milli № 1 og 2 eru signar niður og laushaltið þaraflleiðandi farið að svigna mikið niður á við.

Er sund á milli № 1 og 2 og mjó járn

renna í; en þrátt fyrir það mun vera sífeldur leki niður í gegnum suðið og veldur þetta fúa í stöðunum, lausholti og gólfi. Það að auki er pappinn á norðurhlið= inni allur gúlpaður og rifinn, og sömuleiðis neðaná loftinu. Rúðurnar báðar í syðri glugganum eru brotnar.

Grindin í húsinu er mjög gömul — var áður skáli. Ekki sést neinsstaðar til grindarinnar, en hún virðist vera dágóð alstaðar annarsstaðar en á norðurhlið — og er því lýst áður.

2. <u>Hús</u> <u>innfrá útidyrahurð</u>.

Hús þetta er norðanvið No 1 og er einfalt þil á milli. Lausholt og stoðir í sunnanverðu þessu húsi tilheyrir <u>því</u> húsi. Að öðru leyti er húsið sperrubygt og hólfað í sundur í eldhús, búr og útidyragang með einföldum panelskif= um". Eldhúsið er líka þiljað með panel á sperrur og austurstafn, neðan bita. Þrír eru albitar ca. 4 al. langir, fernar sperrur. 3 rúðu gluggi er á framþili og 3 rúðugluggi á norðurhlið þaki.



Klinkulæst hurð er á járnum í fram= þili og önnur hurð á járnum í milli eldhúss og gangs; þriðja hurðin er á járn= um á milli eldhúss og búrs". Tjörupappi er innaná framstafni í eldhúsi og gangi.

~~Gallar á húsum~~ Gólf er í eldhúsinu.

Gallar á húsinu eru þessir sýnilegir: Stoðir farnar að fúna undir norðurhlið; langbönd öll og árefti meir og minna fúið. Þakgluggi grautfúinn, gólf mjög lélegt. Útiþil vindrifið og fornt. Bil er á milli vindskeita og þaks og er það til óprýði, ills og bölvunar.

3. <u>Göng</u>, austur úr No 2 – búri, 7½ x 1½ al. sperrubygð; stoðir eru undir fremstu sperrunum. Gallar: Húsið má heita fallið að veggjum og viðum. Þess skal getið að opnar dyr eru suður úr göng= unum suður úr bænum.

4. Hús, <u>austur úr göngum</u>. Hús þetta var áður búr. Húsið er 4 x 2¾ al. Og má heita fallið að viðum; veggir moldrunnir og blautir.

5. <u>Hús</u> <u>norður</u> <u>úr</u> <u>göngum</u> 12 x 4 al. í 5 stafgólfum. Það snýr austur og

") <u>Í búrinu</u> <u>er</u> naglfast <u>borð</u>.

vestur og er stafn hladinn í það þvert.
Austari hlutinn er gamla eldhúsið en
fremri hlutinn – vestari – hefir verið mat-
aður fyrir hesthús. Er sá hlutinn fallinn
að nokkru – þeir fúnir – brotnir og
bramlaðir, en innri hlutinn er stæði-
legur, en svartur og sótugur. 1 einnar
rúðu gluggi er á húsinu á vesturstafni, og
hurð á járnum við dyrastafi.
6 __Fjós__, norður úr eldhúsinu gamla.
8 × 4 al. 6 flórstaðir og 10 veggja=
staðir undir tveimur mæniásum
þétt reft með máttar röftum ofan á ás-
um á brúnása. Skilrúm á milli
bása og jötustakkar. Gallar:
Viðir eru meir og minna blautir og
fúnir – sumar staðir bráð ónýtar o.s.frv.
Veggir einnig blautir og moldrunnir.
7. __Skemma__ 4 × 2½ al. 2 albitar, 6 staðir,
þrennar sperrur. Hurð á járnum við
dyrastafi. Gallar: Húsið er fornt en stæði-
legt. Viðir farnir að feyskjast til muna.
8. __Fjárhús__ uppi á túni yfir ca. 56 kindur.
Tveir mæniásar auknir. Veggjastað-


ir eru engar því að allir raftar liggja
á veggjum. 14 eiga garðastaðir að
vera, en 3 vanta alveg. Engir garðastokkar
~~Húsið er~~ eða garðabönd. Hurð er við
dyrastafi. Húsið er mjög ljótt útlits,
blautt og óþrifalegt. Raftar víða farnir að
fúna og óumflýjanlegt að taka ofan af
því og gjöra við það til muna.
9. __Fjárhús__ úti á túni yfir ca. 40 kindur.
2 mæniásar, 10 garðastaðir eiga að
vera en vantar eina. Brúnásar
auknir; annar brotinn; annar mæni=
ásinn er líka brotinn. Raftar meir
og minna feysknir og fúnir – margir
þeirra. Tvær hurðir eru á húsinu,
önnur að vestan og önnur að ~~austan~~
sunnan. Óumflýjanlegt að rífa ofan af
húsinu og gjöra við það.
Þess skal getið, að allar tóttir eru
óhreinsaðar og hús sömuleiðis, svo í
nokkuru lagi sé og er það álit úttektar-
manna, að viðtakandi geti ekki, sér að
skaðlausu unnið það verk fyrir minna
en 150 krónur – og sé ekkert
ofhaldinn af þeirri upphæð.

Ábúið vantar á túnið að nakkurum hluta, en þar sem snjór er enn á miklum hluta túnsins er ekki hægt að svo komnu að segja um hve miklu fé það fall muni nema.

Viðtakandi tekur ekki við neinum kúgildis ám.

Fleira kom ekki til bókunar.

Úttekt upplesin og samþykkt.

Ath. Nedra fjárhúsi fylgja 4 grindur og fáein laus sprek.

Guðm. Davíðsson

J. G. Jónsson

Hermann Jónsson

Virðing á húsum á Lambanes=reykjum, framkvæmd 3. Júní 1920 af hreppstjóra Haltshrepps og lögleyfum úttektar og virðingarmanni, sam=kvæmt ósk umboðsmanns eiganda -Teódórs Arnbjarnarsonar- þorsteins hreppstjóra þorsteinss. á Vík:



| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús No 1. | = | 300.00 Kr. |
| 2 | — 2 | = | 110.00 — |
| 3 | Göng | = | 5.00 — |
| 4. | Búr | = | 8.00 — |
| 5. | Eldhús og hesthús | = | 35.00 — |
| 6. | Fjós | = | 30.00 — |
| 7. | Skemma | = | 15.00 — |
| 8. | Fjárhús efra | = | 45.00 — |
| 9. | Dto. nedra | = | 35.00 — |
| | Samtals | = | 583.00 |

Guðm. Davíðsson

J. G. Jónsson

Ath. Ábúið vantaði á hálft túnið ca. 9 dagsláttur og þessutan var ekkert tað til á jörðunni á ~~mo~~ ofan hluta þessara dagslátta. Það faller því metið Kr. 180, eða 20 kr. á dagsláttu hverja.

Guðm. Davíðsson

## Bakki.

Árið 1920, þann 5. Júní, var hreppstjórinn í Hálshreppi staddur á Bakka, ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu til þess að taka út jörðina, meta álag og virða í álag, þegar Björn Jónsson fer frá henni, en Hallgrímur Arngrímsson tekur hana til ábúðar. Viðtakandi var til staðar. Fráfarandi er á skipi, en konu hans hafði verið gjört aðvart um úttektina; ~~mæt~~ var hún þó ekki mætt og enginn fyrir hennar hönd. Í stað eiganda, sem ~~var~~ er Hálshreppur, var mættur oddviti Jóhannes Friðbjarnarson.

Með Jóni G. Jónssyni úttektarmanni kom Guðm. Bóndi Bergsson á Þrasastöðum og setti hreppstjóri hann til að vera við úttektina fyrir hönd fráfaranda til þess að sjá um, að úttektin færi löglega fram.

Úttektin fór fram eins og hér



segir:

1. Baðstofa. Með sömu stærð og lýst er í úttekt 22. Maí 1918.

Lýsing hússins er í fáum orðum sú, að það er að öllu leyti óstæðilegt og má heita fallið. Viðir eru meir og minna feysknir og fúnir; sérstaklega má nefna, að sperrutá við baðstofudyr er grautfúin og sloppin af lausholti. Baðstofuhurð vantar alveg ásamt dyrastöfum.¹)

Álag gjörist Kr. = 75.00

2. Búr: Með sömu stærð og í nefndri úttekt. Húsið er með sömu ummerkjum og lýst er í úttekt 26. Maí 1919, að öðru leyti en því, að undirgrind er talsvert snöruð orðin og fúi hefir ágerst í lausholti og neðsta langbandi að vestanverðu. Veggir eru dálítið moldrunnir, einkum vesturveggur. Þak bærilegt. Álag Kr. = 10.00

3. Eldhús: Með sömu stærð og í úttekt 22. Maí 1919. Ekkert hefir verið gjört við húsið. Stoð er ~~hlóðfiss~~ Siggin

¹) Í stað baðstofuhurðar er innri gangnahurð tekin.

undir Lita í suðvesturhorni og
hallast grindin þeim megin niður
í hornið. Veggir eru mjög óalitlegir
með einlægum skápum og skonsum.
Þak er lélegt. Álag gjörist = 17.oo
4. Göng: Með sömu stærð og í útt.
1918. Fráfarandi hefir rifið ofanaf
húsinu og reft að nýju með gömlum
viðum - úr fjósi, sem hann
reif. En hvorttveggja að viðir eru
ljótir og fúnir og hitt að frágang-
ur byggingarinnar er óvandvirknis-
legur. Álag gjörist = 10.oo
5. Bæjardyr: Með sömu stærð og í
úttekt 1918. Ekkert hefir verið
gjört við húsið. Álag gjörist = 10.oo
6. Fjós: Með sömu stærð og í útt.
1918. Fráfarandi hefir rifið ofan-
af húsinu og byggt að nýju. Eru
margir viðir gátir(?). Gallar á húsinu
eru þessir: Ás er boginn um miðju,
vegna þess, að öðrumvegar(?) hvílir
hann á stafni og hefir endinn sigið
niður. Laustak eru mjög gömul,



enda er þegar komin bratalóm(?)
á annað laustaktið. Stað við fjósdyr
er fúin. Þrír raftar að suðvestan-
verðu eru fúnir. Hurð er fyrir húsinu
á járnum við dyrastaf.
Álag gjörist = 10.oo.

Álag verður þá alls:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. á baðstofu | Kr. | = 75.oo | | |
| 2. — búr | — | = 10.oo | | |
| 3. — eldhús | — | = 17.oo | | |
| 4. — göng | — | = 10.— | | |
| 5. — bæjardyr | — | = 10.— | | |
| 6. — Fjós | — | = 10.— | = | 132.oo |

Þar sem fráfarandi er ekki til
staðar virðist ekki ástæða til
að vinda neitt uppi álag. Við-
takandi vill kaupa það sem frá-
farandi á, á jörðunni ef þeim
semur um verð á því, og komi
það uppí álagið, ef af kaupunum
verður. Annars ábyrgist odd-
viti fyrir hreppsins hönd að við-
takandi fái álagið greitt.
Sömuleiðis sér hann við takanda

fyrir 6 kúgildisám í fullu
lagi fyrir 12. þ. m.
Talsvert vantar af áburði á tún-
ið, og verði fráfarandi ekki búinn
að koma áburði á túnið fyrir
12. þ. m. þá er honum gjört að
skyldu að greiða viðtakanda
20 krónur fyrir vanfallið.
Ennfremur heimtar viðtakandi
að hreins un og nýrra tatta sé lokið fyrir
áður nefndan tíma.
Fleira kom ekki til bókunar.
Úttektargjörð upplesin og samþykt
Guðm. Daviðsson
J. G. Jónsson Jóhannes Friðbj.
Guðm Bergsson
Hallgrímur Arngrímsson



## Úttekt á Reykjarhóli.

Árið 1921., þann 9. d. Maím. var hrepp=
stjórinn í Holtshreppi staddur á Reykjar=
hóli til þess, ásamt með úttektarmanni
Jóni G. Jónassyni á Tungu, að taka út jörðina
meta álag og virða í álag, þegar Silvía
Sveinsdóttir skilar jörðunni en Guðbjörn
Jónsson og Sveinn Jónasson, synir hennar, taka hana
Fráfarandi og viðtakendur voru allir til
staðar. Hreppstjóri sér um hag eiganda
jarðarinnar.
Úttektin fór svo fram eins og hér
greinir:
1. Baðstofa. 10¼ + 6 al. innan veggja, í
5 stafgólfum, 12 stoðir, 2 al; 2 allbitar, við
stafna, 5 skammbitar; laus hólf eru lásuð
saman. 5 rúðugja niðnaglugga fylgja húsinu.
Hurð er á hjörum við dyrastafi. Húsið
er byggt fyrir 5 árum. Var þá öll undirgrind-
in ný, en yfirgrindin að mestu úr gömlum
við. Þar sem húsið er allt þiljað, í hólf og
gólf, er eigi hægt að skoða skemdir í
grindinni, þótt einhverjar væru. Suður=
stafn er jafngamall húsinu en hallast
það – til norðurs. Norðurstafn er forn og er

mjög snaraður til norðurs. Þak er trosn-
að og sparkað sundur; rúður í gluggum
eru meir og minna sprungnar og glugga-
grindur farnar að fúna. Álag gjörist = 50.00

2. Búr. 4½ × 4½ al., 3 sperrur, 6 stafir, 2¼ al.
háar, 2 albitar, 4 langbönd á hlið og smá-
refti yfir. Lausholt einlæg. Hálfstafn úr
timbri er að vestanverðu, en alstafn á milli
búrs og eldhúss úr torfi. Húsið var fyrir
endurbótum fyrir 3 árum, rifið ofanaf
því, bætt í það nýjum lausholtum grönn-
um og öðrum líkanum og 1 stoð að útvest=
an verðu. Einum lítið glugga hefir
verið bætt í húsið á suðurhlið. Veggir eru
gamlir en stæðilegir; þak er trosnað.
Gömlu viðirnir eru farnir að feyskjast
til muna og farið að kenna fúa í sperru-
tám og stafaendum.
Álag gjörist Kr. = 15.00

3. Eldhús 4½ × 6 al., í 2 stafgólfum; 3 sperrur
3 albitar, 6 stafir, 3 al. háar; 3 langbönd í
hlið auk mænitróðu; einlæg lausholt;
smárefti yfir langböndum. Stafrar á
húsinu eru helstir að bil er á milli
grindarinnar og veggs á milli eldhúss
og fjóss. Veggir hærðir. Þak moldrunnið
og trosnað. Álag gjörist Kr. = 9.50



4. Göng og bæjardyr.

Tens þetta er nú í ólíku öðru sniði en áður
var. Var rifið ofanaf báðum húsunum
fyrir 4 árum, hlaðinn upp suðurveggur
framanfrá úti dyrunum og nokkuð inn=
fyrir ~~bæjar~~ eldhúss dyr — gangnamegin;
en búr og eldhúss megin er veggurinn
sá sami; þó hefir innri kampur við
eldhúss dyr verið hlaðinn í gegn. Allt er
húsið um 16 al. langt, 1½ al breitt að innan
verðu en líðugar 2 al. að framan. Þyl með
klinku og lokulæstri hurð á járnum er
fyrir húsinu fram á hlaðið og lítið þyl-
Húsið er 6 stafgólf og er í 4 fremri staf=
gólfunum alstaðir, lausholt og sperrur
litlar með langböndum og smárefti; í
2 innri stafgólfunum eru stafir og laus=
holt aðeins að norðanverðu, en að sunn=
anverðu eru sperrur á vegg ~~[illegible]~~
~~[illegible] liggur á veggnum~~. Viðirnir eru
sumir gamlir og farnir að fúna, en margir
af þeim er gott. Veggur að norðanverðu
er gamall og moldrunninn með þökum.
Þak farið að trosna.
Álag gjörist Kr. = 16.05

5. Fjós, yfir 6 kýr; 7½ × 5¼ al.; 3 kálfa=
sperrur; 4 albitar, 4 stafir að norðan=
verðu 2 al. háar, en 2 stafir 2 al. og

2 staðir (hálf) að sunnanverðu; 4 lang=
bönd á hlið og áreftí yfir.

2 ár eru síðan rifið var ofanaf fjósinu
gjört við veggi og lagfært að öllu. Er nú
húsið vel stæðilegt. Ranghali til vatns
og útidyra var þá tekinn af, en vatns=
leiðsla lögð inní húsið.

Gallar eru engir áberandi á húsinu
en viðir eru flestir gamlir. Það er lé=
legt. Þess ~~álag gjörist~~ skal getið, að
jörðin á að eins 5 bása í fjósinu en
fráfarandi á 1 bás, eða 1/6 hluta hússins.
álag gjörist Kr = 5.00

6. Kvígildishús. Jörðin á að eiga pláss fyrir
8 ~~Kv~~ kindur í húsi suður og niður á túni
– ysta húsi. En þar sem að líklegast virð=
ist að fráfarandi svari fóstur krónu=
tali fyrir hverja kind í stað þess að
meta álag á part í þessu kvígildishúsi
þá gjörist fráfaranda skilt að svara
Kr. = 16.00
en hann egi svo alt húsið. Skal þess
getið í þessu sambandi að nú fylgja
jörðunni ekki nema 8 ær og er þá ær=
plássið metið á 2 kr.

álagið verður þá alls:



1. á baðstofu Kr. = 50.–
2. – búr – = 15.–
3. – eldhús – = 9.50
4. – Göng og bæjardyr = 16.–
5. – Fjós – = 5.–
6. Fyrir kvígildis ær = 16.–

Samtals = 111.50

Upp í þetta álag er virt:

1. 2 lausarúm og 2 föst rúm í baðstofu
ásamt öllum þyljum gömlum og nýjum
í baðstofunni á Kr. = 175.00

Mismunurinn Kr. = 63.50 borga viðtak=
andur til ábúanda búsins.

Kvígildisær 8 að tölu verða afhentar
viðtakendum í gildu lagi í fardögum.

Sigríður Hannesdóttir á Hólum hefir
búið á 1/3 jarðarinnar þetta ár, en hefir
ekkert borið á sinn hluta túnsins,
enn sem komið er. Fóru viðtakendur
fram á að taðfall væri metið. Mötu
úttektarmenn það Kr. 150.00 – vinnu
una og taðið, sem á túnhlutann fer.
Bjóðast viðtakendur til að leggja til

latið og vinnuna; en vilji Sigríður ekki ganga að þessum kjörum, þá beri ~~þau~~ hún sjálf á túnpartinn, svo fullkomið sé, og leggi sjálf til áburðinn.

Fleira kom ekki til bókunar.

Úttekt upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson

J. Jónsson

Guðbjörn Jónsson

Sveinn Jónsson

Lilja Sveinsdóttir

## Úttekt á Móafelli.

Árið 1921, þann 19. dag Maímán. var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Móafelli, ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu, til þess að taka út jörðina, meta álag og virða



í álag, þegar Sigurjón Jónsson skilar henni, en Jónas Jósafatsson tekur við henni. Viðtakandi og fráfarandi voru báðir til staðar. Vegna eiganda jarðarinnar ætlaði Kolbeinn Kristinsson á Skriðulandi í Kolbeinsdal að vera við úttektina, en var eigi kominn, þegar úttektin byrjaði. Sömuleiðis ætlaði Steinn Jónsson á Reykjum í Ólafsfirði að vera við úttektina staddur, en hann var heldur eigi kominn á staðinn, þegar úttektin byrjaði.

Úttektin fór svo fram eins og hér segir:

1. Baðstofa. Húsið er með sama sniði og sömu stærð og við síðustu úttekt 8. Júní 1917. Ekkert hefir verið gjört við húsið síðan, nema það þakið; eina stað hefir fráfarandi látið undir austurhlið. Gallar á húsinu eru þeir sömu og ~~áður~~ lýst er í nefndri úttekt. þess utan virðist lausholt á austurhlið hafa sigið niður á þeim stað, þar sem stoðin var sett undir. Fúi sést sumstaðar í reisi=

þiljunni. Sex rúður eru sprungnar í gluggum. Annars virðist húsinu hafa tiltölulega lítið farið aftur síðustu ár og er það þakkað eldavél, sem höfð hefir verið í því. Austurveggur er ofurlítið farinn að snarast fram á hlaðið; norðvesturhorn er hrunið og veggur í suður frá því mjög moldrunninn og með skápum. Þak er gott. Álag gjörist Kr. = 90.00

2. Búr og eldhús. Með sömu stærð og viðum sem rétta úttekt og sömu ummerkjum. Ekkert hefir verið gjört við húsin síðan fráfarandi tók við jörðinni. Húsin eru stæðileg. Þó er búr með blautum viðum og farið að fúna sumstaðar ~~að viðum~~. Vesturveggur er farinn að gúlpa út með þörtum og þarf fljótrar aðgjörðar við á þeim köflum. Þak er gott. Dvergstoð í eldhúsi virðist ~~3. Bæjardyr~~ hafa sigið niður og hallast grindin til suðvesturs þess vegna. Álag = 52.00

3. Bæjardyr. Með sömu stærð og í umgetinni úttekt. Ekkert hefir verið gjört við húsið. Er það stæðilegt; en eðlilega hefir viðum farið aftur. Álag gjörist Kr. = 38.00



Álag gjörist alls:

| | | |
|---|---|---|
| 1. á baðstofu | Kr. = | 90.00 |
| 2. – búr og eldhús | – = | 52.00 |
| 3. – göng | – = | 38.00 |
| Samtals | = | 180.00 |

Uppí þetta álag er virt:

1. 5 rúms umgjörðir í baðstofu, með þiljum öllum uppað langsholtum, þili fyrir norðurstafni, og milliþili í húsinu = 50.00
2. Skáli sunnan bæjardyra, með grind og innanþiljum öllum, og stafnþiljum beggja vegna = 50.00
3. Forskyggni fyrir bæjardyrum og standþilsfjalir í bæjardyrunum = 10.00
4. Fjárhússkofi á Gerðum (syðra hús) = 25.00
5. Fjós yfir 4 kýr og kálf = 50.00

Samtals = 185.00

Mismunur álags, og þess, sem virt er uppí álagið, er þá Kr. = 5.00 og jafnast það í millireikningi fráfaranda og viðtakanda.

Á meðan á úttektinni stóð,
mættu þeir Kolbeinn Kristinnsson
og Steinn Jónsson:
Fleiri hús eru á jörðunni, en þau,
sem að framan eru greind og kaupir
umsjónarmaður jarðarinnar þessi:
1. Baðstofuviðbót 3 al. fr. Kr. = 10.00
2. Miðskemma vestan bæjar — — » 30.—
3. Stóra fjárhús á Garðinum — = 100.—
Fr. samtals Kr. = 140.00
Hús þessi eru því uppfrá þessu eign
jarðarinnar og ber leiguliða að svara
álagi á þau, þá er hann flytur burtu.
Kúgildin eru 9 að tölu verða afhentar
í fardögum í gildu lagi.
Fleira kom eigi til bókunar; út=
tektargjörðin upplesin og samþykkt.
Guðm. Davíðsson
J. G. Jónsson K. Kristinsson.
Jónas Jósafatsson Sigurjón Jónsson
Steinn Jónsson

## Úttekt á Skeiði



Árið 1921, 3. júní var hreppstjórinn
í Holtshreppi staddur á Skeiði til að
taka út jörðina, þegar Sigurjón bóndi
Sigtryggsson afhendir hana í hendur
bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar
og Flóvent Jóhannsson tekur á móti
henni fyrir kaupstaðarins hönd og af=
hendir hana aftur Jóni Jónssyni, sem
tekur jörðina til ábúðar í næstu
fardögum. Jón G. Jónsson á Tungu,
úttektarmaður, framkvæmdi út=
tektina, ásamt hreppstjóra.
Úttektin fór svo fram eins og hér
segir.
1. Baðstofa 7.75 mtr × 3.20 mtr.; 12
stafir 1.30 mtr. háar, 6 sperrur, með 2.80 mtr.
kjálka; 4 albitar og 6 skammbitar; 5
langbönd á hlið í vesturhluta hússins
~~en 8~~ og reisifjöl yfir, en 8 í austurhluta.
Loft er í miðbaðstofunni. Sitt húsið er
afþiljað í hvorum enda og eru bæði
húsin þiljuð í hálf og gólf. Með baðstofu
er skift í tvent og er eldhús í öðrum hlut=
anum, með múrpípu. Steypugólf er í öllu

miðbaðstofunni. ~~Kálf~~alstafn úr timbri er á austurhúsi og stór 4 rúðu gluggi á. Á vesturhúsi eru 2 gluggar á suðurhlið með 4 og 6 rúðum. Í Miðbaðstofu er 1, 2 rúðnagluggi. Í Báðum baðstofuhúsunum er þiljað neðan á skammbita. Skrálæstar hurðir eru fyrir ~~báðum~~ austara baðstofuhúsinu og hurð á járnum milli baðstofunnar og gangnanna.

Húsið er 5 ára gamalt og vel umvandað að öllu leyti innanhúss; ~~en~~ sömuleiðis eru veggir góðir og stæðilegir, en þak á suðurhlið er sólbrunnið og farið að bila, enda ekki laust við leka í vesturenda. Húsið er ómálað. Gallar á viðum eru ekki sýnilegir. Eina rúðu vantar í gluggann á norðurhlið, og 6 rúður sprungnar.

Álag gjörist Kr. 75.00

2. Búr. 4.40 mtr. × 2.25 mtr., 8 stafir. 1.55 mtr. háar; fernar sperrur með litlum kálfa; 5 og 6 langbönd á hlið. ~~Kálf~~gaflstafnar er að ~~vestan~~ austanverðu og 1 gluggi, 2 rúðna á; + en ólæst hurð fyrir vesturhúsi.



alstafn úr torfi er að vestanverðu og 1, 2 rúðna gluggi á. Húsið er þiljað sundur í tvennt, þvert yfir; er þiljalviður í þilinu og lagður á pappi. Húsið er 9 ára gamalt. Þak er bærilegt og sömuleiðis veggir. Viðir eru meir og minna farnir að feyskjast og fúna, nema þil fram á hlaðið — það er ófúið. Skrálæst hurð er á milli vesturhluta og gangna en ólæst hurð á milli austurhlutans og gangnanna.

Álag gjörist Kr. = 35.00

3. Eldhús. 4.25 × 2 mtr. 2 stafir undir annari hlið, 1.5 mtr. háar; 2 albitar og tvennar sperrur. Annarsvegar liggja bitarnir á grjóthafli bak við hlóðir. Viðir eru fornir en ófúnir. Veggir gamlir og moldrunnir; þak lélegt. Álag Kr. = 30.—

4. Göng frá eldhúsi til bæjardyra 14 mtr. löng og ca. 1 mtr breiður, þver og langrefti. Forn að viðum og veggjum og þaki. Álag Kr. = 35.—

5. Bæjardyr. 3 × 1½ mtr. 6 stafir 1.5 mtr. háar. Þrennar sperrur, ~~[illegible]~~ 2 albitar. Langbönd mörg og smárefti yfir. Þil er fram á hlaðið, með klinku og lokulæstri hurð við dyrastafi. Laushólf eru í húsinu.

Veggir og þak er bærilegt.
Álag gjörist Kr. 20-

6. Töðuhlaða 8×3.4 mtr., 7 heilstaðir
7 hálfstaðir, 7 sperrur, Mörg lang=
bönd á hlið og smárefti yfir; af
sperrum reft á stafna. 2 bagga=
göt eru á hlöðunni og er hurð á
járnum í öðru. Veggir og þak á=
gætt. Hlaðan tekur 100 hesta.×

7. Fjós yfir 6 kýr. 4½×4 mtr. 8 flórstaðir.
10 máttarraftar á annari hliðinni
og 17 á annari; reft á veggi; smá=
refti yfir máttarröftum. Jötur fyrir
4 kýr og fjögur skilrúm. Veggir
og þak gott. Viðir ófúnir. Gangur
frá fjósi til eldhúss, 5 mtr. langur, fylgir
húsinu (fjósinu) og einnig gangur til
útidyra með hurð á járnum við
dyrastafi. Álag gjörist Kr. 36.-

8. Fjárhús yfir 38 kindur fullorðnar. 10
garðastaðir, 12 veggjastaðir; skeyttir

× Húsið er nýlega byggt og er vel stæðilegt að
öllu leyti. Álag gjörist Kr. 20.-



brúnásar og mæniásar; garðastokkar
og garðabönd; þil er framan undir hús=
inu og einnar rúðu glerglugginn, og
tvær hurðir á járnum við dyrastafi.
Fjöldamargir máttar eru á hlið hverri.
Veggir og þak bærilegt, viðir sömu=
leiðis; þó er einn raftur brotinn.
Álag gjörist Kr. 20.—

9. Fjárhús yfir 42 fullorðnar kindur. 6 garða=
staðir 10 veggjastaðir; þar af 2 hálfstaðir.
garðastokkar og garðabönd, 25 máttar=
raftar á hlið. Þil er framan undir húsinu
með 2 hurðum á járnum og 1,2 rúðna
glugga. Viðir virðast fremur góðir, þótt
margt af þeim sé fornt. Veggir bæri=
legir og þak sömuleiðis. Garðabönd
vanta í 2 stafgólf. Álag gjörist Kr. = 20.-

10. Fjárhúshlaða. 9×2½ mtr. 6 heilstað=
ir og 8 hálfstaðir; 4 albitar; lausholt;
sjö sperrur; 5 og 6 langbönd á hlið.
Viðir eru dágóðir flestir; þó er austara
lausholt brotið á einum stað og
lamað á öðrum stað; vesturlausholt
er svignað niður undan einum
sperrum. Veggir bærilegt; þak gott.
Álag Kr. = 60.-

11. Fjárhús yfir 28 lömb.; 6 garðastaðir 8 veggjastaðir, þar af 1 heilstað; 12 og þrettán máttar raftar á hlið; garðastakkar, hurð á járnum við dyrastafi. Viðir eru flestir fornir. Veggir eru borilegir að öðru en því að austurveggur er moldrunninn að innanverðu á parti; þak er gott á austurhlið, en á vesturhlið er einfalt þak frá s. l. hausti.

Álag gjörist Kr. = 28.—

12. Hesthús, fyrir 2 hesta; einn mæniás og einstað undir. Jötustakkur um þvert húsið; 5 og 6 raftar á hlið og smárefti yfir; hurð á járnum við dyrastafi; Veggir og þak gott. Viðir sömuleiðis; er þó sumt af viðunum fornt.

Álag gjörist Kr. = 5.—

13. Hesthús, yfir 4 hesta. 3 jötustaðir undir einlægum mæniás og af honum reft á vegg annarsvegar en brúnás annarsvegar. Undir brúnásnum eru 3 staðir. 15 máttarraftar eru á þeirri hliðinni en



hinumegin eru um 1 mtr. löng sprek.; jötustakkur eftir endilöngu húsinu, áfastur við ásstaðirnar. Hurð á járnum við dyrastafi. Viðir eru borilegir; þó er einn langrafturbrotinn. Veggir fornir en stæðilegir. Þak gott.

álag gjörist Kr. = 10.—

14. Skemma. 4 × 2.30 mtr. Syllubyggð og trénegld.; 8 staðir; fernar sperrur, 4 albitar; þrjú langbönd á hlið, auk mænitróðu og áfellu og smárefti yfir. Þil með skrálæstri hurð er fyrir húsinu. Húsið er æfagamalt — hreinasti forngripur og vel stæðilegt að öðru en því, að mænitróðan er sloppin af framstu sperrum. Veggir stæðilegir; þak gamalt og grasigróið en moldrunnið með þörfum. Álag gjörist Kr. = 20.—

Álagverður þá alls:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | á baðstofu | Kr. | = | 75.— |
| 2 | — búr | — — | = | 36.— |
| 3 | — eldhús | — — | = | 30.— |
| 4 | — göng | — — | = | 35.— |
| 5 | — bæjardyr | — — | = | 20. |
| | | | Flutt = | 196 — |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Flutt Kr. | = | 196.– |
| 6. Töðuhlöðu | | = – | 20.– |
| 7. Fjós | | = – | 36.– |
| 8. Fjárhús | | = – | 20.– |
| 9. Dto. | | = – | 20.– |
| 10. Dto hlöðu | | = – | 50.– |
| 11. Fjárhús ~~syðsta~~ | | = – | 28.– |
| 12. Hesthús | | = – | 5.– |
| 13. Dto. | | = – | 10.– |
| 14. Skemmu | | = – | 20.– |
| | Samtals Kr. | = | 415 – |

Vörsluskurður, með garði á bakka ca 200 Mtr. langur er vestan við túnið og er þessa getið til aðgæslu þegar Jón Jónsson fer frá jörðinni; en ekkert álag er gjört á þá girðingu.

Fjárrétt er sunnanundir hesthúsi suður á túni.

Önnur mannvirki eru ekki á jörðunni, sem óskað er bókað



um.

Kúgildisær, 6 að tölu eru afhentar og teknar gildar af umboðsmanni× eiganda og ábúanda.

Fleira var ekki óskað bókað.

Úttektargjörðin upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson.

J.G. Jónsson Steinn Jóhannsson

Sigurjón Sigtryggsson

Jón Jónsson

× Uppdráttur af túninu ~~verð~~ er afhentur samstundis og landa=merkjabréf jarðarinnar verður af=hent síðar.

## Minnaholt.

Árið 1922, þann 12. Júní m., var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Minnaholti, ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu, til þess að taka út jörðina, meta álag og virða í álag, þegar eigandi jarðarinnar, Jón Jóhannesson fer frá henni, en Árni Kristjánsson tekur hana til ábúðar. Fráfarandi og viðtakandi voru báðir til staðar. Síðustu úttektir voru til staðar og sýnis.

Fór svo úttektin fram, eins og hér segir:

1. Baðstofa: Húsið er í sama formi og við síðustu úttekt, að öðru leyti en því, að það hefir verið lengt til norðurs um 3 álnir; var tekinn á burtu torfstafn og rangali sem var áður beint austur úr göngunum; en við þetta hvorttveggja lengdist húsið eins og áður er tekið fram. Í þessari viðbót eru tvennar sperrur, 5 stafir og 1 skammbiti, langbönd á sperrum og smáreft-



-yfir. Hálfstafn úr timbri hefir verið settur að sunnanverðu á húsið, með stórum 4 rúðuglugga; þar á móti hafa verið teknir af 2 gluggar, sem áður voru á húsinu, sinn hvoru megin á ~~[illegible]~~ þekjunni. Fráfarandi hefir sett – auk hins nýja hluta – 2 stafir undir að vestanverðu og 1 stoð að austan. Á viðbótinni er 4 rúðugluggi að austan; en svo hefir aftur á móti verið tekinn af 4, ~~tveggja~~ rúðugluggi sem var á vestanverðri frambaðstofunni og settur á austurhlið. Gallar eru helstir þessir: Lausholt í vestanverðu húsinu sunnantil er farið að síga til muna, og var það þó hækkað upp svo sem hægt var fyrir 1 ári síðan; er þetta sig undan glugga þeim er þar var yfir áður. Lausholt undir glugga þeim, er á var austur=þilinu inni, en nú er afnuminn er fúið í sundur. Lausholtið að vestanverðu undir frambaðstofuglugg=anum, sem tekinn var af er farið að fúna. Annars virtist ekki bera mikið á fúa í húsi þessu. Þak er bærilegt, en suðurstafn mold=

runninn og stafar sá galli af því, að frá=
farandi hafði ætlað sér að þynna stafninn
og var búið að rífa nokkuð úr honum
þessa vegna, en viðgjörðin komst eigi á.
2 rúður brotnar í framni glugga.
Álag gjörist Kr. = 100.—

2. Búr: Húsið er í sama formi og við síðustu
úttekt, bls. 73 hér að framan. Ekkert hefir
verið gjört við húsið, nema hækkaður inngangur
í það, úr göngunum (gólfgötur að nýju af viðum). Gallar eru eigi aðrir
sjáanlegir en þeir að einstoð (miðstoð) á vest=
urhlið hefir sigið og er að byrja sveigja á laus=
holtinu þeim megin, þessa vegna. Annars
er húsið vel stæðilegt og ósnarað, en viðir
sumir farnir þó að feyskjast. Veggir stæði=
legir; þak maldrunnið. Álag gjörist = 21.—
3. Eldhús: Með sömu stærð og ummerkjum
og um getur í nefndri úttekt. Fráfarandi
hefir ekkert gjört við húsið, ~~nema sett horn~~
~~fyrir það.~~ Grindin er dálítið snöruð til
austurs. Annars eru viðir harðir. Stafnar
eru lélegir, en veggir bærilegir; þak
brunnið og lélegt. Álag gjörist Kr. = 25.—



4. Fjós; með 4 básum. Jafnvel þótt í gömlum
úttektum sé tiltekið 4 kúa fjós, þá
mun húsið vera heldur lítið til þess. Annars
er húsið í sama formi og um getur í nefndri
úttekt. Fráfarandi hefir byggt upp útigang=
inn úr fjósinu að nýju og sett 2 hurðir í
með dyra~~umbúnaði~~ stöfum. Annars hefir hann
ekkert við húsið gjört, enda er það farið að
fúna til muna og vantar 4 rafta í á arm=
ari hliðinni. Brúnás að austanverðu geifl=
aður og undinn. Er húsið mjög óásjálegt
að viðum. Veggir eru bærilegir. þak lélegt —
enda óumflýjanlegt að taka ofanaf því og
gjöra við það. Álag gjörist Kr. = 40.—
5. Göng: Húsið hefir styst um 5½ al. (eftir
lýsingunni af báðum stöfunum). Fráfarandi reif
göngin fyrir 2 árum og byggði alveg að nýju
að viðum (byggði ~~annan veggjum~~ annan) 2 gildingar í veggjunum ~~beggja~~
~~vegna~~, alla leið til bæjardyrna. Er húsið nú
sperrubyggt og lítur vel út að öllu. þak er
bærilegt. Álag gjörist Kr. = 6.—
6. Bæjardyr: Húsið er byggt fyrir 2 árum að
nýju, að mestu, að viðum og alveg að veggjum og
þaki. 6 stafir, 5 al. háar, þrennar sperrur, þrír
álbitar ~~5 al.~~ 3¾ al langir, langhald 5 al. 6 þml.

loft er í húsinu og er herbergi afþiljað á því, með ~~gler~~ í niðurgluggu fram á hlaðið. Skár=bindingar eru beggja vegna í hús inn innan=verðu. Stigi liggur af gólfi uppá loftið. Þriggja rúðu þvergluggi stór er yfir úti=dyrunum. Er í dyrunum hurð á járnum klinku ~~og loku~~ læst.

Hús þetta er áfast við timburhús, er stendur sunnan vert við það, og virðist vera óhentugt, að búa um vegg sunnan við dyrnar, þegar húsið er tekið. Verður því að samkomulagi, að fráfarandi skili for=svaranlegum bæjardyrum, þegar hann rífur timburhúsið og þessar bæjardyr, sem hann hefir byggja látið.

Álag verður því ekkert gjört á húsið. x.

7. Kúgildishús. Svo sem fyrir 10 kinda pláss í húsi gjörist fráfaranda að svara Kr. = 15.—

Álag verður þá alls:

1. á baðstofu Kr. = 100.—
2. — hús — = 21.—
3. — eldhús — = 25.—



4. Fjós = 40.—
5. Göng = 6.—
6. Bæjardyr = 0.—
7. Kúgildishús 15.— Kr. = 207.—

Uppí þetta álag er virt ekkert að svo stöddu. Ætla fráfarandi og viðtakandi að semja sjálfir um greiðslu álagsupphæðarinnar.

Kúgildis ær 9 að tölu eru afhentar.

Vantar lamb undir eina á og semja viðtak=andi og fráfarandi einnig um vanhöld þau.

Fleira kom eigi til bókunar.

Úttekt upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson
J. S. Jónsson
Jón Jóhannesson Árni Kristjánsson
u.

# Bjarnargil.

Ár 1922, þ. 12. d. Júnímánaðar, var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Bjarnargili, ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu til þess, að skrifa upp hús þau, er á jörðunni eru og semja lýsingu á þeim, samkvæmt kaupsamningi Sigurðar Jónssonar og G. Fr. Möllers.

Skaðunar~~gjörð þessi fór svo fram eins og hér segir~~

Fyrir hönd G. Fr. Möllers var mættur Erlendur Jóhannsson á Helgustöðum, og Björnónýja Hallgrímsdóttir, kona Sigurðar Jónssonar sagði til húsanna, þar sem Sigurður var ekki heima.

Skaðunargjörðin fór svo fram eins og hér segir:

1. Baðstofa, 8×5 al., 5 sperrur, með 3 al. kjálka og 1 al. kálfa, 2 albitar, 3 skammbitar, 10 stafir, 2 al.; 5 langbönd á hlið, auk á fellu, og smánefti yfir; 1, 7 rúðugluggi og 1, 4 rúðugluggi er á húsinu. Hurð á járnum við dyrastafi; rept er með langböndum á kálfana. Hálfstafn, tvöfaldur úr timbri er á suðurstafni og pappalagður að utan. Þyljur eru allt um kring, í baðstofunni, nema í fremsta stafgólfi beggja vegna og á norðurstafni að mestu leyti; þó er þyl uppi yfir baðstofudyrum. Þrírúmsumgjarðir eru í baðstofunni og fylgja húsinu. Gallar eru þessir sjáanlegir: 5 stað, næst fremstu að austanverðu er fúin að neðan og er laus haetið sigið niður talsvert áberanlega. Húsið er ómálað og vel stæðilegt að utan þótt fornt sé, en veggir eru moldrunnir, með skönsum og skápum. Þyljurnar eru gamlar og farnar að fúna. Þrjár rúður eru brotnar í gluggum hússins. Þak er sparkað og troðnað mjög. Pappi á suðurstafni farinn að bila. Stað, að austan, næst þeirri innstu ofurlítið sigin niður.



2. Búr, eldhús og fjós undir sama risi og í einni lengju. Er búr og eldhús hvort um sig 3¾ al. á lengd í 2 stafgólfum; fjósið er 6 al. langt. Öll eru hús þessi jafnbreið = 3¾ al. Búr og eldhús eru vel stæðileg; en þó

er yfir grindin afurlítið snúnuð til norðurs.
Hálfstafn úr timbri er sunnan á búrinu
pappalagður að innan; 1,6 rúðugluggi
er á stafninum og er 1 rúða brotin.
Á eldhúsinu er 1. 2 rúðugluggi og er
önnur þeirra brotin.
Á milli búrs og eldhúss er þyl og hurð á
járnum í þylinni. Á milli eldhúss og
fjóss er rimlaþyl og stoppað með torfi í
rimlana; hurð er á járnum í þylinu. Veggir í fjósi og eldhúsi eru
allir moldrunnir og illa útlítandi; þök
eru trosnuð og moldrunnin. Fjósið
má heita fallið að viðum þeir meir og
minna fúnir. Viðir í búrinu eru farn-
ir að feyskjast og er sérstaklega eitt lang-
band, sem mikið ber á fúa í.
3. Göng 4 × 1¼ al. þurr og lang reft. Veggir eru
bærilegir, grjót og torfhlaðnir, en viðir
farnir að fúna til muna.
4. Bæjardyr: 4 × 2 al., 6 stoðir 3 al. háar, 3
sperrur, 3 albitar; þyl er framanundir
húsinu með klinku og lokulæstri hurð á
járnum. Viðir eru forrir og veggir sömuleiðis
þylið gamalt og vindrifið. Þak mjög lélegt og


sést hingað og þangað út um það.
5. Fjárhús tvö, yfir ca. 60 kindur.
Syðrahúsið má heita fallið, að viðum
og veggjum. Þyl er framanundir því,
feyskið og vindrifið. Þak lélegt.
Ytra húsið er stæðilegt að veggjum,
nema hvað norðurveggur er snaraður
út og viðirnir með; annars eru þeir
lítt fúnir. Þak lélegt. 1 rafter brotinn.
6. Skemma, norðan bæjardyra, í 2
stafgólfum. 6 stoðir, 3 sperrur, 2 albitar.
Langbönd eru á sperrum og smárefti
yfir. Þyl er framanundir húsinu og hurð
á járnum við dyrastafi, hespulæstið. Hálf-
stafn úr timbri er að austanverðu.
Veggir eru slæmir, þak sömuleiðis,
viðir gamlir og farnir að feyskjast; þyl
bæði vindrifin.
7. Hesthús, yfir 4 hross, undir 2 ásum,
reft á veggi og á milli ása. Jötustokkur
fyrir enda hússins. Hurð á járnum
við dyrastafi. Veggir slæmir og þak
sömuleiðis. Viðir farnir að feyskjast
og fúna. Einn rafter er brotinn.
Má húsið heita fremur óstæðilegt.

Fleiri hús, en þau, er að framan eru talin, fylgja eigi jörðunni, og er því skaðunargjörðinni lokið.

Skaðunargjörðin upp lesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson

Jón G. Jónsson

Jóhannes
í umboði.

Björnonía Hallgrímsdóttir



## Hólakot.

Árið 1922, þ. 12. Júní, var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Hólakoti, ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu, til þess, að taka út jörðina, meta álag, og virða í álag, þegar Gunnlaugur Sigurðsson fer frá henni. En þar sem enginn ábúandi hefir komið, til að ~~gjörast ábúandi~~ taka á nefnda jörð ~~þá~~ til ábúðar, þá er eigandi hennar Einar hreppstjóri Jónsson á Brimnesi móttakandi. Svo sem umboðsmaður hans við úttektina er Einar Eyjólfsson, bóndi á Sléttu. Vegna fráfaranda, er viðstaddur úttektina Jóhannes Friðbjarnarson á Gili

Síðusta úttekt var til staðar og sýnir.

Úttektin fór svo fram, eins og hér segir:

1. Baðstofa: Með sömu stand og ummerkjum, sem við síðustu úttekt, 1920, sjá bls. 78. Húsið virðist vera í sama ástandi og það var við nefnda úttekt, gallar þeir sömu, en hafa eðlilega ofurlítið ágerst. Álag Kr. = 67. —
1 rúða brotin

2. Búr; með sömu stærð og ummerkjum og var við síðustu úttekt. Gallar á húsinu eru þeir sömu sem nefndir eru í umgetinni úttekt, en hafa eðlilega ágerst nokkuð. Álag gjörist Kr. = 20. —
3. Eldhús: Í sama formi og var við nefnda úttekt. Ekkert hefir verið gjört við húsið og er því eðlilegt að gallar þeir, sem umgetur í síðustu úttekt, hafi ágerst. Þó má geta þess, að í suð-vesturhorni er sperrutá og laushalts-endi fúið. Þak lélegt. Álag Kr. = 20. —
4. Göng; með sömu stærð og ummerkjum eins og við nefnda úttekt. Ekkert hefir verið gjört við húsið. Viðir eru lélegir og fúnir, stytta látin undir 1 raft og annar að sleppa af vegg. Annars hafa gallar eðlilega ágerst. Þak lélegt mjög. Álag Kr. = 20. —
5. Bæjardyr engar (sbr. síðustu úttekt.)



~~Álag~~ 6. Fyrir 12 kindapláss í húsi gjörist fráfaranda að svara 30. —

Álag verður þá alls:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. á baðstofu Kr. = | 67. — | | |
| 2. — búr — = | 20. — | | |
| 3 — eldhús — = | 20. — | | |
| 4 — göng — = | 20. — | | |
| 5 — bæjardyr — = | " — | | |
| 6. — Kindahús — = | 30 | = | 157. — |

Uppí þetta álag er virt:

1. Þyljur innanum baðstofu, þar með taldir 2 skápar í norðurstafni, og ein rúms um-gjörð í húsinu Kr. = 67. —
2. Fjárhús, uppi á túni Kr. = 40. —
3. Dto. niðri á túni — = 20. —
4. Skáli — = 60. —
5. Þyljur og skápar í búri = 6. —
6. Fjós — = 20. —

Samtals = 213. —

Mismunurinn er Kr. 56. oo.
Eigandi á hjá fráfaranda Kr. ca 70. — og kemur mismunur þessi uppí þá

skuld; en hún er eftirstöðvar af eftirgjaldi frá f.á.
Kúgildis er 6 að tölu eru þegar afhentar Jóni G. Jónssyni í Tungu og teknar gildar.

Fleira kom eigi til bókunar.
Úttektin upp lesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson
Jón G. Jónsson
Jóhannes Friðbjarnarson
[illegible]
(í umboði)



Árið 1922, þ. 8. Júlí var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Helgustöðum, ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu, til þess að taka út jörðina, þegar Snæbjörn Hjálmarsson, sem eigandi hennar skilar henni, en Kristinn Ásgrímsson tekur hana til ábúðar.

Viðtakandi var til staðar og umboðsmaður Snæbjarnar, Hermann bóndi Jónsson á Barnaness reykjum, kom til úttektarinnar; en þar sem umboðsmaðurinn ekki gat aðhylst grundvöll þann, er lýst var við, að álagið borgaðist á, þá þóttist hann ekki hafa neitt að gjöra við úttektargjörðina og fór á braut; hafði hann ~~til~~ skriflegt umboð, óvottfest, til þess að vera við úttektina; en að öðru leyti ekkert getið um, hver störf hans ættu að vera við úttektargjörðina.

Viðtakandi krafðist þess, að úttektargjörðin væri fram kvæmd, þrátt fyrir brottför umboðsmanns Snæbjarnar og

fór síðan úttektin fram eins og hér
segir:
1. Baðstofa: 7½ al × 4 al. 5 sperrur, 1
álbiti við suðurstafn, 4 skammbitar; 10 stafir
1¾ al.; 5 langbönd á hlið með áfellu; reisi=
fjöl er í hálfri baðstofunni. 2 hurðir eru
á járnum við dyrastafi. 2, 2 rúðu gluggar
fylgja húsinu og er annar gluggin stór en
hinn minni. Gallar á húsinu eru þessir:
Fúinn endi á lausholti í suðausturhorni;
annars lausholtin meir og minna farin
að fúna og feyskjast. Langbönd, sperrur
og skammbitar ~~eru~~ gott; þó er einn sperru=
kjálki brotinn og mestallur viður hússins
farinn að feyskjast. Annan glugganvantar
alveg; en hinum er breytt í 6 rúðu glugga
og eru 3 rúður brotnar. Aðra hurðina, sæð
dyraumbúnaði vantar alveg og gangur úr
baðstofu til bæjardyra er fallinn. Þak er hrein=
legt. Veggir eru blautir og moldrunnir, eink=
um norðurstafn. Álag gjörist Kr. = 70
2. Búr. 3 × 3 al.; ~~1 ás og af honum neft af veggi~~
syllulegt. 1 ás á tvennum sperrum og 5 lang=
bönd á hlið, auk áfellanna. 4 stafir. Smá=
umlæg lausholt

nefti yfir langböndum. Gallar á húsinu
eru helstir þeir, að viðir eru farnir að feysk=
ast og fúna – sérstaklega áreftið. Annar
stafninn snaraður, og annar veggurinn mold=
runninn. Gluggakytra er á húsinu. Hurð á að
fylgja á járnum við dyrastafi, en vantar
alveg. Álag gjörist: Kr. = 10.–
3. Hlóðhús: 3 × 4¼ al. Tveir ásar og refti á
milli þeirra og af þeim á brúnása. Stafir.
Reisið er lágt og lélegt að veggjum; en viðir
einkum afviðir eru lítt fúnir.
Álag gjörist Kr. = 12.–
4. Bæjardyr. 9 × 3 al.; ~~4 sperrur, 3 heilstafir~~
10 stafir 2½ al. 5 hálfa sperrur, 5
bitar, lausholt eftir endilöngu beggja
vegna. Þil framanundir með klinku og
lokul ætri hurð á járnum við dyra=
stafi og 3 rúðu gluggi yfir dyrunum.
Langbönd og amáefti yfir. Gallar á
húsinu eru helstir þeir að á ~~miðtil~~ 2
stafgálfum að innan og sunnan verðu
eru ~~raftar~~ viðir brotnir og þekjan fallin inn;
annars er húsið bærilega skeftilegt að
viðum[1]. Veggir eru bærilegir að öðru
leyti en því, að norðurveggur að innan =

[1] Insti biti fúinn í sundur að norðanverðu

verðu er skafinn. þak bærilegt nema
á partinum, sem inn er fallinn. ~~[illegible]~~
~~[illegible]~~ Veggjakampur eystri á milli bæjar-
dyra og baðstofu er sprunginn og ólögur.
álag gjörist Kr. = 25.—
5. Kvígildishús. Fyrir 10 kinda full=
gilt pláss gjörist álag Kr. = 20.—

Álag verður þá alls:

1. á baðstofu Kr. = 70
2. — búr — = 10
3. — eldhús = 12
4. — bæjardyr = 25
5. — Kvígildishús = 20

Samtals = 137.00

Hús og annað það, er úttektarmenn ekki vitað til, að jörðin eigi er þetta og virt þannig:

1. Fjárhús Kr. = 50.—
2. Hesthús — = 20.—
3. Fjós — = 25—
4. Þyljur í baðst. = 15

Samtals = 110.—
þessi upphæð Kr. = 110.00 er talið að



gangi uppí álagið. Eftirstöðvarnar
Kr. = 27.00 telja úttektarmenn
sjálfsagt að eigandi jarðarinnar
greiði viðtakanda.
Kvígildisám tekur viðtakandi
engum á móti.
Fleira var ekki óskað bókað.
Úttekt upplesin og samþykkt.

Ath. Fyrir hreinsun jarðarhúsa er
talið að viðtakandi beri Kr. 18.—

Guðm. Davíðsson
Jón G. Jónsson
Kristinn Ásgrímsson

# Bakki.

8. júlí

Ár 1922, var hreppstjórinn í Kalks=hreppi staddur á Bakka, ásamt úttektar=manni Jóni G. Jónssyni á Tungu, til þess að taka út jörðina, meta álag og virða í álag, þegar Arngrímur Sveinsson skilar henni, en Jón Arngrímsson tekur við henni til ábúðar. Fráfarandi var til staðar og ætlar hann að gæta hags viðtakanda. Síðasta úttekt var til staðar og sýnis.
Fyrverandi Oddviti, Jóhannes Friðbjarnarson var til staðar og sömuleiðis núverandi oddviti G. Guðmundsson.
Jörðin hefir verið í ábúð 2 sl. ár, með leiguliðabótargjaldi. Var síðasta úttekt framkvæmd 5. Júní 1920 (bls. 92 hér að framan).

Úttektin fór svo fram eins og hér segir:

1. Baðstofa. 6×6 al. fernar sperrur, með 3½ al. hjálka, 8 staðir, 2¼ al. 2 alibitar, 5 langb. á hlið auk mænitrés, með Smárefti yfir. Hálfstafn úr timbri er á húsinu vestanverðu og stór 2 rúðu gluggi á.



Húsið er tveggja ára, byggt þá að mestu af nýju, að veggjum og viðum. Gallar á húsinu: Smárefti gamalt og feyskið, og vegna sperrulengdar er ekki laust við að miðsperrurnar sé farnar að svigna á norðurhlið. Önnur gluggarúðan brotin. Þak maldrennið.
Þess skal getið að þegar baðstofan var byggð keypti hreppurinn stokkunina á húsinu og þess utan allar þyljur í húsinu, nema þylið ofan við bita að vestanverðu, beggja vegna við gluggann og yfir honum og vind=skeiðar, sem eru á þylinu. Ennfremur á hreppurinn (jörðin) 2 rúmsumgjörðir í húsinu. Álag ~~gjörist~~ ekkert, þar sem fráfarandi hefir eins og áður er sagt búið við leiguliðabót og talið er víst, að við=takandi muni eigi hirða um að taka á móti álagi.

2. Búr. Með sömu stærð og í nefndri úttekt. Ekkert hefir verið gjört við húsið síðan 1920 og hafa gallar þeir er þar er lýst því eðlilega ágerst. Engir nýjir gallar virð=ast hafa komið fram. Álag ekkert.
3. Eldhús. Með sömu stærð og ummerkjum og í nefndri úttekt. Ekkert hefir verið gjört

við húsið síðan 1920 og gallar þeir sömu,
sem þar er lýst en eðlilega ágerst.
Engir nýir gallar hafa komið fram.

4. Hlaða. Með sömu stærð og ummerkjum og í nefndri úttekt. Ekkert hefir verið gjört við húsið síðan 1920; en gallar hafa eðlilega ágerst, enda meiga allir viðir í þaki heita ónýtir. Álag ekkert.

5. Bæjardyr: Með sömu stærð og ummerkjum og umgetur í nefndri úttekt. Ekkert hefir verið gjört við húsið síðan 1920. Og hafa gallar því eðlilega ágerst. Engir nýir gallar sjáanlegir. Álag ekkert.

6. Fjós. Með sömu stærð og ummerkjum og við síðustu úttekt.[2] Ekkert hefir verið gjört við húsið síðan 1920 ~~og~~ enda má húsið heita fallið að viðum, jafnvel þótt ýmislegt megi af viðunum nota, þegar rifið verður. Álag ekkert.

7. Skemma[1], 3 sperrur, 5 stoðir, 3 bitar. Langbönd mörg á hlið. Þyl með skrá = læstri hurð er framanundir húsinu. Húsið er gamalt, en sæmilegt; þurkhús gott. Þak og veggir bærilegt. Álag ekkert

[1] 5 × 3½ al. [2] Fjósið hefir verið stækkað um einn bás

8. Kofi uppi á túni. Kofa þenna keypti fráfarandi oddviti fyrir Kr. 10, fyrir 2 árum; en s.l. ár féll kofi þessi. Byggði þá fráfarandi nýtt hús í samastað og stækkaði það og nokkuð það af við úr gamla kofanum, sem hægt var ~~að~~ nýja húsið. Við þenna kaupir fráfarandi fyrir Kr. = 4.00 og er því kofinn úr sögunni sem jarðareign.

Kúgildin er 6 að tölu, ýmist eru þegar eða verða afhentar í gildu lagi.

Fleira kom eigi til bókunar.
Úttekt upplesin og samþykt.

Guðm. Davíðsson
Jón G. Jónsson
Arngrímur Sveinsson
Jóhannes Friðbjarnarson
Einar B. Guðmundsson.

## Skeið.

Árið 1922, 24. September var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Skeiði, ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu, til þess, að taka út jörðina, samkvæmt ósk bæjarfógetans á Siglufirði. Fyrir hönd eiganda jarðarinnar – Siglufjarðarkaupstaðar – var til staðar Einar bóndi Eyjólfsson á Sléttu.

Fráfarandi ábúandi var til staðar og sýndi.

Úttektin fór svo fram, eins og hér segir:

1. Baðstofa. Með sömu ummerkjum og við síðustu úttekt, 3. júní 1921, bls. 107 hér að framan. Húsið var þakið á suðurhlið s.l. vor, en annars ekkert gjört við það. Gallar eru sýnilegir nú, þar sem við síðustu útt. ekki bar á þeim; er það helst, að fúaholur eru víða komnar fram í syllum, og er að búast við að grindin sé talsvert farin að fúna, en ekki hægt að henni að komast. Álag gjörist Kr. = 100.–
2. Búr. Með sömu ummerkjum og í nefndri úttekt. Ekkert hefir verið gjört við húsið, enda hefir því hrakað talsvert síðan út var tekið síðast, bæði að viðum og þaki.
   Álag gjörist Kr. = 46.–
3. Eldhús, með sömu ástand og í nefndri úttekt. Ekkert hefir verið gjört við húsið og hefir því þessvegna hrakað dálítið.
   Álag gjörist Kr. = 35.–
4. Göng. Sama ástand og í nefndri úttekt. Rifið hefir verið ofanaf húsinu og lagað, en lítlu sem engu bætti af viðum. ~~Álag~~ Viðir eru því hinir sömu – fornir og blautir. Álag Kr. = 40.–
5. Bæjardyr. Sama ástand og í nefndri úttekt. Ekkert hefir verið gjört við húsið. Það hefir því hrörnað eðlilega. Álag gjörist Kr. = 25.–
6. Töðuhlaða. Sama ástand og í nefndri úttekt. Miðhluti hlöðunnar datt inn s.l. sumar og var hrófað upp aftur. Annars má húsið heita fallið að viðum. Álag gjörist 55.–
7. Fjós. Sama ástand og í nefndri úttekt. Viðir eru meir og minna fúnir og slafnir endar innaf veggjabrúnum, vegna fúa. Annar mæniásinn sloppinn af endastað, vegna fúa. Húsið má heita fallið að viðum. Álag gjörist Kr. = 50.–
8. Fjárhús yfir 38 kindur. Sama ástand og í nefndri úttekt. Suðurhliðin datt inn á parti s.l. vor og var hrófað upp aftur.

annars er húsið mjög óstæðilegt að utan

álag gjörist Kr. = 30.—

9. Fjárhús yfir 42 kindur, ytra. Sama ástand og við síðustu úttekt. Suðurhliðin má heita fallin inn og norðurhlið léleg, þó skárri sé lítið eitt. Þak fremur gott. Álag Kr. = 50.—

10. Fjárhúshlaða. Sama ástand og í nefndri úttekt. Hlaðan má heita fallin að utan. Langbönd og brúnásar meir og minna brotið og bramlað. Fyrir víst einn sperrukjálki brotinn. Álag gjörist Kr. = 120.—

11. Lambhús. Húsið er með sömu ástand og við síðustu úttekt. Ekkert hefir verið gjört við það, enda er það mjög hrörlegt að utan, veggjum og þaki. Álag gjörist Kr. = 35.—

12. Hesthús yfir 2 hesta. Sama ástand og í nefndri úttekt. Ekkert hefir verið gjört við húsið. Hefir því og eðlilega hrignað.

Álag gjörist Kr. = 7.—

13. Hesthús yfir 4 hesta. Sama ástand og í nefndri úttekt. Önnur hliðin liggur inni á kafla. Alt er húsið hrörlegt.

Álag gjörist Kr. = 20.—



14. Skemma. Sama ástand og í nefndri úttekt. Húsinu virðist ekkert hafa farið aftur en fyrir eðlilegri fyrningu gjörist álag Kr. = 22.—

Álag verður þá alls:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | á baðstofu | Kr. = | 100.— |
| 2 | — búr | — = | 46.— |
| 3 | — eldhús | — = | 35.— |
| 4 | — göng | — = | 40.— |
| 5. | — bæjardyr | — = | 25.— |
| 6. | — Töðuhlöðu | — = | 55.— |
| 7. | — Fjós | — = | 50.— |
| 8. | — Fjárhús S. | — = | 30.— |
| 9. | — Dto. y. | — = | 50.— |
| 10. | — Fjárhús hlöðu | — = | 120.— |
| 11. | — Lambhús | — = | 35.— |
| 12. | — Hesthús | — = | 7.— |
| 13. | — Dto. | — = | 20.— |
| 14. | — Skemmu | — = | 22.— |

Kr = 635

Ath. Álagsauki frá því við síðustu úttekt er því Kr. = 220.00, sem dánarbúinu ber að svara.

Kúgildis ær eru 6 til staðar.

Fleira kom ekki til bókunar.

Úttekt upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson

Jón G. Jónsson

Einar Eyjólfsson

(umboði)

Þórunn Jóhannesdóttir.

## Úttekt á Berghyl

Árið 1922, þ. 27. September, var hreppstjórinn í Hálsahreppi staddur á Berghyl, ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu, til þess, samkvæmt ósk eiganda hálflendunnar Guðm. Benediktssonar á Minni-brekku, að taka út jörðina. Eigendur allrar jarðarinnar: áðurnefndur G. Benediktsson og Guðm. Ásmundsson á Laugalandi voru til staðar. Síðasta úttekt var eigi tilstaðar. Úttektin fór svo fram, sem og hér segir:

1. Baðstofa 8×4 al.; 4 kálfasperrur, 3 og 4 langbönd á hlið, auk mænitróðu; 8 stafir 2 3/4 al. háar; sumar þó ca. 2 al.; 2 albitar, 4 skammbitar. Húsið er 12 ára gamalt. Á húsinu eru 3, 2 rúðugluggar, og hurð á járnum við dyrastafi. Gallar á húsinu eru þeir, að það hefir gliðnað til muna. Stafir eru farnar að fúna, þar sem þær liggja við veggi. Og allir viðir farnir að feyskjast. 3 viðir sprungnar. Vesturveggur moldrunninn. Þak gott. Álag Kr. = 84.00

2. Búr. 3½×5 al., þrennar sperrur, 2 albitar, 1 skammbiti, 6 stafir ca 2½ al. 3 og 4 langbönd á hlið og gamalt fjalrefti yfir. Hurð á



járnum við dyrastafi. 1, 2 rúðugluggi er á stafni. Húsið er eins árs gamalt og að mestu nýtt að viðum og veggjum. Húsið er í öðru formi en áður var ~~og stærra~~. Veggir eru blautir og bleyta komin í viði, sérstaklega lausholt og bitahöfuð og sperrutær.

Álag gjörist Kr. = 5.00

3. Eldhús, 4½×3¼ al.; 3 sperrur, 6 stafir, 3 albitar, langbönd og smárefti þar utanyfir. Húsið er orðið gamalt en virðist þó vel stæðilegt ennþá. Álag gjörist Kr. = 25.—

4. Göng 4½×1½ al.. Húsið er þverreft. Húsið er orðið gamalt, veggir blautir og viðir sömuleiðis. Þak bærilegt. Álag gjörist Kr. = 10.—

5. Bæjardyr 3×2 al.; 2 sperrur, 4 stafir, langbönd og árefti. Þil er framanundir og hurð á járnum við dyrastafi. Húsið var rifið í fyrra, rétt og lagað og sett nýtt þil framanundir.

Álag gjörist Kr. = 10.—

6. Fjós yfir 3 kýr og kálf. ~~Ekkert~~ Rifið hefir verið ofanaf til vesturhlið hússins og bætt í það nýjum röftum, en þrátt fyrir þetta eru viðir blautir og fúnir, veggir lélegir og þak sömuleiðis. Má húsið teljast fallið. Álag Kr. = 60.—

Álag verður þá alls:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | á baðstofu | Kr. = | 84.– |
| 2. | – búr | – = | 5.– |
| 3. | – eldhús | – = | 25.– |
| 4. | – göng | – = | 10.– |
| 5. | – bæjardyr | – = | 10.– |
| 6 | – fjós | – = | 60.– |
| | Samtals | | 194.– |

Uppí álag þetta er ekkert virt, þar sem allar eignir hússins ~~ans~~ Stefáns sál. Benediktssonar eru skrifaðar upp sem þrotabú.

Kúgildið er 6 að tölu enn til og ber ekkjan ábyrgð á þeim til næstu fardaga.

Eigendurnir áskilja sér rétt til að gjöra kröfu í dánarbúið fyrir öllum jarðarskuldum – álagi og eftirgjaldi og krefjast þess, að sér verði greiddar þar af dánarbúinu við væntanleg skifti.

Fleira kom eigi til bókunar.

Úttekt upplesin og samþykt.

Guðm. Daníelsson. Jón G. Jónsson

Guðm. Benediktsson Guðm. Ásmundsson



## Lambanesreykir.

Árið 1923, 23. Maim. var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Lambanesreykjum, ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu, til þess að meta álag og virða í álagið, þegar Hermann Jónsson skilar hálflendunni, en Sigurður Jónsson tekur hana til ábúðar.

Fráfarandi og viðtakandi voru báðir til staðar; ennfremur fyrir hönd eiganda hálflendunnar Sveins Þorsteinssonar í Vík, Einar B. Guðmundsson á Hraunum. Síðasta úttekt var til staðar og sýnis.

~~Út~~ Þess skal getið að öll bæjarhúsin, sem lýst er í síðustu úttekt eru eign Sveins Þorsteinssonar og því til álagsálagningar við úttektina.

Úttektin fór svo fram eins og hér segir:

No 1. Hús sunnan útidyra. Sama stærð og við síðustu úttekt (sjá bls. 84 hér á undan; 1920). ~~Ekkert~~ Fráfarandi hefir ~~verið~~ gjört við húsið þannig, að hann hefir plægt þilið á vesturstafni og ~~tekið~~ bætt í það skífum

fyrir nótinni, og tekið þaksperrann í burtu.
Sömuleiðis hefir hann breytt milli þylinu
þannig, að hann hefir sett panelþyl í stað
1" borðaþyls, sem þar var áður. Ekkert
hefir hann gjört við veggi og heldur ekki
þak. Gallar eru þeir sömu sem lýstir
í nefndri úttekt, en hafa eðlilega ágerst nokk-
uð hvað grindina snertir. 2 rúður eru brotn-
ar í glugganum. Nyrðsta gólffjöl er fúin.
Álag, sem fráf. ber ~~álaga ettr.~~ = 27. –

2. Eldavélarhús, innfrá útidyrahurð. Húsið
er með sömu stærð og í nefndri úttekt.
Ekkert hefir verið gjört við húsið, en breytt
hefir því verið þannig að dyrnar á milli
Nº 1 og 2 hafa verið færðar. Gallar á hús-
inu eru þeir sömu, sem nefndir eru í nefndri
úttekt, en hafa eðlilega ágjörst. ~~Álagtr.~~ =

3. Göng. ~~Ekkert~~ Með sömu ummerkjum og stærð
eins og við síðustu úttekt. Ekkert hefir verið
gjört við húsið. Fráfarandi hefir að vísu breytt
húsinu framanverðu, en þar sem búist er við,
að öll hús verði rifin, er það ekki tekið til
greina. Gallar þeir sömu og í nefndri úttekt
er lýst, en hafa auðvitað ágerst. ~~Álagtr.~~ =



4. Búrið gamla. Með sömu stærð og í nefndri
úttekt; ekkert hefir verið gjört við húsið
og eru gallar þeir sömu og um er getið
í síðustu úttekt; hafa þeir ~~þó~~ eðlilega á=
gerst nokkuð. ~~Álag~~ =

5. Hús norðurúr göngum. Með sömu stærð, og
í nefndri úttekt (12 × 4 al.). ~~Ekkert hefir ver~~
Fráfarandi hefir tekið ofanaf fremsta staf=
gólfi og bætt í það viðum: fremur stað=
um; laushalti og langböndum nokkurum að
norðanverðu og einni stoð að sunnanverðu,
þar að auki einum sperrum og öðrum lítil.
Að öðru leyti hefir ekkert verið gjört við
húsið. Gallar hafa ágerst hvað fúa og fyrn=
ingu snertir. ~~Álag~~ =

6. Fjós. Með sömu stærð og um getur í nefndri
úttekt. Ekkert hefir verið gjört við húsið
enda stórgallað að veggjum og viðum, sínd
og eðlilegt er. ~~Álag~~ =

7. Skemma. Kemur ekki tilgreina við
þessa úttekt, þar sem hún tilheyrir hinni
hálflendunni.

8. Fjárhús uppi á túni – efstahús.
Húsið er nokkuru styttra en það áður
var. Tekur nú um 32 kindur. Garðastaðir
eru 8 í stað 11 áður. Fjöldi máttarrafta

á hlið, og þéttreftara en áður var, því að fráfarandi segist hafa eytt þessum öllum gömlu viðunum í þetta stytta hús. Engir eru garðastokkar og engin garðabönd. Þak mjög lé-legt. ~~Álag gjörist kr~~ =

~~Leiga~~ Þess skal getið, að öll hús eru miklu betur útlítandi en þá, er viðtakandi kom hingað og gjörir þar mest að verkum þurkur, sem hefir verið meiri í húsunum, en árið áður en Mann flutti hingað.

Leigulíðaliðir yfir þessi 3 ár, sem fráfarandi er búinn að vera hér er metin 6% af Kr. = 583.00 ÷ 65 = 518 kr. = 31 Kr. á ári, eða í 3 ár kr. = 93.00

Fyrir viðgjörðir ýmsar ber fráfaranda Kr. = 23.00; verða þá eftir Kr. = 70.— sem fráfaranda ber að standa skil á til eiganda.

Samkvæmt ósk viðtakanda er fjóšið og efsta fjárhús virt sérstaklega og er fjósið metið á Kr. = 24.00
og efsta húsið = 30.—
Samtals kr. = 54.00.



Fráfarandi selur jarðareiganda fjárhús uppi á túni (40 kinda hús) fyrir Kr. = 90.00 og borgast leigulíða=bótin með því ~~álagi~~ verði. Þær Kr. = 20.— sem framyfir eru borgast frá eiganda til fráfaranda í við=skiftareikningi þeirra.

Fleira kom ekki til bókunar. Úttektargjörð upplesin og samþykt.

Guðm. Daviðsson

Jón G. Jónsson

Hermann Jónsson

Sigurður Jónsson

Einar B. Guðmundsson.

Kem. borgað J. G. J. 6.30
Sig. Jóns. — — ÷ 70 = 7.00
Sig. Jóns. — G. Dav. 5.60

# Gil

Árið 1923, þ. 25. Mai var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Gili, ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu, til þess að taka út jörðina, meta álag og virða í álag, þegar Jóhannes Friðbjarnarson ~~tekur hana til ábúðar~~ skilar henni úr ábúð en Jón Arngrímsson tekur hana til ábúðar. Viðtakandi og fráfarandi eru báðir til staðar. Jarðareigendum hafði verið gjört aðvart um úttektina og var annar þeirra við úttektina staddur — Hallgrímur Arngrímsson. Síðasta úttekt var til staðar og sýnis. Úttektin fór svo fram, eins og hér segir:

1. Baðstofa. Með sömu stærð og við síðustu úttekt 13. Júní 1916. (Bls. 30 hér að framan). Húsinu virðist mjög lítið hafa farið aftur síðan við síðustu úttekt, nema hvað hornstoð á suð-austanverðu hefir sigið niður og virðist vera fúin að neðan. Vegna þessa sigs á stoðinni er komin sveigja á austurlausholt sunnanvert og suðurliði hallast til austurs. Að öðru leyti er húsið vel útlítandi að innan. ~~og~~ Veggir ~~[illegible]~~ farnir + 1 rúða sett saman í vesturglugga. Þak lélegt. Álag gjörist Kr. = 50.—

\+ að bila, sérstaklega austurveggur og suðurstafn



2–3 Búr og eldhús, undir sama risi, og þó ~~með sömu~~ með annari stærð en ~~og~~ við nefnda úttekt. Kúalengja þessi er lítt eða ekki fúin að innan, og jánörud er hún. Í eldhúsi verður þó fúavart í árefti. Þess skal getið, að nyrðra stafgólf búrsins, sem í nefndri úttekt er talið, að tilheyri skemmu norðan við búrið, tilheyrir nú jörðinni, svo búrið er nú 2 al. lengra en áður var, eða öll lengjan 9 al. löng. Þak og veggir er bærilegt. Álag gjörist — = 16.—

4. Bæjardyr: Með sömu stærð og umgetur í nefndri úttekt. Húsið virðist vera í svipuðu ásigkomulagi og það var við þá úttekt. Álag gjörist = 2.—

5. Fjós yfir 3 kýr. Það er með sömu stærð og við síðustu úttekt og er þar ranglega talið 4 kúa fjós. Gallar á húsi þessu eru þeir að
1. er stafn á milli fjóss og eldhúss geysilega moldrunninn fjósmegin — norðurfarinn.
2. Viðir eru meir og minna fúnir og snaraðir
3. þak lélegt. Álag gjörist = 50.—

Álag gjörist þá alls:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. á baðstofu | Kr. = 50 | | |
| 2.3. — búr og eldhús | = 16 | | |
| 4. — bæjardyr | = 2 | | |
| 5. — fjós | = 50 | = | 118.— |

Upp í þetta álag er virt:

1. Rúms umgjörðir 2 í baðstofu og allar þyljur innanum baðstofu. Kr. = 22.—
2. Skemma heima við bæ = 35.—
3. Skemma úti á túni — = 15.—
4. Fjárhús úti og niður á túni — = 90.—

Samtals Kr. = 162.—

Mismunurinn Kr. = 44. og borgar fráviðtakandi fráfaranda í næstu hausti kauptíð.

Þess skal getið, að jarðareigandi telur til skaðabóta fyrir önnur jarðabætur 150 ferfaðma í túnasléttum, sem tiltekið hefði verið í byggingarbréfi; en þar sem hvort tveggja er, að byggingarbréfið er ekki til staðar og hitt, að úttektarmenn eru óviðkunnir að meta þannig lagað álag þá líður þetta betri tíma; en samt sem áður hefir eigandi áskorðan rétt sinn hvað þetta snertir.

Fleira kom eigi til bókunar

Úttektargjörð lesin og samþykt

Guðm. Daníelsson

Jón G. Jónsson    Jóhannes Friðbjarnarson

Hallgrímur Arngrímsson

Jón Arngrímsson



Árið 1923, 25. Maí var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Bakka, ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu, til þess að taka út jörðina, þegar Jón Arngrímsson skilar henni úr ábúð en Hannes Hannesson tekur á móti henni fyrir hreppsins hönd. Fráfarandi og viðtakandi voru báðir til staðar.

Síðasta úttekt var til staðar og sýnis. Úttektin fór svo fram eins og hér segir:

1. Baðstofa: Með sömu stærð og við síðustu úttekt 8. júlí 1922 (bls. hér á undan). Nú er 4 rúðugluggi á vesturstafni baðstofunnar. Ennfremur hefir fráfarandi sett tvo skammbita í húsið, og er það til mikilla bóta. Veggir bærilegir, þak sömuleiðis. Alt lítur húsið vel út og þrifalega.
~~álag~~ Leigulíðabót yfir árið. 5.—
2. Búr. Með sömu stærð og við úttekt 22. Maí 1918 (bls. 47 hér á undan). Húsið er mesta hrófaragengi. Viðir blautir og fúnir og veggirnir moldrunnir. Grindin snöruð mikið. Leigulíðabót gjörist Kr. = 2.—
3. Eldhús. Með sömu stærð og við úttekt 22. Maí 1918. Þessu húsi virðist lítið hafa farið aftur; Leigulíðabót yfir árið Kr. = 1.—

4. Göng. Með sömu stærð og í nefndri úttekt (22. Mai 1918). Húsið er blautlað veggjum og viðir blautir og fúnir. Leigul. bót = 3.–

5. Bæjardyr. Sama stærð og í nefndri úttekt Ekkert hefir verið gjört við húsið
Leigul. bót Kr. = 1.–

6. Fjós. Sama stærð og umgetur í úttekt 18. Júlí 1922. Fráfarandi hefir sett eina flórstoð undir mæniásinn, og rifið ofanaf einu horni fjóssins og reft yfir það aftur og þakið.* Annars er fjósið mjög gótt. Viðir blautir og fúnir og veggir moldrunnir. Leigul. bót Kr. = 2.–

7. Skemma. Sama stærð og í úttektinni 18. Júlí 1922. Ekkert hefir verið gjört við húsið. Því virðist lítið hafa farið aftur síðan í fyrra, nema hvað eðlilega fyrninga snertir. Leigul. bót Kr. = 1.–

Leigulidabót verður þá alls:

| | | |
|---|---|---|
| 1. á baðstofu | 5.– | |
| 2. – búr | 2 – | |
| 3. – eldhús | 1 – | |
| 4 – göng | 3. – | |
| 5. – bæjardyr | 1. – | |
| 6. – fjós – | 2. – | |
| 7 – skemmu | 1. – | = 15.– |

*einnfremur sett brúnás og stæðir undir það summanverðu í húsinu



Leigulidabót þessa, greiðir fráfarandi til hreppsins við fyrsta tækifæri. Kúgildis ornar 5 að tölu tekur fráfarandi á leigu frá hreppnum og skilar þeim ekki fyr en að næsta fardagaári liðnu.
Fleira kom ekki til bókunar.
Úttektargjörðin upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson

Jón G. Jónsson

Hannes Hannesson Jón Thorgrímsson

Hreppur greiddi Dav. 4.66
borgað Jóni G. J. 4.66

## Skeið.

Árið 1922. 26. Mai var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Skeiði, ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu, til þess að taka út jörðina, meta álag og virða í álag, þegar Þórunn Jóhannesdóttir skilar jörðinni úr ábúð, en Bogi Jóhannesson tekur hana til ábúðar. Fráfarandi og viðtakandi voru báðir til staðar. Eiganda hafði verið gjört aðvart um

úttektina; en þó matti enginn fyrir
hans hönd.

Úttektin fór svo fram eins og hér segir:
Það sem tekið var út síðast 27. Septemb.
og þá lagt fullt álag á öll jarðarhús, þá virð-
ist nú ekki eiga að leggja álag á nema síðan
þá, eða með öðrum orðum, í 8 mánuði [leigulíðabót]
þá komu húsin fyrir eins og hér segir:

1. Baðstofa. Með sömu ummerkjum og við
síðustu úttekt 27. Sept. s.l. Lítið virðist
húsinu hafa hrakað síðan þá. Þó er lausholt
í vestur enda sunnanverðum fúið undir glugg-
a og stoð sömuleiðis. Mun þessi galli hafa
verið til staðar í haust, þótt hans yrði þá
ekki vart. En nú voru þiljur loftsins úr þegli
og því hægt að ranzaka þetta. Að öðru leyti
er húsið mjög líkt og var s.l. haust.
Leigulíðabót Kr. = 10.—

2. Búr, með sömu ummerkjum, og við síðustu
úttekt. Húsinu virðist lítið hafa farið aftur,
en fyrir eðlilegri fyrningu gjörist Kr. = 4.—

3. Eldhús. Sömu ummerki og við nefnda út-
tekt. Sama ~~að~~ segja um það og búrið.
Leigulíðabót gjörist Kr. = 2.—

4. Göng: Sömu ummerki og við nefnda úttekt.
Hefir lítið hnignað. Leigul. bót Kr. = 6.—



5. Bæjardyr: Sama stærð og í nefndri úttekt.
Svipað ásigkomulag. Leigulíðabót Kr. = = 2.—

6. Töðuhlaða: Sama stærð og í nefndri úttekt.
Húsið jafn ónögulegt og það var s. l. haust.
Leigulíðabót Kr. = = 8.—

7. Fjós. Sama stærð og í nefndri úttekt.
Virðist vera í svipuðu ásigkomulagi og
við úttektina. Leigul. bót Kr. = = 6.—

8. Fjárhús yfir 38 kindur — syðra hús — Sama
stærð og í nefndri úttekt. Svipað ásigkomu-
lag og var s.l. haust. Hefir fremur hrörnað samt.
Leigulíðabót Kr. = 2.—

9. Fjárhús yfir 42 kindur — ytra hús —. Sama
stærð og í nefndri úttekt. Sama að segja
um það og hitt húsið. Eina stoð — fremstu —
vantar að sunnanverðu. Leigul. b. Kr. = 4.—

10. Fjárhússhlaða: Sama stærð og í nefndri
úttekt. Hlaðan mesta skrifli, eins og
síðasta úttekt ber með sér. ~~hrafað~~
Húsið datt inn á parti í vetur og var hrofað
upp aftur. En til frambúðar er þetta ekki.
Leigulíðabót Kr. = 9.—

11. Lambhús: Sama stærð og í nefndri úttekt.
Húsið er mjög hrörlegt eins og það var.
Virðist lítið hafa farið aftur. Leigulb. = 2.—

12. Hesthús yfir 2 hesta. Sama stærð og í nefndri

úttekt. Húsið er vel stæðilegt og virðist ekkert hafa farið aftur. Leigulidabót Kr. = 1.—

13. Hesthús yfir 4 hesta. Sama stærð og í nefndri úttekt. Húsið er uppistandandi, en vantar rafta í það nokkra. Norðurveggur hefir verið gildingaður upp. Þak ónýtt. = 2.—

14. Skemma. Sama stærð og í nefndri úttekt. Húsið er í svipuðu ásigkomulagi og um getur í þeirri úttekt; þó vantar meniträðu í ynsta stafgólf.
Leigulidabót Kr. = 2.—

Leigulidabót verður þá alls:

1. á baðstofu = Kr. 10.—
2. — búr = — 4.—
3. — eldhús = — 2.—
4. — göng = — 6.—
5. — bæjardyr = — 2.—
6. — Töðuhlaða = — 8.—
7. — Fjós = — 6.—
8. — Fjárhús syðra — 2.—
9. — Dto. ytra — 4.—
10. — Fjárhúshlaða — 9.—
11. — Lambhús — 2—
12. — Hesthús — 1—
13. — Sama — 2.—
14. — Skemmu — 2.— = 60.—



Fráfarandi neitar að greiða leigulidabót þessa, þar sem hann segir ákveðið, að sér hafi verið lofuð jörðin í fyrravor eftirgjaldslaust og álagslaust, með því móti, að hann verði hús jarðarinnar fyrir skemmdagangi og annars hirti um jörðina, eftir því, sem hann hefði mátt og megin til.

Kúgildin eru 6 að tölu verða afhent um fardagaleytið í gildu lagi. Verði misklíð útaf afhendingu kúgildisánna eru 3 menn ákveðnir til að meta ærnar. Eru til þessa kjörnir þeir Einar Eyjólfsson á Sléttu, Þorlákur á Gautastöðum og sem oddamaður Jón G. Jónsson á Tungu.

Fleira var ekki óskað bókað.

Úttektargjörð upplesin og samþykt.

Guðm. Davíðsson

Jón G. Jónsson

Bogi Jóhannesson

Þórunn Jóhannesdóttir

Bogi borgað G. Dav 5.66
Þórunn — J.G.J. 5.66

## Stóraþverá.

Árið 1923, 25. Maí, var hreppstjórinn í
Holtshreppi staddur á Stóruþverá, ásamt
úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Lungu,
til þess, að taka út jörðina, ~~og~~ meta álag og
virða í álag, þegar Bogi Jóhannesson skilar
henni úr ábúð, en Guðrún Árnadóttir eig-
andi jarðarinnar tekur hana til ábúðar.
Fráfarandi og viðtakandi voru báðir til
staðar. Síðasta úttekt var ekki til staðar,
þar sem hreppstjóri bjóst ekki við að taka
þessa jörð út í dag, en þar á móti var tilstaðar
og sýnis: tala jarðar húsa og nöfn, álags
upphæðir og upphæðir þess, er virt var í álag,
þá er síðast var tekið út 8. Maí 1915.
Úttektin fór svo fram eins og hér segir:
1. Baðstofa 4.70 mtr × 3 mtr; 5 sperrur, 2 albit-
ar, 3 skammbitar 10 stoðir ca 2 al háar.
þéttlangbönd á sperrum og smárefti yfir;
2, 4 rúðugluggar eru á húsinu. Hurð er á
járnum við dyrastafi. Fráfarandi er búinn
að vera hér 7 ár, en 8 ár eru síðan út var tekið.
Húsið var mikið farið að gliðna þegar fráfar-
andi kom hingað, en hann reif ofan af því, fyrir 4 árum
lagaði grindina, setti nýjar stoðir í alla
baðstofuna, og hækkaði að vestanverðu þar að auki setti hann hálf-
stafn sunnan í baðstofuna og stóran



4 rúðuglugga þar á. Annar 4 rúðugluggi
minni er á fremsta hluta baðstofunnar.
Veggir allir nýir nema norðurstafn. Þaktorfan
Gallar á húsinu engir sjáanlegir, en fyrir
fyrningu gjörist álag ~~gj~~ Kr. = 50.–
2. Búr: 2.94 × 2 mtr; þrennar sperrur; 2
albitar, 1 skammbiti; 6 stoðir 2 al. ½, laus-
holt einlægi; 2 langbönd á hlið, auk mæni-
tróðu. Reisifjöl er utan á langböndum í
öllu húsinu. ~~skrálæst~~ Hurð á járnum
við dyrastafi. Húsið er tveggja ára og
sjást engir gallar á því. Áður var 2 rúðu
glugga á búrinu en nú 4 rúðuglugga á suður-
stafni, enda þar hálfstafn úr timbri. Veggir
og þak boðlegt. Álag gjörist Kr. = 2.–
3. Eldhús: 2.40 × 2 mtr. Húsið er 2 ára og þá
byggt að nýju af fráfaranda. Þrennar sperrur,
2 albitar, Stoðir 5 og 1 dvergstoð á aflinum;
stoðahæð 1.60 mtr.; Langbönd 6, 7 og 8 á
hlið. Engir gallar eru sjáanlegir á hús-
inu. Álag gjörist Kr. = 2.–
4. Göng, frá baðstofudyrum, til bæjardyra
4 × 1¼ mtr. þverreft, af stafni á vegg. Veggir
eru að mestu góðir. Viðir blautir að nokkru
og farnir að feyskjast. Húsið er 2 ára gamalt.
Annars eru gallar litlir sem engir. Álag Kr. = 4.–

5. Bæjardyr 4½ × 1.90 mtr. Húsið er 2 ára gamalt, og er nýrri hlutinn af framhúsi, sem ábúandinn á, sunnan dyranna. Hálfstafn er úr timbri að norðanverðu. Húsið er vel um vandað og gallalaust að sjá. Hurð er á járnum, við dyrastafi, klinku og loku= læst. Álag gjörist — Kr. " "

6. Fjós fyrir 3 kýr og 2 ungviði, 3.60 × 3.25 mtr. Húsið er 2 ára gamalt stoðir 1½ mtr Fernar sperrur, 2 albitar, 1 skammbiti. Húsið er vel um vandað og gallalaust að sjá. Enginn skilrúm og heldur ekki flórstæðir né lausir bitar tveir fylgja fjósinu. Álag gjörist Kr. = 4.—

7. Þil sunnan bæjardyra — = 4.—

Álag verður þá alls:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. á baðstofu | = | 50.— Kr. | | |
| 2 — búr | = | 2.— — | | |
| 3 — eldhús | = | 2.— | | |
| 4. — göng | = | 4.— | | |
| 5 — bæjardyr | = | " — | | |
| 6 — fjós | = | 4.— | = | 62.— |
| 7 — þil sunnan bæjardyra | | 4.— | = | 66.— |

Uppí þetta álag er virt:

1. Rúmstæði 2 í baðstofu og þiljur allar í baðstofunni, gólf og milliþil = 30.—
2. Fremri skellihurð með áfestum fjölum 2.—

Fl. 32.—



| | | |
|---|---|---|
| | Flutt = | 32.— |
| 3. Umbætur á bæjardyrum | = | 10.— |
| 4. Framhús, sunnan bæjardyra | = | 708.— |
| 5. Syðra fjárhús | = | 75.— |
| 6. Ytra dto. | = | 60.— |
| 7. Næsta dto. | = | 65.— |
| | Samtals Kr. = | 950 — |

Þess skal getið að eigandi hefir lagt 50 kr. til byggingar og dragast því frá þessari upphæð Kr. = 50.—
Ennfremur álagsupphæðin — 66 = 116.—

Eftir verða þá Kr. = 734.—

sem jafnast í millireikningi fráfar= anda og viðtakanda.

Kúgildin er 9 að tölu, eða fullvirði þeirra (kýr) afhendist um fardagaleytið í fullgildu lagi.—

Fleira var ekki óskað bókað.

Úttektargjörðin upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson

Jón G. Jónsson

Bogi Jóhannesson

Guðrún Árnadóttir

# Bjarnargil. 1923.

Árið 1923, 26. Maímánaðar, var
hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á
Bjarnargili ásamt úttektarmanni
Jóni G. Jónssyni á Tungu, til þess að taka
út jörðina, ~~þegar~~, meta álag og virða í álag,
þegar Sigurður Jónsson skilar henni úr
ábúð, en Sveinn Jónsson tekur hana til á=
búðar. Fráfarandi og viðtakandi voru
báðir til staðar. Eigandi, eða umboðsmaður
hans — E. Fr. Möller í Haganesvík — var
ekki til staðar, en hafði þó verið gjört
aðvart um úttektina. Síðasta út=
tekt var ekki til staðar, en þar á móti
var til staðar skoðunargjörð á húsum
jarðarinnar, ~~af~~ (bls 122 hér að framan).
Úttektin fór svo fram eins og hér segir:
1 Baðstofa: Húsið er í sama formi og að öllu
óbreytt frá því, sem var við nefnda skoðunar=
gjörð. Gallar eru þeir sömu og verið hafa
nefndir í skoðunargjörðinni; þó eru ekki
nema 5 rúður brotnar nú í stað 8 í fyrra.
Búast má við að þrjár stafir að austan=
verðu sé farnar að feyskjast og fúna að neðan.



Að öðru leyti virðist húsið vera í sama
ásigkomulagi og í fyrra.
Leigulíðabót yfir árið Kr. = 5.—
2. Búr, eldhús, fjós, undir sama risi.
Húsum þessum er lýst í nefndri skoð=
unargjörð og vísast til hennar. Fráfarandi
hefir hlaðið austurvegg fjóssins að mestu.
Annars hefir hann ekkert gjört við húsið.
Er því eðlilegt að því hafi hnignað dálítið
hvað viði snertir. Þak er afleitt eins og
lýst er í fyrra. Leigulíðabót Kr. = 10.—
3. Göng. Hvað stærð snertir, vísast til nefndrar
skoðunargjörðar. Ekkert hefir verið gjört við
húsið og er ásigkomulag þess svipað og
var í fyrra. Hefir eðlilega heldur fyrnst.
Kr. = 1.—
4. Bæjardyr: Sama stærð og í nefndri
skoðunargjörð. Húsið virðist vera í sama
ásigkomulagi og í fyrra. Leigul. bót Kr. = 1.—
5. Fjárhús 2 úti á túni. ~~Frá~~ Stærðin
er tiltekin í nefndri skoðunargjörð.
Fráfarandi hefir rifið ofan af syðra hús=
inu og sett það upp aftur og þakið að nýju.
Ytra húsið hefir hann ekkert gjört við og
hefir því þessvegna hnignað svo sem
von er til og eðlilegt er. En þegar tillit er
tekið til þessa og hins að viðir hafa fyrnst

í sydrahúsinu og svo aftur í móti þessu að fráfarandi hefir endurbætt húsið, þá er hann gjörður leigulidabótarfrý á bædi " " húsin.

6. Skemma. Stærð sama og í nefndri skoðunar gjörð. Húsið virðist vera í sama ásigkomulagi og það var við seinustu skoðun. En vegna fyrningar gjörist leigul.bót Kr. = 2. —

7. Hesthús. Sama stærð og sama ásigkomulag og við nefnda skoðunar gjörð. En fyrir fyrningu gjörist Kr. = 1. —

Leigulidabótin verður þá alls:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. á | badstofu | 5. — | |
| 2 — | búr etc. | — 10. — | |
| 3 — | göng | — 1. — | |
| 4 — | bæjardyr | — 1 — | |
| 5 — | fjárhús | " — | |
| 6. | Skemmu | 2. — | |
| 7. | Hesthús | 1. — | = 20. — Kr. |

Viðtakandi biður þess getið, að heytóttir sé í mjög slæmu ásigkomulagi, sérstaklega fjóstóttin og hesthústóttin. En þar sem tóttir þessar munu vera í sama ásigkomulagi og þær voru í fyrra



er fráfarandi ekki gjört að skyldu að svara leigulidabót á þær. Og ef ~~hann~~ viðtakandi gjörir við tóttirnar, virðist hann eiga borgun fyrir það hjá jarðeiganda. Kúgildi fylgir ekkert jörðunni.

~~Fleira var ekki ú skoð. bókað~~

Viðtakandi tekur á móti leigulidabótinni hjá fráfaranda og jafnast sú upphæð í milli reikningi þeirra.

Fleira kom ekki til bókunar.

Úttektin upp lesin og samþykt.

Guðm. Davíðsson

Jón G. Jónsson

Sigurður Jónsson

Sveinn H. Jónsson

Sv. til J. G. 7 6. —
Sig. Jóns. til [illegible] 6. —

# Reykjarhóll 1923.

Árið 1923, þ. 26. Maí, var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Reykjarhóli, ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu til þess að taka út jörðina, þegar Sveinn Jónsson skilar hálflendunni en Guðbjörn Jónsson tekur hana til ábúðar. Fráfarandi og viðtakandi voru báðir til staðar. Síðasta úttekt var til staðar og sýnis.

Úttektin fór svo fram eins og hér segir:

1. Baðstofa: Húsið er með sömu stærð og sagt er frá í úttekt 9. Maí 1921 (bls. 97 hér að framan). Húsið er í mjög svipuðu ástandi og um er getið í nefndri úttekt. Ábúendur (fráfar. og viðt.) hafa þakið húsið og hlaðið skjólveggi, svo það er nú miklu betra en þá var.[1] Álag gjörist Kr = 60.—

2. Búr. Sama stærð og í nefndri úttekt. Húsinu virðist ekki hafa farið aftur síðan síðast var tekið út, nema hvað eðlilegri fyrningu hlýtur að taka til greina. Álag verður þá Kr.: 20.—

[1] Húsið virðist vera gliðnað um miðju, en ábúendur segja, að lausholtið austara hafi verið bogið í fyrstu og því sýnist þetta svo.



3. Eldhús. Húsið er með sömu stærð og í sama formi eins og um getur í nefndri úttekt. Ekkert hefir verið gjört við húsið og eru því gallar þeir sömu og þar er lýst en hafa vitanlega ágerst ofurlítið.
Álag gjörist. Kr. = 12.—

4. Göng og bæjardyr í einu lagi. Húsið er í sama formi og við nefnda úttekt. Húsinu hefir hnignað mikið síðan 1921. Einar sperrur brotnar og m. a. mitrófa fúin í sundur á 3 stafgólfum. Má svo heita, að þau sé alveg fallin að yfirbyggingu, vegna fúa. Annars er undirbygging góð og veggir sömuleiðis. Þak lélegt. Er nauðsynlegt að rífa ofanaf húsinu. Álag = 26.—

5. Fjós. Sama stærð og nefnd er í umgetinni úttekt. Svipað ásigkomulag og þá var. Vesturveggur moldrunninn að innanverðu. Viðir farnir að feyskjast, þó ekki áberandi svo að um muni.
Álag gjörist Kr. = 10.—
— = 16.—

6. Kúgildishús

Álag verður þá alls:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. á baðstofu | = 60.— | | |
| 2. — búr | = 20.— | | |
| 3. — eldhús | = 12 | Fl. = | 92.— |

H = 92.- Kr.

4. göng = 26.-
5. Fjós = 10.-
6. Kúgildishús = 16 = 52 = 144.-

Af álagi þessu ber fráfaranda að borga Kr. = 72.-

Helmingur af
Uppí þetta álag (Kr. 72.-) er virt: þiljum allaminnanum baðstofu ásamt 4 rúmstæðum — 2 föstum og 2 lausum — föstum skápum o.s.frv. fyrir Kr. = 78.75 þ.e. hluti fráfaranda (= 175.- Kr. ÷ 5% fyrn. í 2 ár 17.50 = 157.50; skift í tvo staði = 78.75 Kr.). Á þá fráfarandi hjá viðtakanda 5.25, sem jafnast í millireikningi þeirra.

Kúgildis er 4 að tölu verða afhentar í gildu lagi í fardögum.

Fleira er ekki óskað bókað.

Úttektargjörð upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson
Jón G. Jónsson
Guðbjör Jónsson
Sveinn H. Jónsson

Sv. 417. J.J. 6. 6 - 03



Árið 1924, þann 27. Maí, var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Sléttu ~~til að taka~~ ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu til að taka út jörðina, þegar Einar Eyjólfsson skilar henni úr ábúð, en Bogi Jóhannesson tekur hana til ábúðar. Fráfarandi og viðtakandi voru báðir til staðar. Eigandi jarðarinnar Böðvar Jónsson Bjarkan á Akureyri var eigi viðstaddur og enginn fyrir hans hönd. Síðasta úttekt var til staðar og sýnis.

Úttektin fór svo fram, eins og hér segir:

1. Baðstofa. Húsið er í sama formi og var við síðustu úttekt og stærð hin sama. Fráfarandi hefir sett 3 staðir að nýju undir austurhlið og eina stoð undir vesturhlið á milli gugganna. Ennfremur hart í vestara lausholt. Tvo glugga hefir hann sett nýja í baðstofuhúsið, stóra og birtugóða. Þakið hefir hann húsið tvisvar yfir sinn ábúðartíma.
Gaflar eru þeir sömu á húsinu sem voru hvað veggi snertir. Þak er lélegt. Ein stoð-næst syðstu — að austanverðu er fúin. Yfir=grind er góð og mun lítt fúin. Álag Kr. = 124.-

2. Búr. Húsið er með sömu stærð og var við síðustu úttekt. Fráfarandi hefir rifið ofanaf húsinu og hækkað það að stærðum; reisiföl úr tunnustöfum er á öllu húsinu og fer vel á. Annars er húsið skaðlegt. Þó eru veggir blautir og moldrunnir eins og þeir voru. Þak er gott á húsinu. Viðir eru blautir en ófúnir.

Álag gjörist Kr. = 23.—

3. Eldhús: Húsið er nú nordanvert við bæjardyr og er 5 × 3 al. 1 albiti – þylmegin – 2 skammbitar, einlæg lausholt; 6 stafir 2¼ al, 18 langbönd á hlið ; hálfþil er á húsinu framá hlaðið og tveggja rúðu gluggi á. Húsið er gamallt og grannviðað. og snarað dálítið. Þak lélegt.

Álag gjörist Kr. = 25.—

4. Göng. Með stærð sömu og var í síðustu úttekt. fráfarandi hefir rifið ofanaf húsinu, um leið og hann byggði búrið. Gallar eru þessir: Viðir farnir að fúna meir og minna; lausholt – áframhald af búrs lausholti – brotið. Veggur nordanvið göngin blautur. Þak eins og á búrinu – gott.

Álag gjörist Kr. = 12.—

5. Bæjardyr: Húsið með sömu stærð og var við síðustu úttekt. Fráfarandi hefir rifið ofanaf húsinu og lagað það og bætt við í það. Ennfremur hlaðið upp báða veggi – að nordan og sunnan.



Gallar eru þeir helstir, að viðir eru farnir að feyskjast. — Þak er boðilegt.

Álag Kr = 12.—

6. Fjós. Húsið er einhala fjós og fyrir 5 kýr. Húsið hefir verið fært þannig, að það er nú þar sem eldhúsið var áður – sunnan bæjardyra. 6 sperrur, 12 stafir, 2¼ al., 3 albitar, 9 langbönd á hlið til jafnaðar. Hurð á járnum á milli fjóss og bæjardyra. 1 tveggja rúðu gluggi er á austurhlið hússins – þakinu.

Gallar eru þessir: Viðir blautir en lítt fúnir. Vesturveggur allur blautur og moldrunninn. Þak gott. Þess skal getið að af nordursperrum er refta vegg, og eins hins að pappi er á milli þaka á vesturhlið. álag gjörist Kr. = 30.—

Álag verður þá alls:

1. Á baðstofu Kr. = 124.—
2 — búr — = 23.—
3. — eldhús — = 25.—
4. — göng — = 12.—
5. — bæjardyr — = 12.—
6 — fjós — = 30 = 226.—

Uppí þetta álag er virt:

1. Þiljur innanum baðstofuhús með 2 rúmstæðum

gólfi og þyli á milli baðstofuhúss og fram-
baðstofu – maskinuhúss – Kr. = 43. –
2. þyljur í frambaðstofu, bekkurundir
glugga og gluggafrag – = 4. –
3. Gluggi á norðurstafni gangna – = 2.50
4. Sydrafjárhús – = 90. –
5. Hesthús – = 30. –
6. Eldiviðarkofi – = 10. –

Samtals = 179.50

Mismunur álagsins og þess, sem virt er í álag er þá Kr. = 46.50.

Við síðustu úttekt er þess getið, að jarðareigandi hafi keypt í húsum fyrir Kr. 70.00 og hafi Jóh. Friðbjarnarson átt að taka þessar krónur. En þar sem úttektarmenn vita ekki – og heldur ekki hinir, sem við úttektina eru – hvort eigandi hefir greitt Jóh. Kr. þessar, þá má svo vera að Jóh. Frb. eigi enn í húsunum þessar 70 Kr. En þar sem við síðustu úttekt Skemman og ytra fjárhús eru metin á 70 Kr. þá virðist sanngjarnt að þessi tvö hús og umgetnar 70 Kr. metist, en álag á þau í þessi 6 ár orðið metið 12 krónur (á fjárhúsið en 6 Kr. á skemmuna).



Mismunurinn verður þá alls Kr. 64.50 og borgast í millireikningi fráfaranda og viðtakanda.

Hreinsun húsa og tótta annast ~~fráfarandi~~ viðtakandi fyrir fráfaranda og semja þeir um borgun fyrir það.

Kúgildi af 12 að tölu tekur viðtakandi gildar.

Fleira var eigi óskað bókað.

Úttektargjörð lesin og samþykkt.

Ath. þess skal getið, að fráfarandi hefir sléttað nokkuð í túni og hlaðið garð fyrir Fljótað, svo hún ekki flæði uppá engið, ~~fyrst~~ úr grjóti og 2. úr torfi með sandpokum innaní, til samans ca. 10–12 faðmar.

Guðm. Davíðsson
Jónas G. Jónsson
Bogi Jóhannesson
Einar Gjálfsson

## Minnaholt.

Árið 1924, þann 27. Maí var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Minnaholti, ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu, til þess að taka út jörðina, meta álag og virða í álag þegar Árni Kristjánsson skilar henni úr ábúð og Hallgrímur Arngrímsson tekur hana til ábúðar. Fráfarandi og viðtakandi voru báðir til staðar. Eiganda jarðarinnar Jóni Jóhannessyni hafði verið gjört aðvart um úttektina, en hann var þó eigi mættur. Síðasta úttekt var til staðar og sýnd. Úttektin fór svo fram, eins og hér greinir:

1. Baðstofa: Húsið er í sama formi eins og við síðustu úttekt (bls. 116 hér að framan). Fráfarandi hefir hlaðið upp hálfstafn að sunnan. Annars hefir hann ekkert gjört við það. Gallar eru þeir sömu og um getur í nefndri úttekt, en hafa eðlilega ágerst nokkuð. Hurð með dyraumbúnaði hefir hann látið í eldhúsdyr, á milli eldhúss og baðstofu. 5 rúður eru brotnar í gluggum. Álag gjörist Kr. = 112.—

2. Búr: Með sömu stærð og í nefndri úttekt. Húsið er illa statt að veggjum. Viðir eru farnir að fúna sérstaklega langbönd og árefti. Þak er bærilegt. Álag gjörist Kr. = 35:—



3. Eldhús. Með sömu stærð og ummerkjum og við síðustu úttekt. Fráfarandi hefir ekkert gjört við húsið nema sett hurð fyrir — eins og áður er getið. Annars er húsið í svipuðu ástandi eins og við nefnda úttekt. En þó eðlilega aftur, þar sem ekkert er gjört við það. Hlóðir eru þó betri en áður var.
Álag gjörist Kr. = 30.—

4. Fjós: Með sömu stærð og í nefndri úttekt. Fráfarandi reif ofan af austurhlið hússins; hlóð austurvegg — á bak við jötur og jöturnar með, setti brúnás og ýmsa rafta, jötustokka og skilrúm. Suðurstafn er moldrunninn að innanverðu og óstæðilegur. Gang á milli fjóss og ~~[illegible]~~ eldhúss hefir fráfarandi líka rifið og gjört ofan yfir aftur.
Álag gjörist Kr. = 20.—

5. Göng. Með sömu ummerkjum og í nefndri úttekt. Ekkert hefir verið gjört við húsið; enda nýlega byggt.
Álag gjörist Kr. = 8:—

6. Bæjardyr: Með sömu ummerkjum og í nefndri úttekt. Eigandi ætlaði að rífa húsið sem er sunnan bæjardyranna og byggja það upp að nýju en ekki hefir orðið af því. Það er því ekki hægt að leggja neitt álag á ~~það~~ hús þetta.

7. Kúgildishús: Fyrir 10 kindapláss gjörist Kr. = 15:—

Álagið verður þá alls:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. á baðstofu | Kr. | = | 112.– |
| 2. – búr | – | = | 35.– |
| 3. – eldhús | – | = | 30.– |
| 4. – fjós | – | = | 20.– |
| 5. – göng | – | = | 8.– |
| 6. – bæjardyr | – | = | " |
| 7. – Kúgildishús | | = | 15.– = Kr. 220.00 |

Uppí álag þetta er ekkert virt þar sem fráfarandi og viðtakandi ætla að semja um greiðslu í því sín á milli.

Kúgildis ær 9 að tölu verða afhentar í gildu lagi í fardögum.

Fleira var ekki óskað bókað.

Úttekt upp lesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson
Jón G. Jónsson
Hallgrímur Arngrímsson
Árni Kristjánsson



## Skeið.

Árið 1924, 5. Júní var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Skeiði, ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni í Tungu, til þess að taka út jörðina, þegar Bogi Jóhannesson skilar henni úr ábúð. Enginn er viðtakandi sem ábúandi og tekur eigandi jarðarinnar við henni. Fráfarandi og viðtakandi eru báðir til staðar. Vegna eiganda – Siglufjarðarkaupstaðar – er viðstaddur úttektina Guðbrandur Árnason bóndi á Saurbæ. Hafði bæjarfógetinn í Siglufirði beðið hreppstjóra að útvega mann til að vera við úttektina og hafði hann fengið Guðbrand. Síðasta úttekt var til staðar og sýnis.

Úttektin fór svo fram eins og hér segir:

1. Baðstofa. Með sömu ummerkjum og var við síðustu úttekt. Ekkert hefir verið gjört við húsið nema það þakið að sunnanverðu. Gallar hafa ekki sýnilega aukist síðan í fyrra, en þó er fráfaranda gjört að skylduað svara eiganda 15 krónum yfir árið. Verður þá upphæð sú, sem honum ber að svara fyrir baðstofuna Kr. = 25.–
2. Búr: Með sömu ummerkjum og við síðustu úttekt. Ekkert hefir verið gjört við húsið. Gallar hafa ekki sýnilega aukist, en fyrir fyrningu eru gjörðar 4 kr. yfir árið. Ber því fráfaranda

að standa skil á Kr. = 8.—
3. Eldhús: Með sömu ummerkjum og við síðustu
úttekt. Ekkert hefir verið gjört við húsið. Gallar
ekki sýnilega aukist. Fráfaranda gjört að
skyldu að svara 1 krónu í leiguliðabót yfir
árið. Alls því Kr. = 3.00
4. Göng: Með sömu ummerkjum og við síðustu
úttekt. Ekkert hefir verið gjört við húsið.
Gallar ekki sýnilega aukist. Álagsauki
yfir árið Kr. 3.00. Alls því Kr. = 9.00
5. Bæjardyr: Með sömu ummerkjum og við
síðustu úttekt. Ekkert hefir verið gjört við
húsið. Gallar ekki sýnilega aukist.
Álagsauki yfir árið 1 Kr. Alls því Kr. = 3.—
6. Fjóshlaða: Húsið er með sömu ummerkjum
og við síðustu úttekt. Fráfarandi hefir rifið
ofanaf húsinu og bygt að nýju. En það sem
hann hefir ekki tekið við nema 8 kr. af 68 kr.
álagi, sem lagt hefir verið á húsið þá virðist
úttektarmönnum að fráfaranda beri að fá
greiðslu fyrir byggingu þessa; og er hún
metin Kr. = 50.—, sem hann á að fá frá
eiganda.
7. Fjós: Með sömu ummerkjum og við síðustu
úttekt. Gallar hafa ekki aukist, svo sjáan-

sé. Álagsauki 3 Kr. Alls því Kr. = 9.— 
8. Fjárhús yfir 28 kindur — syðsta hús. Með
sömu ummerkjum og við síðustu úttekt. Frá-
farandi hefir þarkið aðra hlið hússins. Gallar ekki
aukist svo séð verði. Álagsauki yfir árið 1 Kr. = Alls þá 3.—
9. Fjárhús úti á túni; syðra hús. Með sömu umm.
og við síðustu úttekt. Fráfarandi hefir rifið ofanaf
parti af ytri kró og bætt í einni stað.
Gallar ekki aukist svo séð verði. Álagsauki
yfir árið Kr. 2.— Alls því Kr. = 4.—
10. Fjárhús úti á túni; ytra hús. Með sömu skorð og
við nefnda úttekt. Ekkert hefir verið gjört við
húsið. Rafta vanta 4 á suðurhlið; 1 á norðurhlið. Álags-
auki yfir árið Kr. = 6. Alls því Kr. = 10.—
11. Fjárhúshlaða: Með sömu skorð og við síðustu
úttekt. Fráfarandi hefir rifið ofanaf hús-
inu og bygt af nýju að viðum og þaki.
Álag á hús þetta var orðið Kr. 129 Kr. eins og 3
síðustu úttektir bera með sér. Það af hefir fráfar-
andi aðeins fengið Kr. 9.— (frá síðustu úttektinni)
Ber því eiganda að greiða honum það sem á vantar
af álaginu eða Kr. 120.—
12. Skemma: Með sömu ummerkjum og við síð-
ustu úttekt. Gallar ekki aukist svo séð
verði. Álagsauki Kr. = 1.— Alls því Kr. = 3.00
13. Smiðjuhús: ofanvið bæinn. Með sömu umm.

og við síðustu úttekt. Ekkert hefir verið gjört við húsið og því ekki sýnilega farið aftur. Álagsauki Kr.: 1.– Allsþví 2.–

14. Hesthús suður á túni. Húsið er alveg fallið og er fráfaranda gjört að skyldu að svara Kr. 25 fyrir við í húsið og verk að koma ofanyfir það aftur.

Álag sem fráfaranda ber að svara verður þá alls:

1. á baðstofu Kr. = 26.–
2. á búri — — = 8.–
3. — eldhús — — = 3.–
4. — göng — — = 9.–
5. — bæjardyr — — = 3.–
6. — fjós — — = 9.–
7. — fjárhús syðsta — = 3.–
8. — — syðra — = 4.–
9. — — ytra — = 10.–
10. — ~~Skemmu~~ Skemmu — = 9.–
11. — hesthús — = 2.–
12. — hesthús — = 25.– = 104.– krónur

Fyrir bygginguna baðstofu og fjárhússhlöðu á fráfarandi Kr. = 157.– Ber því eiganda að greiða fráfaranda Kr. 57.–



Fráfarandi annast tóttarfelli og hreinsun húsa.

Kúgildis ær 6 að tölu eru ennþá geymdar hjá fráfaranda, þar sem eigandi hefir enga grein gjört fyrir því hvað við það eigi að gjöra. Vill fráfarandi fá það í bygginguna yfir árið, ef svo um semdi og lofar hreppstjóri að grennslast eftir þessu.

Fleira var ekki óskað bókað.

Úttektargjörð lesin og samþykkt

Guðm. Davíðsson
Jón G. Jónsson
Gunnl. Árnason
Bogi Jóhannesson

## Helgustaðir.

Árið 1925, þann 5. Júní, var hreppstjórinn í Hjaltastaðarhreppi staddur á Helgustöðum til að taka út jörðina, þegar Kristinn Ásgrímsson skilar henni úr ábúð. Hinn lögskipaði úttektarmaður Jón G. Jónasson í Tungu var forfallaður og var í stað hans við úttektina Hannes bóndi Hannesson á Melbreið. Eiganda jarðarinnar Snæbirni Hjálmarssyni hafði verið gjört að vart um úttektina, en var eigi kominn þá er úttektin byrjaði. Enginn er viðtakandi nema eigandi sjálfur. Síðasta úttekt til staðar og ágrein.

Úttektin fór svo fram eins og hér segir:

1. Baðstofa. Í sama formi eins og var við síðustu úttekt 8. Júlí 1922, bls. 131 hér að framan. Fráfarandi hefir gjört mikið við baðstofuna, sama árið og hann kom á jörðina: Öll undirgrind er ný, að meðtöldum einlægum lausholtum og tveimur álleitum, austurvegg hefir hann hlaðið allan frá grunni og norðurstafn neðan frá dyrum og uppúr. Annar glugginn (6 rúða) er sá sami en hinn glugginn er nýr. Í 6 rúðugluggannum eru 3 rúður brotnar og kíttlaðar, og í 4 rúðugluggannum er ein rúða brotin. Yfirgrindin er sú sama,



og reisifjölin í hálfri baðstofunni, en í helmingnum (fremri hlutanum) er pappi í stað reisifjalar. Húsið er mjög vel útlítandi og gagnlegt því er áður var.

Álag gjörist Kr: = 15.—

2. Búr og eldhús undir sama risi: 9½ × 5 al.; 2 albitar, 2 skammbitar; 12 stoðir, 2¼ al. háar; 6 sperrur með ca 3½ al. kjálka. Súðað með langböndum. Þil er á milli búrs og eldhúss með skrálæstri hurð á járnum ~~í þyli~~ 2, 4 rúðugluggar eru á húsinu. Norðurstafn er nýr niður að ~~glugga~~ dyrum miðju og sömuleiðis austurveggur og það sunnanverður niður í gegn. Vesturveggur er allur nýr, nema ofurlítið horn í s. vestur horni eldhússins. Grindin er öll ný og margt af langböndum. Hurð á járnum er fyrir eldhúsinu. Húsin eru miklu stærri en þau voru áður og að öllu miklu álitlegri. Álag gjörist — „ —

3. Gangur á milli ~~búrs~~ baðstofu og bæjardyra er nýlega byggður upp af fráfaranda og virðist vera vel stæðilegur að viðum og veggjum, en þar sem húsið er áður talið fallið, þá er það gjört álagsfrítt. Álag — „ —

4. Bæjardyr: Í sama formi og áður var, en nokkuru styttra og virðist það húsabót en ekki galli. Húsið er með sömu einkennum og áður var að öðru leyti; þó er nýbyggður

veggur á milli bæjardyra og búrs.

Álag gjörist Kr. = 30.–

5. Kúgildishús. Fyrir 10 kindapláss gjörist fráfaranda að borga Kr. = 20.–

Þess skal getið að þök öll á húsunum eru boðileg, en þó trosnuð.

Álag verður þá alls:

1. á baðstofu Kr. = 15.–
2. á búr og eldhús — = " –
3. á gang — = " –
4. á bæjardyr — = 30.–
5. – kúgildishús — = 20 = 65.–

Fyrir stækkun og aðrar bætur á eldhúsi og búri gjörist fráfaranda Kr. 30.–

Er þá eftir af álaginu Kr. = 35.–,
sem fráfaranda ber að greiða.

Hús o.fl., sem fráfarandi á á jörðunni er virt þannig:

1. Fjárhús Kr. 60.–
2. Hesthús — 20.–
3. Fjós — 25.
 105.

Flutt Kr. = 105.–
4. Bekkur í búri, skápar o. þyljur = 10.–
6. gólf og þyljur í baðstofu = 100.–
Samtals: 215.–



Af þessari upphæð Kr. = 215.– vill eigandi, sem nú var kominn á vettvang ekki kaupa hesthús og fjós á Kr. = 45.– Alls kaupir hann þá af fráfaranda fyrir Kr. 170.–
þar frádregst álagsupphæðin — 35.–
Eftir verða Kr. — 135.–,
sem jafnast í millireikningi fráfaranda og eiganda.

Fleira kom eigi til athugunar, og eigandi hafði ekkert við burtför fráfaranda að athuga.

Þess skal getið, að þar sem hvorki eigandi né erfingjar Hjálmars sál. vilja greiða þær Kr. = 18.–, sem getið er um í síðustu úttekt, þá áskilur fráfarandi sér rétt til að leita úrskurðar sýslumanns á því máli síðar.

Úttekt upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson.
Hannes Hannesson
Snæbjörn Hjálmarsson
Kristinn Ásgrímsson

## Skeið

Árið 1925, þann 6. júní var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Skeiði, til þess, að taka út jörðina og meta álag þegar Siglufjarðarbær skilar jörðinni, en Jóhann Benediktsson tekur hana til ábúðar. ~~Vegna við-~~ Lögskipaður úttektarmaður hreppsins Jón G. Jónsson á Tungu var til staðar við úttektina. Vegna viðtakanda var staddur við úttektargjörðina: Guðmundur bóndi Benediktsson á Minni-Brekku. Vegna Siglufjarðarbæjar var viðstaddur, eftir samráði við Flóvent Jóhannsson, fasteignanefndarmann bæjarins: Páll bóndi Jónsson á Illugastöðum. Síðasta úttekt var til staðar og sýnir.

Úttektin fór svo fram eins og hér segir: Þess skal getið, þegar í byrjun, að jörðin hefir staðið í eyði s.l. fardagaár og enginn maður hefir heldur í húsunum dvalið. Ennfremur skal þess getið að öll húsin eru í sama formi og var við síðustu úttekt, og kemur því ekki til mála annað en að meta álagsviðauka yfir árið og lýsa húsum, sérstaklega hvað aukna galla snertir.



1. Baðstofa: Húsinu hefir hrakað öll ósköp síðan í fyrra, þá er tekið var út. Fúi hefir aukist í þiljum og grind til mikilla muna. Suðurendi austurlausholts er grautfúinn orðinn og margir staðir þeim megin, sérstaklega undan gluggum. Gólfbiti við austurstafn – þilstafninum er grautfúinn og gólfið alveg gengið frá þilinu. Súlþar ytra þilið út neðanvið glugga og hriktist alt og skelfur, ef við það er komið; sér út í gegnum tvöfalt þilið. Fúaþallar hafa stækkað og* sortnað í þiljum og lofti í austurhúsi. Skjólveggurinn er ónýtur og sprunginn frá reisifjöl að norðanverðu, enda sér út um reisifjölina. Annars má þak á norðurhlið vesturenda teljast ónýtt á húsinu. Reisifjöl er fúin að utan og langbönd sömuleiðis, þar sem hægt er að ná til þeirra í gegnum gloppurnar á þakinu. Stór rúða í austurenda brotin og í vesturenda stór rúða og lítil rúða. Undirstaða reykjarpípu er hrunin og er stórhætta á að hún hrynji, ef eigi er að gjört. Skammbitahöfuð og árefti meir og minna fúið. Öll er baðstofan glitruð.

Álagsauki yfir árið gjörist Kr.= 65.–

---

* og vesturhúsi.

2. Búr: Húsið má heita fallið – snarað fram á hlaðið. Þykkstafninn er allur sprunginn og rifinn. Viða vantar rafta og flestir þeir sem eftir eru, eru fúnir og feysknir. Læsing fyrir búrhurð er eyðilögð. Veggir blautir og moldrunnir. Allur pappi, sem var í búrinu er eyðilagður. Þak ónýtt. Glugginn, sem á var húsinu fram á hlaðið er ónýtur og er eitt gat í staðinn gluggalaust.

Álagsauki gjörist Kr. = 24.—

3. Eldhús: Húsið má heita gjörfallið. Til dæmis um þetta má geta þess, að aðeins tveir staðir eru undir húsinu og flest langbönd brotin. Þak ónýtt, veggir sprungnir og með gúlpum og geilum. Álagsauki gjörist Kr. = 24.—

4. Göng: Húsið er fremur stæðilegt að veggjum og viðum; en þó vanta mörg sprek sérstaklega á annari hliðinni.

Álagsauki gjörist Kr. = 10.—

5. Bæjardyr: Húsið er snarað fram á hlaðið og til suðurs og má telja það að nokkru fallið, þessa vegna. Viðir eru ~~fúnir~~ meir og minna fúnir og feysknir.

Álagsauki gjörist Kr. = 6.—



6. Töðuhlaða: Húsið er nýlegt, eins og um getið er í síðustu úttekt. Húsinu hefir hrakað frá því í fyrra, sérstaklega má geta þess, að ~~bitahof~~ laushalt hefir fúnað í N. austurhorni og er alveg fallið frá bitanum um ca. 1/4 al. út og byrjað snar á hlöðunni í austurátt. Vesturveggur legst á grindina. Austurveggur er farinn að gúlpa út bæði utan og sunnan hlöðudyra. Þak troðið og lélegt.

Álag = álagsauki Kr. = 30.—

7. Fjós: Hús þetta má heita gjörfallið að veggjum og viðum. Til dæmis um þetta má geta þess, að annar mæniásinn er tvíbrotinn, 15 máttarrafta vantar og eina ásstoð. Þak er ónýtt. Útigangur úr fjósi er mjög lélegur og eru viðir í honum meir og minna ~~gra~~ fúnir. Álagsauki Kr. = 30.—

8. Fjárhús yfir 28 kindur. Vantar annan dyrastaf og þröskuld. Annars er húsið stæðilegt að veggjum og viðum, en þó farið að feyskjast og fúna raftaendar. Húsið er hálffullt með snjó. Þak troðið og troðnað. Álagsauki Kr. = 10.—

9. Fjárhús úti á túni. Syðra hús. 7 eða 8 rafta vantar í húsið; sömuleiðis garðastokk að sunnanverðu. Flestir raftar á suðurhlið[1]

[1] 1 rafti vantar.

inni eru bognir inn eins og gleidur klyf=
berabogi og meiga heita ónýtir. Þak ó=
nýtt. Veggir bærilegir. Álagsauki Kr. = 30.–
10. Fjárhús úti á túni. Ytrahús. Húsið er bæri=
lega stæðilegt að veggjum og viðum.
Þak ónýtt. Álagsauki fyrir fyrningu Kr. = 20.–
11. Fjárhúshlaða: Húsið er nýlegt, enda vel
stæðilegt að veggjum og viðum. Eitt lang=
band er þó brotið og einn staður farinn að bogna
til muna undan vegg. Þak troðið,
en þó bærilegt. Álagsauki Kr. = 10.–
12. Skemma. Grindin er öll orðin ramm=
skæld og skökk. Mænitróða öll á burt,
rafta vantar nokkura; þak mold=
runnið og traðið veggir lélegir orðnir.
Fúi víða í grind og röftum. Álags=
auki gjörist Kr. = 10.–
13. Hesthús ofanvið bæinn (Nº 13 í síðustu
úttekt) Velstæðilegt að viðum, veggjum
og þaki. Álagsauki vegna fyrningar Kr. = 4.–
14. Hesthús suður og upp á túni. Gjörsamlega
horfið úr sögunni – enda ævagömul
ónýtir kofar eftir fyrir því. Fráfar=
andi síðasti hefir greitt eiganda 25 Kr.
fyrir það, eins og síðasta úttekt ber
með sér. Það verður því enginn



álagsauki.
Þess skal getið, að vörsluskurður ca
200 mtr. langur, sem getið er um í úttektar=
gjörð frá 3. Júní 1921 (bls 107) er alveg
af sér genginn, en þar sem aldrei hefir verið
lagt álag á mannvirki þetta, virðist haldur
ekki skylda að gjöra það nú. Sama máli
er að gegna með fjárréttina, sem líka er
getið í nefndri úttekt.

Álagsauki verður þá alls:

| | | |
|---|---|---|
| 1. á baðstofu | Kr. = | 65.– |
| 2. – búr | – = | 24.– |
| 3. – eldhús | – = | 24.– |
| 4. – göng | – = | 10.– |
| 5. – bæjardyr | – = | 6.– |
| 6. – töðuhlaða | – = | 30.– |
| 7. – fjós | – = | 30.– |
| 8. – fjárhús | – = | 10.– |
| 9. – | – = | 30.– |
| 10. – fjárhús | – = | 20.– |
| 11. – fjárhúshlaða | = | 10.– |
| 12. – Skemma | = | 10.– |
| 13. – hesthús | = | 4.– = 273.– |

Kúgildisær, 6 að tölu eru afhentar og teknar
gildar af Viðtakanda.
Fleira kom eigi til bókunar. Úttekt upp=
lesin og samþykkt. Guðm. Davíðsson
Jón G. Jónsson
Guðm. Benediktsson Páll Jónsson

## Úttekt á Stóruþverá

Árið 1926, þann 8. Maí var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Stóruþverá, ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu, til þess að taka út jörðina, meta álag og virða í álag. Sveinn hreppstjóri Árnason á Felli í Sléttuhlíð hafði krafist úttektarinnar fyrir hönd eiganda jarðarinnar Guðrúnar Árnadóttur á Grund í Ólafsfirði. Annar ábúandinn, sem verið hefir á jörðinni er fyrir löngu fluttur héðan til Ólafsfjarðar og hafði honum ekkert verið gjört aðvart um úttektina. Hinn ábúandinn Björn Stefánsson var heldur eigi til staðar og hafði honum heldur eigi verið gjört aðvart um úttekt þessa, enda segir kona hans, sem er til staðar, að Björn muni neita úttekt á hans parti, þar sem hann er byggingarbréfslaus og ætlar að búa áfram á jörðinni. Þrátt fyrir þessar misfellur, sem orðið hefir á tilkynningu til fráfaranda og ábúanda hálflendunnar, varð úr úttektin framkvæmd uppá ábyrgð úttektarbeiðanda. Úttektin fór þannig fram:



1. Baðstofa: Húsið er með sömu stand og við síðustu úttekt 25. Maí 1923 (sbr. bls 162 hér að framan). Gallar hafa eðlilega ágerst síðan þá, þar sem ekkert hefir verið gjört við húsið. Sérstaklega hefir norðurstafni farið aftur og eru stórir skápar í hann að innan; fúi finst í stöðum þeim er næst til. Húsið er tekið að snarast til austurs. 6 rúður eru brotnar í gluggum hússins. Þak er moldrunnið og mjög hrörnað.

Álag á baðstofuna gjörist Kr. = 80.—

2. Búr: Hús þetta hefir tekið þeirri breytingu, eftir að út var tekið síðast, að það hefir verið lengt um ca 1⅓ Mtr. og er það nú ca 4⅓ mtr. á lengd en breiddin er sú sama og var. Breytingu þessa gjörði eigandi — Guðrún Árnadóttir — þá er hún bjó hér. Bjó hún húsið út til íbúðar sjálfri sér og tók úr því stafn fram í göngin og er lenging hússins = gamla stafnþyktin. Gallar á húsinu eru ekki sjáanlegir innanhúss. Þak er lélegt — moldrunnið —, veggir vel stæðilegir. 1 rúða brotin. Álag Kr. = 10.—

3. Eldhús. Með sömu stand og umgetur í nefndri úttekt. Gallar hafa ágerst dálítið. Stafnir farnar að feyskjast að neðan og alt er húsið fremur dálítlegt að innanverðu. Veggir eru allstæðilegir. Þak er hrörnað og moldrunnið. Álag gjörist = 8.—

4. Göng: Með sömu stand og í nefndri úttekt.

Ekkert hefir verið gjört við húsið síðan síð=asta úttekt fór fram. Það er þó vel stæðilegt að veggjum og viðum. Þak er trosnað.

Álag gjörist Kr. = 12.–

5. Bæjardyr: Húsið er á sömu stærð og ~~áður~~ ~~hefir~~ var í nefndri úttekt. Gallar eru þeir að norðurveggur er tvísnaraður – norður að neðan en suður að ofan. Viðir eru góðir; þak er lélegt. Álag gjörist Kr. 10.–

6. Fjós. Ábúendurnir rifu ofanaf húsinu á s.l. hausti og byggðu yfir það að nýju. Björn Stefánsson lagði til hvennar sperrur og nokkuð af langböndum (ca 6), en Sigurjón ekkert af við. Báðir lögðu þeir til vinnuna að helmingi. Álag gjörist Kr. = 8.–

7. Þil sunnan bæjardyra: Kr. = 4.–

Álag verður þá alls:

1. á baðstofu Kr. = 80.–
2. – búr — = 10.–
3. – eldhús — = 8.–
4. – göng — = 12.–
5. – bæjardyr — = 10.–
6. – fjós — = 8.–
7. – þyl — = 4.– = Kr. 132.–

Af þessu álagi ber Birni að borga:



1. Alt álag á búr Kr. = 10.–
2. ½ — – eldhús — = 4.–
3. ½ — – göng — = 6.–
4. ½ — – bæjardyr – = 5.–
5. ½ — – fjós — = 4.–
6. ½ þyl — = 2.– Kr. = 31.–

Sigurjóni, fráfaranda hálflendunnar, eða eiganda jarðarinnar ber að greiða:

1. Alt álag á baðstofuna Kr. = 80.–
2. ½ — – eldhús — = 4.–
3. ½ — – göng — = 6.–
4. ½ — – bæjardyr – = 5.–
5. ½ — – fjós — = 4.–
6. ½ þyl sunnan bæjardyra = 2.– Kr. = 101.–

Hafi svo verið, sem úttektarmenn hafa heyrt og kona Björns Stefánssonar ber fram, að nefndir ábúendur – Sigurjón og Björn – hafi við engu álagi tekið þá er þeir komu að jörðunni, þá dregst gamla álagið Kr. = 66.– frá núverandi álaginu og þó raunar meira, því að eigandi bjó á jörðunni 2 ár af þeim fjórum, sem liðin eru síðan síðast var tekið út. Af við bættu álagi frá síðustu úttekt ber þá eiganda að greiða 2/3 hluta eða Kr. 44.–. Þegar þetta er athugað kemur fram, að Birni ber eigi að greiða nema í mesta lagi 12 krónur, og þar

sem það var samningur á milli ábú-
enda og jarðareiganda, að leiguliðabót
yfir árið (s.l. fardagaár) og fjósbygging
skyldi metast, þá ber Birni engu á-
lagi að svara af því [illegible] sem að fram-
an er ~~metið~~ greint.

Landskuldargemlingar 2 frá s.l. fardaga-
ári verða afhentir á næsta hausti ~~aftur~~
til Sveins hreppstjóra Árnasonar á Felli
af Kristjáni Bjarnasyni á Stórubrekku.

Eftir miklar ræður og málalengingar varð x
það að samningum, að Björn Stefánsson
verði hér áfram með sömu skilmálum
og verið hefir. Verði ágreiningur um greiðslur
út af dvöl Björns hér, skulu úttektarmenn
meta þær og skera úr á sínum tíma.
Þess skal getið, að Guðm. Benediktsson
á Minni-Brekku tekur hálflenduna og
gefur leyfi til þess að ~~þær~~ hinn ábúandinn
fái að hafa dót inni í Skálanum fyrst um
sinn, þangað til hann getur komið sér upp
kofa til geymslu.

Úttektarbeiðandi neitar því, að jarðar-
eigandi hafi samið nokkuð um leiguliða-
bót og fjósbyggingu; en það sem

x) í ábúð Guðrúnar Árnadóttur



Karolína, kona Björns neitar að greiða þær
50 kr. fyrir hálf hús, sem ~~eru~~ á jörðunni
eru, en eigandi á sérstaklega, þá neit-
ar hann að skrifa undir úttektina.

Fleira kom ekki til bókunar, og
er úttektargjörðinni lokið

Guðm. Davíðsson

Jón G. Jónsson

Guðm Benediktsson

## Stóraholt.

undirritaðir
Árið 1926, þann 1. Ágúst voru, lög=
skipaðir úttektarmenn Holtshrepps í
Skagafjarðarsýslu staddir á Stóraholti,
til þess, samkvæmt ósk eiganda og
ábúanda jarðarinnar, Þorsteins Helga=
sonar, að meta taðfall á jörðunni s.l. vor
ásamt fleiru, sem hann kveður fráfar=
andi eiganda og ábúanda, Guðmund
Ólafsson hafa vantað til, til að skila jörð=
unni lögum samkvæmt.

1. Taðfall.

Túnið í Stóraholti er samkvæmt mælingu
og uppdrætti Kolbeins Kristinssonar á
Skriðulandi, framkvæmt 29/6. — 1918 alls
= 7.6 teigar; þar að auki er á uppdrættinum
í miðju túni stórblettur, sem nefndur er túnræ
græðsla og er = 0.67 teigar. Núverandi eigandi
og ábúandi segir að með öllu hafi verið ó=
borið á meginhluta upptúnsins, eða fyrir
ofan línu, sem liggur frá suðaustur horni
túnmýrar (túngræðslu á uppdr.) í efra horn
gamla lambhúss og frá því húsi suður
og vestur í lækjarkrók sunnan við sléttu
og er sá krókur dálítið vestar en áður=
nefndur mýrar horn. Samkvæmt þessu



teljum við að ekki hafi verið borið á
3.57 teiga túnsins, að meðtaldri túngræðsl=
unni. Til peninga metum við taðfallið
þannig:

1 maður í 6 daga á 6/50, Kr. = 39.00
hestur og kerra í 6 daga á 6/50, Kr. = 39.—
Samtals Kr. = 78.00

2. Hreinsun húsa:
Útstunga úr fjárhúsum og hreinsun
hesthúss: 1 maður í 3 daga á 6/50 = 19.50
3. Hreinsun tótta 1 maður 1 dag = 6.50
Alls Kr. = 104.00

Fleira gjörðist ekki, er bóka þyrfti.

Guðm. Davíðsson
Jón G. Jónsson

## Slétta.

Árið 1928, þann 7. Júní, var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Sléttu, ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu, til þess, að taka út jörðina, þegar Bogi Jóhannesson skilar henni úr ábúð, en eigandi hennar Böðvar Bjarkan lögmaður, á Akureyri tekur við henni. Fráfarandi var til staðar og sömuleiðis umboðsmaður eiganda – Hermann hreppstjóri Jónsson á Ysta-Mói. Tvær síðustu úttektir voru til staðar og sýnist (sjá bls. 53 og 173 hér að framan). Úttektin fór svo fram eins og hér segir:

1. Baðstofa: Húsið er í sama formi og með sömu stærð og var við síðustu úttekt. Ekkert hefir fráfarandi gjört við húsið yfir sinn ábúðartíma, nema sett eina stoð undir bita og lausholt í suðausturhorni og þakið hana einusinni. Gallar eru þeir sömu og um getur í nefndri úttekt, en hafa eðlilega ágerst, þar sem ekkert hefir verið endurnýjað nema þessi eina stoð, auk þess eins. 8 rúður sprungnar, eða samanskornar. Álag gjörist Kr. = 156.00

2. Búr. Með sömu stærð og ummerkjum og í nefndri úttekt. Ekkert hefir verið gjört við húsið yfir ábúðartíma fráfaranda, ~~nema~~ nema bætt í lausholtsþurt(?) að n. verð. og þaið þakið. Gallar eru þeir sömu og þar er tekið fram, en



hafa eðlilega ágerst. Þó má geta þess, að ein sperra á austurhlið er brotin og klömpuð og önnur sperra á sömu hlið er fúin í tána og er að sleppa af lausholti. Þak er lélegt. Álag gjörist Kr. = 31.–

3. Eldhús; með sömu stærð og ummerkjum og í nefndri úttekt. Ekkert hefir fráfarandi gjört við húsið, nema endurbætt þak. Gallar eru þeir sömu og í nefndri úttekt, en hafa ágerst, bæði snar og annað. Álag gjörist Kr. = 31.–

4. Göng. Stærð sú sama og í síðustu úttekt. Ekkert hefir fráfarandi gjört við húsið, enda eru þeir smáviðir, sem í eru því, fúnir og eigi til frambúðar. Þak bærilegt. Veggir blautir með pörtum og moldarlegir. Álag gjörist Kr. = 20.–

5. Bæjardyr. Stærð sú sama og í síðustu úttekt. Fráfarandi hefir nú á þessu vori rifið ofanaf húsinu og rétt það og bætt í það 2 langböndum. Gallar á húsinu hafa ágerst síðan síðast var tekið út, eins og eðlilegt er. Álag gjörist Kr. = 18.–

6. Fjós. Í sama formi og var við síðustu úttekt. Fráfarandi hefir rifið fjósið. Hlaðið upp veggi að ~~miklu~~ nokkuru leyti og byggt það að viðum að miklu leyti. Gallar eru á húsinu þeir, að norðurendi hefir snarast dálítið til austurs. Austurveggur er moldrunninn að innan og sunnanverðu. Annars er húsið vel stæðilegt. Álag Kr. = 35.–

Álag verður þá alls:

1. Á baðstofu Kr. = 156.–
2. – búr – = 31.–
3. – eldhús – = 31.–
4. – bæjardyr – = 18.–
5. – göng – = 20.–
6. – fjós – = 35 Kr. = 291.00.

Auk þessa, er metin leiguliðabót á ystahús og skemmu og virðist hún hæfilega metin Kr. 2.50 á ári, eða als Kr. 10.00, sem bætist við aðalupphæðina. Ber því fráfaranda að svara eiganda als Kr. = 301.00

Að öðru leyti hefir viðtakandi ekkert útá viðskilnað fráfaranda að setja.

Kúgildisær 12 að tölu verða afhentar í gildu lagi nú í vor, þá er rekið verður saman til rúnings. Fráfarandi gengur inná það, að setja eiganda tryggingu þá, er hann tekur gilda fyrir greiðslu eftirgjalds og álags.

Þess skal getið, að fráfarandi hefir sléttað 955 fermetra í túni, og virðist sanngjarnt, að hann fái einhverja þóknun frá eiganda fyrir jarðabót þessa. Slétturnar eru 19.1 dagsverk, og virðist sanngjarnt,



að eigandi greiði fráfaranda 5.60 fyrir hvert dagsverk.

Fleira kom eigi til bókunar.

Úttekt upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson
Jón G. Jónsson
Bogi Jóhannesson
Herm. Jónsson

Úttekt á Illugastöðum.

Ár 1930, þann 15. júní var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Illugastöðum ásamt úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu, til þess, að taka út jörðina, meta álag og virða í álag, þegar Páll Jónsson skilar henni úr ábúð, en Guðvarður Pétursson tekur hana til ábúðar. Fráfarandi og viðtakandi voru báðir til staðar. Eiganda jarðarinnar, eða umráðamanni hennar – Hermanni hreppstjóra á Ystamói – hafði verið gjört aðvart um úttektina, ~~og~~ var hann

~~var ekk~~i mættur.

Úttektir er engin til gömul, nema síðan 1893. En leigusamningur er til frá 19. Okt. 1925 og er þar framtekið hvað hús fylgja jörðunni og eru þau þessi:

1 Tvö baðstofuhús og eldhús á milli þeirra, alls að lengd ca 12½ m. ~~á lengd~~. Er norðurhús 4½ m., Suðurhús 3¾ m., eldhús 4½ m. Breidd allra húsanna tæpir 3 m; hæð 2½ m. Húsin eru þyljuð í hólf og gólf, en torfgólf í eldhúsi. Eldhúsinu fylgir vatnsleiðsla og bæjardyr með þyli og 2 hurðum. 2 gluggar 4 rúðu eru í norðurenda en 1 gluggi 9 rúðu í suðurenda; 1 gluggi 6 rúðu er á eldhúsi. Bærinn var ~~er~~ 6 ára gamall (1925), vel útlítandi, en ekki lekalaus

2. Skemma á hlaði 2½ m × 5 m. Með sterkri grind og þyli framanundir.

3. Fjós yfir 4 kýr.
4 Fjárhús yfir 50 fjár.
5. Hesthús yfir 6 hross } Öll þessi hús farin að fyrnast.

Fráfarandi á, eftir þessum leigusamningi að „borga viðhald og fyrningu á húsum og túngirðingu, á meðan hann situr á ~~bæ~~jörðunni sem leiguliði. En í leigusamningnum



er girðingin talin „gripheld".

Sýning húsanna:

1. Íbúðarlengja. Lengjan er byggð upp að nýju, að miklu leyti nema að veggjum, síðan leigusamningurinn var gjörður. T.d. er öll grindin sett síðan, og þyljur að miklu leyti í norður og suðurhús, járnþak á Norðurhús og pappaþak á eldhús og Suðurhús. 2 gluggar nýir hafa verið látnir í Norðurhús. Virðist húsalengja þessi vera í góðu lagi. Til byggingar þessarar hefir fráfarandi fengið frá jarðareiganda (sem þá var Sæmundur Sigfússon) tveggja ára eftirgjald, eða Kr. 480.00 –
Leiguliðabót á húsið í 5 ár — 150.00 = 630.–
Fráfarandi hefir lagt til hússins:
Við og annað efni til byggingarinnar = 402.–
Smíði við bygginguna = 150.– = ~~[illegible]~~
~~Eftir verða~~ Glugga 20 = 572
Eftir verða Kr. = 58.–
sem leiguliða ber að standa skil á.

2. Fjós. Húsið er yfir 5 kýr og kálf, með ranghala úr eldhúsi og útidyraranghala. Húsið virðist dável stæðilegt, að veggjum og viðum.
Leiguliðabót metin (síðastl. 5 ár) = 10.–

3. Fjárhús yfir 50 kindur. Farið að snarast, að framanverðu. Brúnás

Flutt Kr. 68.–

brotinn að norðanverðu. Norðurveggur mold=
runninn — bilað grjótgilding, þak tvosnað.
Viðir talsvert farnir að feyskjast. Flutt: 68.—
Leiguliðabót s.l. 5 ár Kr. = 15.—

4. Hesthús yfir 6 hesta.
Fráfarandi á pláss fyrir 3 hesta í þessu
húsi og lætur það pláss jafnast á við
leiguliðabótina. Fellur hún því niður
að krónu tölu ——— = 4.—

5. Skemma. Húsið er þurkhús, og vel stæðilegt,
að öðru leyti en því, að laushalt er
brotið yfir einni stoð. Leiguliða=
bót s.l. 5 ár verður Kr. = 5.—

Leiguliðabót, er fráfaranda ber að
standa skil á, verður þá alls = 88.—
Fráfarandi hefir látið slétta ca. 2 dagsláttur
í túni og gengur jarðareigandi inná að greiða
fráfaranda fyrir þær jarðabætur Kr. = 88.—
Er því fráfarandi kvittur vegna leiguliða=
bótarinnar.
Fráfarandi og viðtakandi semja um
leiguliðabót á girðinguna.

Athugasemd.
Láðst hefir að geta þess, að í íbúðar=



lengjunni er farið að votta fyrir bleytu og
fúa í gólfum í Norður og Suðurhúsunum, og
viðar í syllum við gólf. Fjöl vantar í mæni
í Suðurhúsi. Kúgildi fylgir ekkert jörðunni.
Fráfarandi tekur til tótta og hreinsar hús.
Frekara er ekki óskað bókað.

Úttekt upplesin og samþykt.

Guðm. Daviðsson
Jón G. Jónsson
[illegible] Jónsson
Páll Jónsson
Guðvarður Pétursson

# Skeið. 1931.

Ár 1931, þann 3. júní var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Skeiði, ásamt úttektarmanni Jóni S. Jónssyni á Tungu, til þess, að taka út jörðina, meta álag og virða í álag, þegar Jóhann Benediktsson fer frá jörðunni en Siglufjarðarkaupstaður tekur við henni. Fráfarandi var til staðar. Bæjarfógeta Siglufjarðarkaupstaðar hafði verið gjört aðvart um úttektina – gegnum síma, af hreppstjóra – en þrátt fyrir það, var enginn mættur af kaupstaðarins hálfu.

Úttektin fór svo fram eins og hér segir:

1. Íbúðarhús úr torfi og timbri 2 ára gamalt. Ellefu álna langt innan veggja og 6 al. breitt. Hliðstafnar úr torfi eru á húsinu og veggur að vestan. Timburþil að austanverðu. Steypt reykjarpípa er í húsinu. Þak, innst borðviður, þá pappi, þá járn. Enginn kjallari. Suðurendinn, 6 al., er ein stofa, með 1 stafnglugga, 14 rúður, þar af 1 stór, 6 meðalstórar og 8 litlar. 5 al. lengdarinnar eru skift í 2 herbergi: eldhús og forstofu. Úr forstofunni er stigi uppá loftið. Einn gluggi 3 rúðu er á suðurstafni loftsins. Loftið sjálft er panelborð negld neðan á bitana, svo það má heita gjörsamlega ómögulegt að nota það til nokkurs hlutar, og



er mannhætta að stíga sínum fæti þangað. 4 rúðugluggi er í eldhúsinu og 4 rúðu gluggi á ganginum. Forskyggni er fyrir dyrum hússins, er snúa í austur. Enginn gluggi er á forskygninu, en klinku og lokulæstar hurðir tvær. Fyrir húsinu er skrálæst hurð og sömuleiðis fyrir stofunni, er sú hurð úr gamla bænum og vantar lykilinn; hefir að líkindum vantað þegar Siglfirðingar keyptu jörðina. Þilgólf er í öllu húsinu. Forskyggnið er pappaklætt og sömuleiðis suðurstafn og norðurstafn og vesturhlið ofan torfveggjar og austurhlið á hornunum.

Gallar á húsinu eru þessir: Raki er alt í kring við gólf, innanhúss og orsakast hann af því, að húsið er dálítið niðurgrafið og torfverkið bygt úr blautu efni. Hafa verið tvö eldfæri í húsinu, annað í stofunni en hitt í eldhúsi og altaf nægur hiti. 1 rúða er brotin í eldhúsi og 4 í stofuglugga, þar af 2 litlar og var önnur brotin um leið og hún var látin í, í fyrstunni.

Álag gjörist kr. = 30.—

2. Fjóshlaða. N° 6 við síðustu úttekt 6. júní 1925. Húsið er komið að falli, bæði hvað viði og veggi og þak snertir, enda hefir fráfarandi ekkert notað húsið, nema fyrsta árið, sem hann var á jörðunni. Hefir hann ekkert að húsinu gjört síðan 1. árið; þá hresti hann talsvert uppá það. Álag kr. = 40.—
3. Fjós. N° 7 í nefndri úttekt er horfið. Í þess stað

hefir fráfarandi bygt fjós, þar sem áður var fjárhús fyrir 28 kindur. ~~Er~~ Er þetta fjós nú nægilegt fyrir 3 kýr og viðunvelli. Framanvið fjósið er eldhús, með hlöðum. ~~[illegible]~~ Er þylå milli fjóssins og eldhússins. Annars má gjöra 6–7 kúa fjós úr húsinu. Gallar eru helstir þeir, að raftviður er gamall og margir farnir að feyskjast.

Álag gjörist Kr. = "

4.–5. Fjárhús 2 úti á túni, hvort tekur 40 kindur. – № 9.–10. í nefndri úttekt. Fráfarandi hefir bygt bæði húsin að miklu leyti og eru þau vel stæðileg, bæði að veggjum, viðum og þaki.

Álag gjörist Kr. = "

6. Fjárhússhlaða: ~~Húsið er~~ – № 11 í nefndri úttekt – Húsið er vel stæðilegt að veggjum og viðum. Fráfarandi þakti húsið s.l. haust.

Álag gjörist Kr. = 10.–

7. Skemma: Má heita fallin að veggum og viðum og þaki. Álag gjörist. Kr. = 10.–

8. ~~Hesthús ofanvið bæinn~~ № 12 í nefndri úttekt: – № 13. í nefndri úttekt. Við sömu heilsu og var við síðustu úttekt. Álag Kr. = 4.–

~~Fleiri hús eru ekki á jörðunni nú.~~ Horfin eru öll hin

9. Lambhúskofi. Bygður upp úr gömlu



bæjardyrunum, en nývidað og nýir veggir að miklu leyti. Á fráfarandi hús þetta.

Fleiri hús eru ekki á jörðunni nú.

Horfin eru hús af jörðunni frá síðustu úttekt þessi: 1. baðstofa, 2. búr, 3. eldhús, 4. göng, 5 Bæjardyr, 6. Fjós, 7. Fjárhús yfir 28 kindur, ~~8~~.

Álag verður þá alls:

| | | |
|---|---|---|
| 1. á íbúðarhús | Kr. = 30.– | |
| 2. – fjóshlöðu | – = 40.– | |
| 3 – fjós | – = "– | |
| 4–5 – fjárhús 2 úti á túni | – = " | |
| 6. – fjárhússhlöðu | – = 10.– | |
| 7. – skemmu | – = 10.– | |
| 8. – hesthúskofa | – = 4 = | 94.00 |

Uppí þetta álag er virt:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Vinna fráfaranda við íbúðarhúsið, við pappa=lagningu, þakskegg, gluggalista á lofti og tillag á pappa o.fl. | kr. 30.– | |
| 2. Bekkur og skápur í eldh. | – 10.– | |
| 3. Eldavél | – – 80.– | |
| 4 ~~Hesthús~~ Lambhús lítið (№ 9) | – 25.– = | 145.– |

Þess skal getið:

1. Fjóshlaðan virðist vera í svipuðu ástandi og var en þó hækkar álagið um 10.–
2. Fjósið er bæði stærra og betra
3. Fjárhúsin sömuleiðis.
4. Fjárhús yfir 28 kindur, sem nú er horfið

var mesti ræfill og hefir að mestu lengi
verið notað — trjáviðurinn — við álúnarhúsið.
5. Fráfarandi tók við túninu áburðarlausu,
og fékk ekkert gjald fyrir það; en hann segir
að það hafi verið munnlegur samningur
milli hans og Flóvents Jóhannssonar í Siglufirði
að svo framarlega sem Jóh. skili túninu með á-
burði, þá skyldi hann fá endurgjald fyrir
áburðinn og virðist úttektarmönnum
borgun sú hæfileg Kr. = 60.—
6. Út úr túninu var ekki stungið, þegar
fráfarandi kom að jörðunni; stakk hann
út og fékk ekkert fyrir. Hæfileg þóknun
fyrir útstungu nú virðist vera Kr. = 15.—
Auk þess, sem áður er virt uppí álag er
þil á milli eldhúss og fjóss, og skilrúm í
fjósi á milli kúa Kr. = 20.—
Hefir þá fráfarandi skilað alls Kr. = 165.—
auk borgunar fyrir áburð og útstungu
eða alls Kr. = 240.—
Kúgildir er 6 að tölu eru afhent í gildu
lagi.
Fleira kom eigi til bókunar. Úttektar-
gjörð upplesin og samþykt.

Guðm. Davíðsson
Þorlákur Stefánsson Jón G. Jónsson
Jóhann Benediktsson



Ath. Við byrjun úttektarinnar kom
Þorlákur bóndi Stefánsson á Gautastöðum
að Skeiði og setti hreppstjóri hann, með sam-
þykki úttektarmanns og fráfaranda
sem umboðsmann Siglufjarðarkaupstaðar
við úttektina. Guðm. Davíðsson

— —

## Skeið 1933.

Ár 1933, þann 15. Maí, var hreppstjórinn
í Holtshreppi staddur á Skeiði, ásamt
úttektarmanni hreppsins, Jóni G. Jónssyni
á Tungu, til þess að taka út jörðina, ásamt
jarðarhúsum, meta álag og virða í álag, þeg-
ar Guðmundur Jónsson tekur jörðina, en
Siglufjarðarkaupstaður skilar henni til ábúð-
ar. Hefir jörðin staðið í eyði s.l. 2 ár, eða síðan
1931, þegar síðasta úttekt fór fram (sbr. bls. 212 hér
að framan) Bæjarfógeta Siglufjarðar hafði verið
gjört aðvart um úttektardaginn, og setti
fasteignanefnd kaupstaðarins Þorlák
bónda Stefánsson á Gautastöðum til þess,
að vera við úttektina fyrir bæjarins hönd.
Þess skal þegar getið, að enginn hefir ábú-
andi verið á jörðunni í s.l. tvö ár.

Viðtakandi var sjálfur til staðar.
Fór svo úttektin fram, eins og hér segir:

1. Íbúðarhús. Lýsing á húsinu er ritað í síðustu úttekt og vísast til hennar.
Ekkert hefir verið gjört við húsið síðan jörðin fór í eyði, nema það, að skjólgarður hefir verið hlaðinn ofan á vesturvegg.
Gallar á húsinu eru þessir helstir, auk ýmsra smágalla, sem ekki er hægt að lýsa í stuttu máli:
Vesturveggur hússins er snaraður inn, sérstaklega sunnan við miðju, að ofanverðu, um hér um til 1 alin og liggur hann nú svo magnlega á grind hússins og þiljum, að þverþil framanvið stofu er farið að ganga úr nótum, við reykháf og vesturþil farið að bunga inn, og alt húsið ~~fa~~ byrjað að snarast til austurs.
Bleyta sú í gólfi, sem getur um í síðustu úttekt, hefir aukist til mikilla muna, og nær nú víða fram á mið gólf og er þegar byrjaður fúi í gólfum og ~~vestur~~ þiljum við gólf. Eldavél er öll af sér gengin: Bakaraofn brunninn sundur og framhlið gengin frá pottaplötu. Úr stofunni sést út við suðurstafn og vesturhlið, ofan við skjólvegg, sem nú er siginn um 1/2 al. til 3/4 al niður fyrir þakskegg og sést út utan frá alstaðar í panelþiljurnar. Suðurþil, vestan glugga mun vera bindingslaust, því að það skjöltir alt til og frá, ef hönd er á það studd.
Ryðgallar eru byrjaðir að koma á þak hússins



vestanvert. 1 rúða í eldhúsi og ein rúða á lofti eru sprungnar. Miðpóst vantar í ~~austari~~ suðurglugga stofunnar – neðri glugga að austanverðu. Lykla vantar að hurð fyrir stofu og útidyralæsing ónýt. Þak á forskygni ónýtt.
Eins og húsið er nú á sig komið, virðist það ekki vera íbúðarhæft. En til þess að gjöra það byggilegt þarf að taka vesturvegg í burtu og láta timbur í staðinn; ennfremur þarf að pappaleggja alla útveggi hússins, ásamt stöfnum ofan veggja og klæða með járni þar utanyfir. En til þessa mun þurfa alt að 500 krónum, og er það metið sem álag.
Ennfremur má geta þess, að engin geymsla er nokkursstaðar í húsinu, nema ef vera skyldi loftið, sem lýst er í síðustu úttekt; en það er ómögulegt, nema með því að setja travalt loft ofaná bitana, og virðist það óumflýjanlegt. En til þess mun þurfa ca. 800 fet af gólfborðum á Kr. ca. 120 ~~kr.~~ og bætist sú upphæð þá við ofannefndar Kr. = 500.00; eða alls Kr. = 620.—

2. Töðuhlaða. Húsið er gjörfallið, og ekkert eftir, nema hrundir veggir og fáein fúasprek. Húsið var 8 + 3.4 mtr. að stærð og tók um 100 hesta af töðu.
Þar ~~sem~~ sem eigandi virðist skyldugur til að standa viðtakanda skil á þeim húsum, í gildu lagi, sem nefnd eru jarðarhús við síðustu úttekt, þá er það álit allra viðkomandi manna, er við þessa úttekt eru, að eiganda sé gjört að skyldu að byggja nýja fjóshlöðu, ekki minni, en hin fallna hlaða var. Og er það ennfremur álit þeirra, að sú hlaða ætti að vera úr steypu

með járnþaki, því að það má teljast mjög óhagsýnt að hrófa byggingum upp úr torfi og grjóti, þar sem hvorttveggja er, að torfristan er hér mjög léleg og að hinu leytinu þarf talsverðan styrkur út á steinsteyptar hlöður. Myndi sú hlaða að líkindum ekki kosta uppkomin meir en um 800.00 kr.

3. Fjós. Hið sama er að segja um þetta hús og No 2, að það er gjörfallið og ekkert eftir nema fáeinir fúnar raftar; veggir eru sömuleiðis fallnir. Telja úttektarmenn eiganda skyldan til að standa viðtakanda skil á nýju fjósi, er taki að minsta kosti 3 kýr og viðurelaldi. Og verður það að vera eftir samkomulagi eiganda og viðtakanda hversu dýr sú bygging skuli verða; en það er álit úttektarmanna, að koma mætti því upp fyrir kr. = 200.00

4 og 5. Fjárhús úti á túni. No 4 Syðrahús. Húsið er talsvert lakara en við síðustu úttekt, og er það að vonum, þar sem jörðin hefir verið í eyði og vörslulaus. Eru 4–5 raftar brotnir og burt á norðan-hlið, þak mjög lélegt og þyl framanundir má heita ónýtt. Álag gjörist kr. = 40.00

No 6. Ytra hús. Hús þetta má heita fallið, vegna snars og fúa. Þó mun mega nota nokkuð af viðnum í ~~nýtt~~ annað hús. Þak ónýtt; veggir bærilegir; Dyra umbúnaður og hurð ónýtt. Álag gjörist kr. 80.00

6. Fjárhúshlaða. Hús þetta er dável stæðilegt, að ~~veggjum og~~ viðum. Þó er það farið að snarast nokkuð. Stafnar ofan veggja mjög lélegir. Þak er ónýtt. Veggir maldrunnir, sérstaklega vesturveggur og suðurstafn. Álag gjörist 60.00.



7. Skemma. Gjörfallin. Þar sem þetta er eina geymsluhúsið á jörðunni, þá er það álit úttektarmanna að eigandi sé skyldur til að standa viðtakanda skil á húsi í stað þess, sem fallið er. Er það og álit þeirra, að jafnstórt hús mætti koma upp fyrir h. u. b. 100 krónur.

8. Hesthús ofan við bæinn. Húsið er gjörfallið að viðum og að mestu að veggjum. Virðist eiganda vera skylt að sjá viðtakanda fyrir forsvaranlegu húsi yfir að minsta kosti 3 hesta og er það álit úttektarmanna að slíku húsi mætti koma upp fyrir kr. = 60.00

9. Lambhúskofi (Gömlu bæjardyrnar). Húsi þessu hefir hrakað mikið frá því síðast var tekið út, og er þakið t.d. bráðónýtt. Álag gjörist kr. 20.00

Eftir framanrituðu gjörist hreint álag:

1. á No 4. kr. = 40.00
2. — — 5. — = 80.—
3. á fjárhúshlöðu = 60.—
4. á Lambhúskofa = 20 Samtals kr. = 200.—

Nýbyggingar:

1. Fjóshlaða kr. = 800.00
2. Fjós — = 200.—
3. Skemma — = 100.—
4. Hesthús — = 60.— Samtals — = 1160.—

Aðgjörð á íbúðarhúsi Samtals — = 620.—

Alls kr. = 1980.—

Kúgildi (4 ær og 2 gemlingar) afhendist í gildu lagi í fardögum frá Þorláki bónda Stefánssyni á Gautastöðum, sem hefir haft kúgildið á jörðunni fyrir eiganda.

Ekkert hefir verið borið á tún jarðarinnar síðan Jóhann Benediktsson fór frá jörðunni, og er enginn áburður nú til, til að taðja túnið. Er því enginn kostur fyrir hendi annar en sá, að kaupa útlendan áburð á túnið. Og er eigandi skyldur til að kaupa hann. Verður það að samkomulagi milli viðtakanda og umboðsmanns eiganda, að hann fái Kr. = 200.– ~~í útlendum áburði, frá~~ eiganda, ~~kominum í land í Haganesvík~~ fyrir taðfall á jörðunni.

Fyrir ræstingu á íbúðarhúsi og öðrum húsum jarðarinnar ber viðtakanda eftir mati úttektarmanna Kr. = 30.–

Bætast þessar tvær upphæðir við áðurnefnda upphæð og verður hún þá alls Kr. = 2210.–

Fleira kom eigi til bókunar og er því úttektinni lokið.

Upplesið og samþykt.

Guðm. Davíðsson Jón G. Jónsson

Þorlákur Stefánsson

Guðm. Jónsson



## Gil

Árið 1933, þann 8. Júní, var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Gili, ásamt úttektarmanni hreppsins, Jóni G. Jónssyni á Tungu, til þess að taka út jörðina, meta álag og virða í álag, þegar dánarbú Ólafs ~~[illegible]~~ sál. Arngrímss. skilar henni, en Jón Jóakimsson tekur hana til ábúðar. Viðtakandi var til staðar og sömuleiðis eigandi. Vegna dánarbúsins var enginn til staðar, en hreppstjóri tekur að sér, að sjá um hag búsins.

Fór svo úttektin fram eins og hér segir:

1. Baðstofa. Áður var baðstofan 7×5 al. en nú hefir eigandi bætt við baðstofuna húsi, sem er 4×5 al., svo öll er baðstofan nú 11×5 al. Er húsið alþiljað í hólf og gólf, með tvöföldum hálfstafni að sunnan og stór 4 rúðu gluggi á hálfstafninum. Húsið er 9 ára gamalt, byggt af fráverandi ábúanda Gils, Jóni Arngrímssyni. Er þil á milli hússins og frambaðstofunnar og skrálæst hurð fyrir. Frambaðstofan er snúin dálítið til austurs, en að öðru leyti virðist sá hluti vel atæðilegur. Baðstofuhúsið er snarað til suðurs og austurs og það svo, að gólf bungar upp í miðju og hurð fellur ekki í fals. Mænu hliðarstoðir vera farnar að fúna að neðan beggja vegna og síga niður, og veldur það bungunni á gólfinu. Þak er lélegt, einkum troðið, og veggir moldrunnir, er austurveggur sligaður um miðju. Álag gjörist Kr. = 100.–

3 rúður í suðurgluggа brotnar.

2.–3. Búr og eldhús: 9 x 4½ al. Húsin eru undir
sama risi og gangur – göng á milli til bæjardyra.
Eru þil úr fornum fjölum beggja vegna gangs-
ins; sömuleiðis er lélegt fjalaþil á milli eld-
húss og fjóss, sem er suður af eldhúsinu. Hús
þessi (No 2 og 3) eru skaðileg en farinn þó viður
að merkjast; einn stað í húsi er fúin að neðan.
Þök eru hrakin og léleg; veggir moldrunnir.
Eldhúsið hefir á seinni tímum verið notað
fyrir fénaðarhús. Álag gjörist Kr. = 35.–
4. Bæjardyr. ca. 2 x 1½ al. Með sviþunum sem e
markjum og var við síðustu úttekt. Viðir
hafa eðlilega fúskast og skemmst. Þak er lélegt,
veggir gamlir og moldrunnir. Álag gjörist Kr. = 5.–
5. Fjós, yfir 2 kýr, og var svo, þegar Ól. sál.
Arngrímsson tók við því. Fjósið er lélegt, að
öllu leyti. Er áður getið um þilið á milli eld-
húss og fjóss; og suðurstafninn mjög lélegur.
álag gjörist Kr. = 20.00

Álag gjörist þá alls:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Baðstofa (öll) Kr. = | 100.– | |
| 2.–3. Búr og eldhús — = | 35.– | |
| 4. Bæjardyr — = | 5.– | |
| 5. Fjós — = | 20.– | = 160.– |

Uppí þetta álag er virt:

| | | |
|---|---|---|
| 1. 2 skemmur = | 25.– | |
| 2. hesthús = | 15.– | |
| 3. þiljur um frambaðstofu | 25.– | |
| 4. Bekkir í húsi = | 1.– | = 66.– |
| | 66 | |



Mismunurinn Kr. 94.– greiðist af dánar-
búinu, sem forgangsskuld.–
Tað fall er að engu metið og sömuleiðis
úttekinga úr fjárhúsum, en fyrir hreinsun
tótta og fl. þar að lútandi gjörast 16 Kr.,
sem greiðist af dánarbúinu.

Kúgildis ær 6 að tölu eru þegar afhentar og
teknar gildar.

Fleira kom ekki til bókunar.

Úttektin upp lesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson.

Jón G. Jónsson

Hallgrímur Arngrímsson
(eigandi)

Ján Jóakimsson

Ár 1935, mánudaginn 29 apríl var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Skeiði, ásamt úttektarmanni hreppsins Jóni G. Jónssyni á Tungu. Til þess að taka út jörðina ásamt jarðarhúsum, meta álag og virða í álag. Þegar Jón Jóakimsson tekur við henni, en Guðmundur Jónsson skilar henni til ábúðar. Bæjarfógeta Siglufjarðar hafði verið gjört aðvart símleiðis, um hvenær út yrði tekið og hafði hann beðið Þorlák Stefánsson bónda á Gautastöðum að vera við úttektina, fyrir hönd Siglufjarðarkaupstaðar, og var Þorlákur mættur. Fráfarandi og viðtakandi voru báðir við úttektina.

Fór svo úttektin fram eins og hér segir:

1. Íbúðarhús Lýsing á húsinu stendur í úttektargjörð, dags. 3 júní 1931 (bls 212) og vísast til hennar, svo er og ásigkomulagi hússins lýst nákvæmlega í síðustu úttektargjörð (bls 217) Ásigkomulag hússins virðist nú að öllu leiti vera betra nú en síðast er tekið var út, s.s. lítill sem enginn raki, enda hefur verið látin ný eldavél í húsið.



Vesturveggur hússins sem nefndur er í síðustu úttektargjörð hefur verið tekinn burt og settur í staðinn pappaklæddur timburveggur. Hefur Siglufjarðarbær kostað það að öllu leiti nema fráfarandi Guðmundur Jónsson vann alfarið af því að rífa gamla vegginn og koma á burt. Einnig hefur hann sett gólf í loftið til að hafa þar geymslu og hefur kostað það alfarið, og vill nú selja Siglufjarðarbæ það.
Álag gjörist kr. 40,00

2. Fjárhús Syðrahús. Ásigkomulag þess er mjög svipað og segir í síðustu úttektargjörð hvað veggi og þak snertir, en fráfarandi hefur sett þil framan á það, hurðir og dyrastafi, byndingar á þilið og tróð. Þilið er úr gömlu efni.
Álag gjörist: kr. 3,00

Ytrahús. Húsið er mjög lélegt og komið að falli, eins og segir í síðustu úttektargjörð, og hefur þó fráfarandi dyttað að því. s.s. sett fyrir það dyraumbúning, sett í það garðaband og byggt yfir króarpart, sem inni lá við síðustu úttekt.

Álag gjörist kr. 2,00

3. Fjárhúshlaða. Hús þetta virðist vera að öllu leiti eins og við síðustu úttekt.

nema hvað það hefur verið kalkið.
Álag gjörist kr. 5,00

4. Fjárhúskofi (Gömlu bæjardyrnar) Hús þetta er lélegt, en virðist annars vera svipað og því er lýst í síðustu úttektargjörð
Álag gjörist kr. 2,00

Það skal tekið fram með fjárhúsin og hlöðuna að viðgerðir á þessum húsum, þær sem áður eru nefndar eru teknar til greina áður en álagið á þessi hús er ákveðið.

Eftir framanrituðu gjörist hreint álag:

1. á No. 1. kr. 40,00
2. á " 2. kr. 5,00
3. á " 3. kr. 5,00
4. á " 4. kr. 2,00

Samt. kr. 52,00

Uppí álag og fl. var virt:

1. Áðurnefnt gólf í lofti íbúðarhúss kr. 30,00
2. Fyrir vinnu við að flytja í burtu torfvegg þann sem áður er áminnst kr. 10,00
3. Nýlega byggt 6 kúa fjós kr. 80,00
4. Nýlega byggður kofi fyrir 2 hesta kr. 12,00
5. {Fyrir ræstingu á íbúðarhúsi vorið 1933. kr. 20,00
(Samkv. framlögðum reikningi.) Als. kr. 152,00



Þar sem fráfarandi tók við túninu óábornu en hefur nú flutt nægan áburð á túnið, krefst hann þess að fá borgun fyrir vinnu sem fór í að flytja áburðinn um túnið, sem úttektarmenn meta hæfilega þóknun kr. 60,00 þessar kr. 60,00 bætast þá við kr. 152,00 svo als verður þá virt í álag kr. 212,00.

Á móti þessum kr. 212,00, sem fráfarandi, eftir þessari úttekt á hjá Siglufjarðarbæ, kemur

Nýtt álag samkv. framansögðu kr. 52,00
Ennfremur peninga er fráfarandi uppí tekið í álag í ábúðartíð sinni kr. 100,00

Samt. kr. 152,00

Fráfarandi á þá til góða hjá Siglufjarðarbæ kr. 60,00, sem hann ávísar til Jóhanns Guðmundssonar Þrasastöðum uppí þinggjald og fl.

Kúgildi (4 ær og 2 gemlingar) afhendir fráfarandi viðtakanda og hafa þeir alveg komið sér saman um það. Fleira kom ekki til bókunar og er því úttektinni lokið. Upplesið og samþykkt.

Jóhann Guðmundsson (settur hreppst.)
Jón G. Jónsson Jón Jóakimsson
Guðm. Jónsson Þorlákur Stefánsson

# Gil.

Ár 1935, þann 18. d. Maímánaðar, var
hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Gili, ásamt
úttektarmanni Jóni G. Jónssyni á Tungu, ~~staddir~~
~~á Gili~~, til þess, að taka út jörðina, meta álag og
virða í álag, þegar Jón Jóakimsson skilar henni
úr ábúð, en Sigurbjörn Bogason tekur hana til
ábúðar. Viðtakandi og fráfarandi voru báðir
til staðar. Síðasta úttekt var til staðar og sýnir
úttektin fór svo fram eins og hér segir:
1. Baðstofa: Húsið er með sömu stærð og við síðustu
úttekt. Virðist því hafa farið aftur, en þó með
eðlilegu móti; snar hefir haldið áfram, svo sem von er
þar sem veggir eru þeir sömu og voru fyrir 2 árum.
Fráfarandi hefir þakið húsið, en þó er það dálítið mold=
runnið á vesturhlið. 2 rúður eru brotnar í suður=
glugga. Viðir virðast vera í svipuðu ástandi eins
og síðast, er út var tekið. Álag gjörist kr.= 130.—
2-3-4. Húsalengja sú, sem getið er í síðustu úttekt
sem Búr, eldhús og fjós, hefir tekið þeirri breytingu,
að eldhúsið er afmáð og því bætt við fjósið; er því
fjósið nú fyrir 3 kýr og kálf. Að öðru leyti er lengjan
í svipuðu ástandi, nema hvað fráfarandi hefir
rifið ofanaf fjósinu og sett í það nýja undirgrind,
þ.e. ~~staf~~ og lausholt, og þakið með góðu þaki.



er sá hluti húsalengjunnar sæmilegur að viðum og
þaki, en búrið er mesta hrævaragengi og liggur við falli,
bæði að viðum og veggjum
Álag gjörist kr. = 60.—
5. Bæjardyr. Í svipuðu ástandi og var við síðustu út=
tekt, en hefir þó eðlilega farið aftur, þar sem ekki
hefir verið gjört við það síðan síðast var tekið út.
Álag gjörist kr. = 10.—
Athugasemd. Þess skal getið, að gangur, fram úr bað=
stofudyrum, er siginn svo saman, að tæplega má
manngangur teljast.

Álag verð þá alls:
á baðstofu kr. = 130.—
á Búr og fjós — = 60.—
á Bæjardyr — = 10.— = 200.—

Uppí þetta álag er virt:
1. Þiljur innanum baðstofu kr. = 20.00
2. Skemma utan bæjar — = 12.—
3. Bekkur í búri — = 1.—
4. Fjárhús — = 280.— 313.—

Mismunurinn kr. = 113.— borgast í milli=
reikningi fráfaranda og viðtakanda.
Kúgildin ~~½~~ 2 að tölu verða afhent í fardögum
í fullu lagi.
Að öðru leyti er ekkert út á fráför fráfar=

anda að setja.
Úttekt upplesin og samþykkt.
Guðm. Davíðsson   Jón G. Jónsson
Sigurbjörn Bogason
Jón Jóakims.
Hallgrímur

Illugastaðir.

Árið 1936, þ. 26. Maí, var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Illugastöðum, til þess, að gjöra álitsgjörð á húsum jarðarinnar, þegar Sveinn Pálsson tekur við jörðunni. Jörðin hefir staðið í eyði s.l. ár og hefir umboðsmaður jarðarinnar krafist þessarar álitsgjörðar. Umboðsmaður jarðarinnar, fyrir hönd sonar síns Sæmundar, fyrrum hreppstjóri á Ystamói var viðstaddur og sömuleiðis viðtakandi, Sveinn Pálsson. Umboðsmanni og hreppstjóra



hafði komið saman um, að fá Jóhannes Friðbjarnarson á Brúnastöðum til að vera við álitsgjörðina ásamt með hreppstjóra. Álitsgjörðin fór svo fram, eins og hér segir:

1. Íbúðarlengja: Húsið er með sömu stand, og um getur í úttekt 15. júní 1930, bls. 207 hér á undan. Húsið hefir staðið í eyði s.l. fardagaár. Norðurstafn og austurveggur virðast vera klofnir, því að þyljur eru farnar að bunga inn á austurhlið og er alt húsið dálítið snarað til vesturs. Fúa gætir alstaðar við gólf, sérstaklega við vesturhlið og í norðurhúsi eru miklir fúapallar í gólfi. Þyljur vanta á parti yfir mæni í suðurhúsi. Þak er trosnað til muna, bæði pappaþak, þar sem það er og ennfremur torfþak, sem víða, nær ekki nema uppá mitt pappaþakið. Umbúnaður um glugga er mjög af sér genginn. 3 rúður brotnar í suðurhússglugga og 1 brotin í eldhúss=glugga. Undirlög undir norðurhússgólfi munu vera fúin, að minsta kosti að austanverðu.

2. Fjós yfir 5 kýr og kálf. Má heita fallið að viðum og veggjum. En með því að minka húsið má búast við, að það byggi sig að miklu leyti upp að viðum.

3. Skemma: Allsnöruð og brömluð, en mun byggja sig upp að miklu leyti að viðum, verði tekið ofan af því, rétta það og laga að fleiru leyti.

4. Fjárhús: Fallið að viðum, og þarf að rífa ofan=

af því og laga veggi og tyrfa að nýju.

5. Hesthús. Fallið að viðum og veggir mjög hrörlegir og þarf allt húsið gagngjörðrar um=bótar við. Þriggja hesta viðbótin, sem minst er á í síðustu úttektinni, er gjört ráð fyrir, að sé tekin af, og gangi viðirnir til að endurbyggja aðalhúsið.

6. Reykháfur hefir verið bygður í búrbaðstofulengjunni að tilhlutun eiganda og Jóhannesar Friðbjarnar=sonar og er hann óskemdur og ágætur fyrir húsið.

Fleira kom eigi til bókunar við úttektsgjörð þessa og er henni því lokið. Upplesið og samþykt.

Guðm. Davíðsson

Jóhannes Friðbjarnarson

Sveinn Pálsson

[signature]



## Gil.

Árið 1936, þ. 4. júní, var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Gili, ásamt úttektar og virðingarmanni hreppsins, Jóni G. Jónssyni á Tungu, til þess, að taka út jörðina, meta álag, og virða í álag, þegar Sigurbjörn Bergsson skilar henni úr ábúð, en Sigurður Arnbjörnsson tekur hana til ábúðar. Fráfarandi og viðtak=andi voru báðir til staðar og ennfremur eigandi Hallgrímur Arngrímsson á Brúnastöðum. Síðasta úttekt var til staðar og sýnis.

Úttektin fór svo fram, einn og hér segir:

1. Baðstofa: Húsið er með sömu stærð og ummerkj=um og var við síðustu úttekt. Húsið er í svipuðu ásigkomulagi og var þá, fyrir 1 ári. Þó hefir þilið farið aftur, eins og gefur að skilja, þar sem ekkert hefir verið gjört við það. Snar og gluggum hefir ágerst og fúi í gólfi, sérstaklega á vesturenda og suðurstafn, hálfstafninum úr timbri er gisinn og gaudrifinn. Þak er broenað og moldrunnið. Annars vísast til úttektar 8. júní 1933, bls. 223. og eru allir gallar sem þar er lýst hinir sömu, en hafa þó ágerst til muna. 2 rúður í suðurstafni brotnar. Álag gjörist kr. = 145.—

2.–3. Búr og fjós. Húsið er með svipuðum ummerkj=

unu og var við síðustu úttekt, þ. e. a. s. fjárið; en húrið er, eða má heita fallið að viðum og veggjum. Þyl á milli fjárs og gangna er mjög nauðsynl. sérstaklega neðan hila. Veggir og þak lélegt, maldrunnið og skápótt. Hurð vantar fyrir útidyr á fjárh.

Álag gjörist Kr. = 70.–

4. Gangur framanvið baðstofuhurð, er í rauninni aðeins í gegnum baðstofuvegg, en hann er mjög lasleglur, bæði að veggjum og viðum.

Álag gjörist Kr. = 3.00.

5. Bæjardyr: Í svipuðu ásigkomulagi og var við síðustu úttekt. En fyrirtyrningu hækkast við álagið, sem þá var Kr. = x og verður þá Kr. = ~~145~~ 12.–

Álag verður þá als:

1. Á baðstofu Kr. = 145.–
2. – hús og fjós – = 70.–
3. – Gang – = 3.–
4. – Bæjardyr – = 12.– Kr. = 230.–

Upp í þetta álag er virt

1. Þyljur innanum baðstofu, framan hurðar Kr. = 19.–
2. Bekkur í frambaðstofu — — = 6.–
3. Bekkur í húsi — — — = 1.–
4. Kofi utanvið hús — — = 10.–
5. Fjárhús úti og niðri á túni — — 257.50

Samtals Kr. = 293.50



Mismunurinn Kr. = 63.50, jafnast í milliráktingi viðtakanda og fráfaranda.

Kúgildin er 6 að tölu eru þegar afhent hverjum viðtakanda og tekinn gildar.

Ekkert fanst athugavert við burtför fráfaranda, hvað töðfall snertir, eða aðra frágang úti við.

Fleira gjörðist ekki, það er til bókunar kæmi.

Úttekt upplesin og samþykkt.

Guðm. Davíðsson

Jón J. Jónsson

Sigurbjörn Bogason

Sigurður Ormsjátsson

Hallgrímur Arngrímsson

1938 ?

Fimtudaginn 5. maí var hreppstjórinn í Holtshreppi (settur) staddur á Sléttu, ásamt úttektarmanni hreppsins, Jóni G. Jónssyni í Tungu, til að taka út jörðina. Ragnar Jóhannesson, Skútu, Siglufirði, tekur við jörðinni af Helga Daníelssyni eiganda. Ragnar var viðstaddur og Sveinn Jónsson á Bjarnargili vegna Helga Daníelssonar.

Hér fer á eftir lýsing á húsum og mannvirkjum:

1. Íbúðarhús er úr steini með pappaþaki. Það hefir verið „spékkað" utan, en húðunin er að mestu farin af vesturhlið og suðurgafli; ~~og~~ mikið farin að bila upp á móts við tröppur á austurhlið og farin að springa á norðurgafli. Þakið er orðið lélt.

Í búð er á 2 gólfum kjallaragólf og loft. Öll skilrúm eru úr stein niðri en tré uppi. 5 herbergi og forstofa er uppi, Eldhús, borðstofa, geymslukompa og stórt herbergi, einskonar „hall“, niðri.

Eldhús: Þar á eru 2 gluggar óumgerðir, Vantar 2 rúður stórar í annan og 2 rúður litlar í hinn (rúðurnar eru í en brotnar). Hliðum er svolítið bilað með hurð.

Borðstofa: Þar eru 2 gluggar óumgerðir. 2 ~~..~~ rúður stórar brotnar. Cementshúðun svolítið biluð í norðvesturhorni og meðfram lofti að austan.

Geymslukompa. 1 gluggi óumgerður, 1 lítil rúða brotin, brestur í ~~aðra~~ aðra stóra. Óhúðað innan.

„Hall“. Óhúðað; moldargólf; 1 gluggi óumgerður; 1 stór rúða brotin. Innri



útidyrahurð að bila um læsingu og ytri hurðin sömuleiðis (skráin laus og stykki úr hurðinni).

Á efra gólfinu er allt ómálað og vantar alstaðar gólf og loftlista. Þó eru ~~loft~~ listar í einni stofu, hurð og gluggar málað og pappi og veggpappír ~~x~~ (hvorttveggja þórifið) á veggjum (Suðvesturstofa). Þar á eru 2 gluggar og allar rúður í öðrum og 1 lítil í hinum brotnar. Í öðrum gluggum uppi eru 15 rúður brotnar. Í norðausturstofu er 1 gluggi óumgerður. Í suðausturstofu er staðilegur ofn. Í eldhúsi eldavél.

2. Fjárhús. Tekur 52 kindur. 4 kver, úr torfi og grjóti, þil að framanverðu hálfstafnar, annar úr fjölum, hinn úr gömlum þakjárni. Þakið er torf

utan á gamalt og riðgað járn. Gamlir viðir eru í húsinu, gaðabönd léleg og vantar 1 alveg. Veggir skeðilegir.

Norður úr fjárhúsinu er hesthús spið á milli: fyr. 3 hesta; virðist lélegt. Vantar jötu, torfþak, reft að framan á vegg. Sér út með þaki á báðum stöfnum.

3. Fjós. 3 básar, breið timbur stíll, pláss fr. kálf þar. Þil að framan. Veggir úr torfi og grjóti, gamlir og mikið bilaðir. Þak úr torfi ofan á gömlu járni, dálítið ryðguðu. Stoð undir þaki hefir sigið og þakið með.

4. Hesthús fr. 5 hesta, byggt í hauk við endann á fjósinu (stoppað þil á milli). Veggir góðir. ~~þa~~ Torfþak, (skúrlaga) nokkuð fjall. ~~Hurð Sæmileg~~



5. Girðing upp með túninu að norðan og suður með því að ofan, suður á merkjagirðinguna á milli Stórubrekku og Sléttu. Girðingin er í fullkomnu ólagi eins og stendur, tekin upp á ca 100 m. Girðingin er stórgripagirðing, 2 strengir.

6. Ekki hefir verið borið á ca. ½ túnið, en eigandi hefir lofað að bæta úr því, eftir sögn viðtakanda, fyrir fardaga n.k. Áburður virðist nokkur til.

X. Fleira gerðist ekki til bókunar. Úttektin upplesin og samþykkt.

Einar B. Guðmundsson Jón G. Jónsson
Sellur hrst.
Ragnar K. Jóhannesson Sveinn Jónsson

Fimtudaginn 5. maí var hrepp-
stjórinn í Holtshr. (settur) staddur á
Gili, ásamt Jóni G. Jónssyni á Tungu,
úttektarmanni hreppsins, til að taka
jörðina út, meta álag og virða í það.

Sigurður Arnljótsson skilar jörðinni
af sér, Jón Sigurðsson, sonur, tekur við.
Voru þeir báðir viðstaddir, svo og
eigandi jarðarinnar, Hallgr. Arngrímsson,
Hrimnholti. Síðasta úttekt var til
sýnis.

Úttektin fór svo fram sem hér segir:

~~1. Baðstofa~~: Fráfarandi, Sigurður Arnljótsson
hefir bygt upp baðstofuna og aukið við
hana og þyljað, umfram það sem áður
var. Er þessi endurbót metin til peninga-
verðs, þannig, að fráfarandi og eigandi



skilja kvittir. Þess skal getið, að
Sigurður átti t.d. skemmu, sem
héðan af er eign jarðarinnar.

Hér fer á eftir lýsing á jarðarhúsum.

1. Baðstofa. Veggir úr torfi. Hólfuð
sundur í þrent. 15 álnir á lengd.
innanmál
4 álnir 10 þuml. á breidd. Alþiljuð
nema miðbaðstofa, þiljuð upp að skamm-
bitum. Stafrúmin eru úr einföldum
panel. 4 gluggar. Þar í eru 2 rúður
brotnar. Sá galli hefir komið fram á
byggingunni, að suðurhús baðstofunnar
hefir gliðnað útúð eitt. Þyljur eru úr
panel en gólf ýmist úr ~~gö~~ nýlegum
gólfborðum eða gömlum, sem varla
geta talist nógu traust. Lás er fyrir
annari hurð en enginn fyrir hinni
í skilrúmunum

2. Bú. 4.70 × 4.70 m. Moldargólf. þil ~~gegn~~ stafnar. 2 stafgólf. Trébekkir með austur og norðurvegg, 1 skápur opinn og 2 hillur. 1,2 rúðu glugg. Hurð út að bæjardyrum. Þyljur heldur lélegar. Þar sem þyljur eru neðar er átt við stafna.

3. Fjós. 2 básar og rúm fyrir 2. kálfa. Stétt heldur léleg. Stoð undan miðjum brúnás, að vestanverðu, hefir sigið, og brúnásinn með, töluvert. Fjósið virðist þurfa töluverðrar endurbóta við

4. Skemma norður af búri. Innréttað fyrir hesthús. 8 × 4 álnir. 4 sperrur 5 og 6 langbönd á hlið. Húsið gamalviðað. Pallur undir 1 hest. 2 gluggar, þar af 5 rúður brotnar. Þökur lélegar



5. Göng og bæjardyr. Tvennar útidyrahurðir, ðálítið viðgerðar; ~~að~~ ~~áreft~~ dálítið ábótavant. Að öðru leyti eru göngin sæðileg:

6. Viðtakandi óskar þess getið, að 2 gluggar í baðstofu séu lélegir, og ennfremur, að 2 rúður í suðurglugga í baðstofu, séu skornar saman.

Fleira gerðist ekki til bókunar

Úttekt upplesin og samþykkt.

Einar Guðmundsson Jónas Jónsson

settur hrstj:

Sigmundur Guðjónsson

Jón Sigurðsson

Hallgrímur Arngrímsson

Laugardaginn 21. maí 1938
voru úttektarmenn Holtshrepps
staddir á Skeiði til að taka út jörðina.
Mættir voru auk þeirra fráfarandi, Jón
Jóakimsson, viðtakandi Sigurbjörn Bogason
og Þorlákur Stefánsson á Gautastöðum,
vegna eiganda, Siglufjarðarkaupstaðar.
Síðasta úttekt var til sýnis.
Úttektin fór þannig fram:
1. Íbúðarhús er úr timbri, pappaklætt að utan,
með hálfstafni úr torfi að norðanverðu.
Stærð og herbergjaskipun er lýst í úttekt
frá 1931 (bls. 212) ~~að því undanskildu~~ og vísast
til hennar um það. Síðan hafa suður
og vesturveggir verið rifnir og sett ~~það~~
timbur í staðinn (bls. 226); Ennfremur



hafa nokkur gólfborð verið ~~tappð~~ ofan
á bita á lofti, eftir endilöngu
miðjunni, 2 al. og 10 þuml. á breidd
fleti[illegible]. Illa gert.
Ástand hússins nú:
<u>Suðurstofa</u>: Fúi í gólfi, talsverður, meðfram
suðurstafni, ennfremur í vestasta gólfborðinu.
Kitti að bila af glugga, lélegur vírkrókur
í rúðu, sem hægt er að opna. Út sér
víða um ~~það~~ rifur í skilrúmi. Hurð gömul
og léleg, sigin, lykillaus. Nagla vantar
í handföng beggja vegna á hurðinni.
Klæðning að ~~sunnan~~ sunnanverðu
víða úr nótum. Austurhlið stofunnar
örlítið snúið austur.
<u>Eldhús</u>. Skilrúm gisin. 1 krók vantar
í glugga. Þröskuldur slitinn. Brenna-
blettir á gólfi framundan eldavél.
Brotið úr múrpípu, aðallega úr framhorni.
Þó ekki til skaða. 1 rúða sprungin í glugga.

Ysta skilrúmsfjöl gengin úr nót að ofanverðu. Eldavél í góðu standi; rör inn í múrpípu með þakjárns-hólk og hné sprungið.

Forstofa. Sýnilega fúin að leggja í norðurþili; ryðskófir út frá öllum nöglum. Hurð á milli eldhúss og forstofu lítil og léleg, lykilslaus; skarð í hornið að neðanverðu. Gólfið fram-undan hurðinni töluvert látið upp. Sömuleiðis gluggakista, gömul.

Skúr með steyptu gólfi sprungnu, hálf ónýtar hurðir og húsið lélegt. Að utanverðu er pappinn rifinn af og ónýtur að mestu. Járn farið að ryðga töluvert, sérstaklega að norðanverðu. Vatnsborð gengið frá á norðurstafni.



Veggurinn farinn að síga inn um miðjuna.

2. Gömlu bæjardyrnar. Hafi húsið verið notað sem lambhús, sjást þess engin merki nú. Engin jata. Sperrubyggt. 5 sperrur; engar stoðir undir miðsperrunum, þar-bunga ~~lausbandi~~ laushollin inn. 1 léleg þrifk í stað stoðar annarsvegar undir gaflsperru. Gliðnað. Sér út um þak og stafn.

3. Hesthús. Fráfarandi hefir fellt það úr stað og telst það vera jafngott ~~og~~ nú og þegar hann flutti ~~fang~~ í jörðina.

4. Fjós. 3 básar (þess skal getið, að í síðustu úttekt er fjósið talið 6 kúa. En í raun og veru hefir það aldrei rúmað nema 3 kýr. Hitt plássið er í ónýtum gömlum vegg og stóru forhýsi). ~~Helst~~ Húsið er

með mænias, settum saman í
mæðinn, lágt ris og reft líka á suður stafna.
~~Á suðurstafni~~ Þar í er gluggi með 1
rúðu óuýtri og alt árefti á stofnun
ónýtt. 1 raft vantar á vesturhlið
og 2 raftar brotnir á austurhlið.
Veggurinn inni í húsinu er til
mesta óhagræðis og ~~kos~~ er tolvert
verk að koma honum burt. Flórinn
er með trébotni en siginn uppi
miðjuna og þarf aðgerðar við. Flórstokkur
úr borðum. Árefti meira og minna
fúið. Þumar og lélegar hurðir, þó á hjörum
Veggir þurfa meiri og minni aðgerða.
5. Fjárhús. Syðrahús. Þyl framanundir
úr eldgömlum við og ~~x~~ mjög lélegt.
Fyrir 40 kindur. ca. 30 raftar á hlið, á kúnásum



Öll ~~syðri~~ ytri hliðin gamalviðuð og
léleg. 4 vatnspípur í garðabondum.
Ytrahús. + Sagt ~~fyrir~~ átti að vera
fyrir 36 kindur, en garði er ekki
nema fyrir 24. Fráfarandi hefir notað
framhluta hússins fr. hesthús fr. 2
hesta: þar er jata sem hann á, en aftur
á móti hefir hann tekið ca. 1 faðm
framan af garða. Fráfarandi segist
eiga alla garðastokka, og vill
láta + hestjötuna upp í það, sem
vantar af fullri lengd garðastokka
(fr. 36 kindur) Norðurhlið hússins
liggur inni að heita má og þarf
húsið endurbyggingar við
6. Hlaða. Torfveggir, torfþak, 80–90 hestar.
7 sperrur. Hálfstoðir í vegg að vestan.
Biti við norðurstafn brotinn. Laustolt að

vestanverðu brotið en skeytt bættingi
undir það. þyrfti að minsta kosti aðra
stoð þar, ef ætti að duga. Í langband
brotið að suðaustanverðu. Fráfarandi
segist hafa byggt ~~hana~~ hlöðuna upp. Norðan ~~Stafnar eru~~
~~hlaðnir upp úr~~ Norðurstafn er hlaðinn
upp úr og hefir svo mikill þungi komið
á bitann við það að hann hefir brotnað.
Bitinn við suðurvegginn virðist ætla að
fara á sömu leið af sömu orsökum.
Veggir gamlir og ~~[illegible]~~ snaraðir og tóttardyr
óhefilega þröngar.

Álag: það skal fyrst tekið fram
að það álag, sem metið er, á aðeins
við þau 3 ár, sem Jón Jóakimsson
hefir búið á Skeiði.



Álag verður þá:

| | |
|---|---|
| Á íbúðarhús | 60.00 |
| Bæjardyrakofa | 2.00 |
| Hesthús | 2.00 |
| Fjós | 20.00 |
| Syðra fjárhús | 8.00 |
| Ytra fjárhús | 8.00 |
| Hlaða | 10.00 |
| Samtals | 110.00 |

Upp í álag á fráfarandi garðastokka
í ytrafjárhúsi og eru þeir metnir á 10 kr.
Mismunur, kr. 100.00 greiðir frá-
farandi viðtakanda. Kúgildið, 4 ær og
2 gemlingar, ganga beint á milli fráfarandi
og viðtakanda.
Fleira gerðist ekki markvert.

Einar B. Guðmundsson  Jón G. Jónsson
settur. Þorlákur Stefánsson
Sigurbjörn Bogason  Jón Jóakimsson

Mánudaginn 23. maí 1938 var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur í Hvammi í Holtshr. ásamt úttektarmanni hreppsins, samkvæmt boði sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, til að athuga hús og mannvirki á jörðunni og gera af þeim lýsingu.

1. íbúðarhús. Húsið er einlyft steinhús á háum kjallara, með kvisti; 8.20 m. á lengd og 7.00 m. á breidd að utanmáli: Lélegt pappaþak, rifið að suðvestanverðu, lekur víða. 1 plötubreidd af þakjárni sitt hvoru megin kvistsins. Þrennar útidyr eru á húsinu: 1ar að austan og 2ar að vestan (aðrar dyrnar inn í kjallara). Steintröppur, 4 að austan og 9 að vestan liggja upp að dyrunum og enda í [stein]pöllum sem ~~k~~ cementshúðun er farin að bila af.

Alt hefir húsið verið húðað utan með cementshúð, en húðunin má heita alónýt nú, og víðast farin. Steypan í húsinu virðist vera mjög léleg, sérstaklega svo langt upp, sem kjallari nær, og það svo, að vafasamt er hvort húsið stendur nema við það sé gert hið allra bráðasta, ef það er þá hægt. En um þá hluti teljum við okkur ekki nægilega dómbæra.

Kjallari er undir öllu húsinu. Moldargólf. Steypt skilrúm í hann að endilöngu. Notaður til geymslu og fyrir fjós handa 3 kúm. 6 litlir gluggar eru á kjallaranum með smáum rúðum. Þar af eru 7 brotnar. Steypa töluvert molnuð úr innveggjum og meðfram dyrastöfum inn í kjallarann.

Stofuhæð. Þar á eru 3 stofur, eldhús og 2 litlar forstofur, inn af 2 útidyrum. Úr austurforstofu er stigi upp á loft og niður í kjallara. Miðstöð er á hæðinni frá eldavél í eldhúsi. 4 miðstöðvarofnar á hæðinni og 1 uppi á lofti. Þiljað er með panel innan á steinveggina, og á milli, ~~er~~ var okkur sagt, að væri tvöfalda „legtur" og pappi. Öll skilrúm úr tvöföldum panel. Suðvesturstofa er 320 x 370 cm., ómáluð, pappaklædd, pappinn rifinn hér og þar. 2, 4 rúðu gluggar; 1 rúða sprungin. Suðausturstofa: 325 x 255 cm. Ómáluð, pappaklædd, pappinn mikið rifinn; 1, 4 rúða gluggi, 1 rúða brotin, hurð lítið eitt sigin.
Forstofa (að vestan). 245 x 100 cm. Ómáluð. Fataskápur fyrir ~~tv~~ enda hennar, gengt útidyrum. Handfang laus í útihurð.

Norðvesturstofa. 295 x 270 cm. Strigaklædd innan á panel. Veggpappír, sumstaðar rifinn og blettur á veggjum, málað loft og gluggi og gólflisti. 1,4 rúða gluggi.
Eldhús 322 x 360 cm. Ómálað, engir gólflistar, 1,6 rúða gluggi, múrpípa, miðstöðvareldavél, eldhúsborð stórt með lokuðum skápum og skúffum undir; 1 skápur þar upp af á vegg m. 2 lokuðum hurðum. Rörað upp á bak við eldavél, blikkplata undir, farin að bila. Svolítið molnað úr horni á múrpípu, því er fram snýr, 4 rúður í glugga sprungnar, brunablettir í gólfi framanvið eldavél, hurð út í austurforstofu farin að bila.
Austurforstofa 322 x 100 cm. Ómáluð. ~~bæði~~ hvorki gólf- né ~~..~~ loftlistar. Læsing biluð á útihurð og 4 smárúður þar á alveg úr og neget fyrir.
Loft. 1 afþiljað herbergi; kistur. 5 gluggar.

Síðan í 1 puml. borðum óplægðum. Vantar gólf undir austursíð á rúml. 2 metra breiðum parti að endilöngu. Að mestu notað til geymslu.

2. Hlaða yfir 130 hesta af heyi. Úr torfi og grjóti. Sæmilega stæðileg.

3. Fjóshús yfir 100 kindur. Úr torfi og grjóti. Sæmilega góð hús ~~..~~ yfir 76 kindur, heldur lélegt ~~fo~~ yfir 24.

4. Skemma. Gömul og léleg. Notuð fyrir hesthús.

5. Jarðabætur ~~hafa~~ skoðuðum við ekki sérstaklega. Þó litum við á 2 skurði (framræslu-) og virðast þeir vera í góðu standi. Tún hefir að miklu leyti verið sléttað, nú síðari árin, og aukið töluvert.

Jón G. Jónsson Einar B. Guðmundsson
seltur hrstj.

1938

Þriðjudaginn 24. maí var hreppstjórinn í Holtshreppi staddur í Stórholti í Holtshreppi ásamt úttektarmanni hreppsins, samkvæmt boði sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, til að athuga hús og mannvirki á jörðunni og gera af þeim lýsingu. Hér fer á eftir umbeðin lýsing:

1. Íbúðarhús. Timburhús, portbyggt, á kjallara, undir 2 risum. Snúa burstirnar fram á hlaðið. Járnþak. Járnklætt að norðan og að austan að hálfu en hinn helminginn pappaklæddur. Ómálað tré að sunnan og vestan. Járn á þaki farið að ryðga. Gluggar sumstaðar farnir að fúna, einstaka hurð að síga og bila. Vatnsleiðsla og frárennsli (vaskur).
2 útidyr, 4 gluggar á kjallara, 6 á stofuhæð, 4 á lofti

Að norðan og austan er pappi utan á klæðningu á veggjum en að sunnan og austan innan á klæðningunni. þyljað innan á veggi með panel. Öll skilrúm tvöföld.
Kjallari Niðurgrafinn. Moldargólf. Veggir hlaðnir úr grjóti fyrst ca. 1 m. þá steypt lítið eitt upp fyrir jörð. Afþyljað bíur 4.85 × 2.38 m. þar í eru 3 trébekkir, 1 lítill skápur. Engin bilun sést á veggjum. Bleyta vill síga inn í rigningum. Gólfið því hálfblautt. Kjallarinn er notaður til geymslu.
Skúr eða gangur fyrir eldhús-dyrum austur úr húsinu. 100 × 260 cm. 2ar útihurðir og þriðja hurðin inn að fjósi.
~~Eldhús~~

Í stofuhæðinni eru 3 stofur og eldhús og lítil forstofa, allt málað, 252 cm undir loft.
Forstofa 223 × 128 cm. Veggir eru úr eikarmáluðum panel, sem endar í skrauthillu í 142 cm hæð. þar ofan við pappi og veggpappír. Málaður pappi í lofti. Pappi í loftinu rifinn, sömuleiðis lítið eitt á þiljunum. 2 rúður í útihurð báðar brotnar. Hurðin léleg, þröskuldur fúinn.
Suðvestofa 400 × 360 cm. Veggir eins gerðir og í forstofu. Fernisérað gólf. 2 gl. 7 rúða. 3 rúður sprungnar. Mál er farið að flagna og ~~sno~~ snjárt af hurðum og gluggum og fernis að mestu slitinn af gólfi. Skrá fyrir eldhúshurð ónýt.
Suðausturstofa. 364 × 248 cm. Pappaklædd. Veggir „betrekktir", loft málað. 1 gl. 7 rúður. 1 rúða sprungin.

Pappi í lofti sprunginn, líka í NA horni; veggpappi illa feldur að loftlista og rifinn undir glugga. Mál farið að flagna af glugga.

Norðurstofa. 320 x 335 cm.
Pappaklædd. Máluð; fernisérað gólf. Pappi í lofti og undan glugga, sprunginn. 1 gluggi, 7 rúður, 3 rúður sprungnar. Mál flagnað dálítið af glugga.

Eldhús 475 x 326 cm. Múrpípa, eldavél, eimhetta, múrað bak við eldavél, járnplata undir. Vindustigi á loft, hleri í gólfi að kjallarastiga. Vatnsleiðsla, vaskur (lítill, gamall), eldhúsborð með skápum undir. Innbyggðir 3 skápar. Málað. Gólf fernisérað. 2 gluggar 3 og 6 rúður. Bakarofn í eldavél sprunginn og vatnsketill ónýtur. Mál farið að slitna af.

Loft. Súðin úr gömlum ósamstæðum við + pappa + járni. 2 afþiljuð herbergi 325 x 250 cm og 348 x 300 cm, annað pappaklætt og málað, hitt málað á pensl. 4 gluggar eru á loftinu, 4 rúða. Framloftið notað til smíða og geymslu.

2. Fjárhús f. 90 kindur með hlöðu á bakvið sem tekur 250 h. Hlaðan er 20 x 6 x 5 al., grafin inn í hól. Hlaðan gjótveggir upp að jörð, þar ofan við veggir úr torfi og grjóti nema stafnar, þeir eru steyptir. Járnþak. Sperrubyggð. Suðurendi hlöðunnar svol. snaraður austur (fór svo í hvassviðri). Veggir ofanjarðar farnir að snarast og bila. Fjárhúsið er með járnþaki og þili framanvið. Stoppað

torfi innan á jörn. 6 krær. 1 mæni-
ás og 2 hliðaráásar þvert á krærnar.
Stoppið innan á þakið er farið að
bila, þilið orðið lélegt. Húsið annars
gott.

2. Fjós fr. 9 kýr[með kleða] Steyptur flór og
flórstokkar. Steyptur austurveggur,
Vesturveggur úr jörni og timbri. Járn-
þak, stoppað að innan, þakið utan.
Farið að leka. Fóðurnargangur bak
við jötur. 2 gluggar 3. rúða. Hlaðan
tekur 100 h., niðurgrafin. Skúrþak,
járn. Gólfið er lokkrest, þó bleyta í því.
Veggir úr torfi og grjóti; lélegir. Þarf
mikilla endurbóta við.

3. 2 hesthús fr. 7 hesta. Gömul og verð-
lítil en sæmileg.

4. Matjurtagarður sunnan við
fjóshús 9 × 11 m. og blómagarður
sunnan við íbúðarhús 5 × 7 m.
Ódýrar og óvandaðar girðingar um þá.

5. Girðing um tún, 4 gaddavírsstrengir
neðan frá brautinni að norðan í bæjar-
læk að sunnan.

[stór] Jarðabætur skoðuðum við ekki.
Áveituengi er með flóðgörðum og
áveituskurðum. Talsvert sléttað af
túni.

Einar B. Guðmundsson
settur hreppstj.
Jón G. Jónsson

Árið 1938 Laugardaginn 22 október var
hreppstjórinn í Holtshreppi staddur á Brúnastöðum
ásamt Guðm. Benediktssyni á Berghyl, til
þess að gera lýsingu á húsum jarðarinnar og
öðrum mannvirkjum samkvæmt boði
sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu.
Lýsingin fór svo fram sem hér segir

1 Íbúðarhús úr timbri postbygt með torfveggjum
að austan og norðan. Húsið er 9 x 4.40 m að utan
máli með járnþaki og er þakið á norður-
enda dálítið farið að ryðga. Húsinu er skift þannig
Í norðurenda er stofa 4 x 3,50 m. Stofan er blá
máluð innan, en þiljur eru mjög mikið farnar
að fúna að norðan og austan. Einn 6 rúðu-
gluggi er á stofunni 1,80 x 1,28 m að stærð. Glugginn
er ófúinn enda nýlegur. Einfalt skilrúm
aðskilur stofuna frá eldhúsi og forstofu, enda
öll skilrúm einföld í húsinu

Að sunnan og vestan er stofa 2,50 x 2,50 m
pappa lögð og betrekt og er pappi og betrekt
mjög mikið skemt og má teljast lítils virði.
Tveir 6 rúðu gluggar eru á stofunni 1,28 x 0,90
m. að stærð og ein rúða brotin. Gluggarnir
eru talsvert farnir að fúna en þiljur verðast
ófúnar. Fyrir stofunum báðum eru skrálæstar
hurðir.

Milli stofanna er forstofa 2,40 x 1.20 m.
með skrálæstri útidyra hurð í vestur. Hurðin
er nýleg með rúðu í efri pósti. Forstofan er
ekki þiljuð innan á vestur kanti, en annars
eru þiljur ófúnar.

Í suður og austurenda er eldhús 5 x 1,50 m
Dálítið framskot er vestur úr eldhúsinu 1,30 x 2,40 m.
og er gangur úr því upp á loftið. Sunnan á
eldhúsinu er einn 6 rúðu gluggi 1,28 x 0,90 m
að stærð en að austan einn lítill gluggi með einni
rúðu. Þiljurnar að austan eru farnar að fúna
Steyptur múrpípa er að norðan verðu við eldavél

Yfir áðurnefndu framskoti liggur stigi
upp á loftið. Í suður enda er þiljað herbergi

3X3,40 m. Einn 4 rúðu gluggi er á herberginu 0,90X0,70 m. að stærð allt er herbergið þiljað innan með skrálæstri hurð. Allar þiljur ófúnar og gólfdúkklætt.
Vestan á húsinu er kvistur 2,20X2,20 m. einn 6 rúðu gluggi á vesturkanti 0,90X0,70 m þiljur virðast lítið eitt fúnar í norðausturhorni annars ófúnar. Skrálæst hurð er fyrir kvistinum.
allur norðurhluti ~~hússinns~~ loftsinns er óþiljaður innan og brúkaður fyrir geymslu. Viðir virðast vera ófúnir. ~~en~~ Loftið er óplegt.
Húsið í heild virðist ekki vera fúið nema á þeim stöðum sem torfveggirnir liggja að og virðist sem austurveggur hafi kastað húsinu lítið eitt í vestur.

2 Austur úr eldhúsinu er gangur inn í aðra húsaröð 9 metra langa og 3 metra breiða.
Að norðan er fjós yfir 4 kýr og vetung

Allt er þessi húsalengja úr torfi og grjóti Fjósið er með járnþaki húsið gamalt en- virðist allstaðar legt.
Sunnar endi er hesthús Torfþak og viðir lélegir.

3 austan við þessa húsaröð er Hlaða 9X8,30 m veggæð 4 m. ris 2 m. Hlaðan er úr steinsteypu með járnþaki. Þó er sunnur stafn úr illa felldum fjalviði.

4 austar af hlöðunni eru 2 samstæð fjárhús yfir 140 fjár. Húsin eru úr steinsteypu með járnþaki. ~~Húsin~~ og virðast vera góð.

5 Girðingar í kringum túnið (grjót) víða fjárþétt en annarsstaðar slitur strengir ofan á garði. Þó er ekki girt nema á þjóðveginn, ekki að vestan

6 Sléttur eru gerðar í túni c 3 h.a.

7. Matjurtagardar eru lausir litlir á jördinni.

Jón G. Jónsson

Gudm. Benidiktsson

Árið 1939 laugardaginn 4 júní var hreppst.
í Haltshreppi staddur á Skála áóamt úttektar
manni hreppsins Gudm. Benediktssyni í Bergh.
til þess að takka út jördina þegar Ragnar Jóhann
esson skilar henni en Jón Jóakimsson tekk
ur við henni. Fráfarandi og viðtakandi voru
báðir viðstaddir og einnig eigandi jardarinnar
Helgi Daníelsson. Úttekt og lýsing frá
5 maí 1938 var til staðar og sýnis
Úttektar menn höfðu athugað öll hús
og virtist umgengni góð svo að engin óeðli
leg rýrnun eða skemdir hafa átt sér stað
Fráfarandi hefir gjört í kringum 2 glugga
í maskínu húsi og meta úttektar menn það
á Kr 9.00 Ennfremur hefir fráfarandi sett
3 rúðum nýjum í glugga á efri hæðinni
og ersú að gerð metin á Kr. 12.00
svo að þein við gerð á öllu húsinu verð
ur þá als Kr 21.00 Fráfarandi hefir
byggt vegg í fjósið og lagað það á

annan hátt Einnig hefir hefir frá
forandi eða umbjóðandi hans gert
allgriklar endurbætur á fjórhúsin
Jörðin hefir verið tekin út samkvæmt
lögum frá № 87. frá 19 júní 1933
og metið því útlekkar menn álag eða leigu
liðabót eftir þeim lögum í eitt skifti
fyrir öll og virðist hún hæfileg metin
á Kr. 40.00 árlega
Girðing er í óreiðu sina og fyrra ár
en eigandi hyggst að láta Jónú Gíl.
standsetja girðinguna innan vikn svo
að hún sé orðin fullkomlega gripheld
Fleira kom ekki til bókunar
Útlekt upplesin og samþykkt.
Jón G. Jónsson
Guðm Benediktsson
Ragnar A Jóhannesson
Jón Jóakimsson



Árið 1940 miðvikudaginn 20 marz
var Guðm. Benediktsson á Berghyl
úttektar-maður staddur í Tungu til
þess að gjöra nákvæma lýsingu á
húsum jarðarinnar og og meta leigu-
liðabót og aðrum mannvirkjum
og einnig að meta leiguliðabót á jörðin
ásamt hreppstjóra Hallshrepps eftir
beiðni Dómsmála ráðuneytisins
Lýsingin fór svo fram sem
hér segir.
(Íbúðarhús
I úr steinsteypu. Stærð 9x8 m. Hæð-
undir þakskegg 4,10 m.
Húsið er með fullri kjallara hæð. mið-
hæð og efsta hæð, allar íbúðarhæfar.
Eftir miðjum kjallara er krossskilrúm
Í vestur armi er geimsluplass syðst
á þvotta hús. nyrst stigagangur og for-
stofa. Í austur armi eru 2 eldhús

eldhús og 2 búr og eldaviður:
báðum eldhúsunum. Eldhúsin eru
klædd innan með gólfdúk og skápar
skápar og bekkir í kring. Loft málað
Miðhæð. Á henni eru 5 herbergi
stigagangur og gangur eftir miðju
húsi. Öll hæðin er striga lögð máluð
og betrekt nema skildri einni stofu
í vestur álmu sem er að eins pappalögð
og forstofa pass litils háttar en dúkar ...
Lofthæð á henni eru 3 herbergi og
stór kvistur og gangur eftir húsinu
sem á neðri hæð. Tvö herbergin og
kvisturinn eru fullstandsett en eitt
stórt herbergi vestan gangsins að eins þiljað
og notað til geymslu. Húsið er hitað upp
~~brunnd~~ miðstöðvar ofni kalli með hyr ofn-
um. Stór forstofa er norðan við húsið
steinsteypt með tröppum úr sama efni
og inngangi hæstu. Kjallara og
stofu hæð. Þak hússins er timbur
súð á sperrum pappi og bárujárn

Á kjallaranum 7 sexrúðu gluggar.
Miðhæð 8 fjögrarúðu gluggar. Lofthæð
sex gluggar en 2 af þeim litlir á suður
stafni (heidar herbergjum)
Á forstofu eru 2 gluggar sinn á hvorri
hæð.

II Fjós
fyrir 9 kýr. Flór básar og jötur
alt steypt. Fóður gangur bak við jötur
Veggir eru steyptir að undan skildum
hálfstafni að sunnan útlofti og gjafir
Þak úr timbur súð með pappakleðningu
2 fjögrarúðu gluggar eru á fjósinu
Austurveggur er farinn að bila en til
til steypktar og skjóls hefir verið
hlaðið með sniddum upp undir þak
skegg.

III Norðan við fjósið er mykjuhús
steypt með járn þaki. Múrhúðun á
norðurvegg farin að bila.

IV Vestanvið fjósið er hlaða yfir c 300 hesta veggir eru steinsteyptir að undanskild-um hálfstafni að innan. Þak timbur súð á sperrum pappi og bárujárn.

V Fjárhús yfir c 300 fjár þar af sam-stæð yfir 200. Norðurveggur er steyptur aðrir veggir úr torfi og grjóti austurhlið úr timbri með 4 gluggum járnþak með torfstoppi: Vesturhlið úr timbri og járni. sem er jafnframt veggur undir hlöðunni.

VI Hlaða vestanvið fjárhús ~~fy~~ yfir c 600 h. Veggir að neðan úr torfi og grjóti en að ofan úr timbri. Torfveggirnir eru farnir að snarast. Þakið bárujárn Tveir gluggar eru á hlöðunni

VII 3 fjárhús ósamstæð sem taka c 150 fjár Veggir úr torfi og grjóti og torfþak. Tvö húsin eru orðin gömul og hrörleg. en það þriðja og stærsta er stæðilegt.

VIII Hesthús yfir 12 hesta af því eru 7 básar úr timbri með milligerðum úr sama efni. Á bakvið er hlaða sem tekur c 120 hesta. Veggir að þessari byggingu eru úr torfi og grjóti og þakið torfi. Gluggar eru sunnan á stöfnum húsanna. Bygging þessi er sæmilega stæðileg.

IX Matjurtagarðar c 2000 m² Blómagarður sunnanvið íbúðarhúsið c 100 m². Kringum þessa garða eru trégrindur

X Girðingar Fyrir túninu að sunnan er gaddavírsgirðing 4-5 þætt með undir-hleðslu á stöku stað um þessi girðing nær niður á móts við bæinn að sunnan. Úr því tekur við skurður með 2 gaddavírsstrengjum á miðjum milli Hrings og Tungu niður í Hlíðará Túnið er að mestu leyti orðið sléttað og sömuleiðis Háakots túnið

Jón G. Jónsson Guðm. Benediktsson

Árið 1941 Laugardaginn 29 nov.
var hreppstjórinn í Hálshreppi
staddur á Möðrufelli ásamt Mort.m.
[illegible] undossyni fyrsta vara virð
ingarmanni hreppsins. eftir fyrir
mælum sýslumannsins í Skagafs
til þess að gera nákvæma lýsingu
af húsum jarðarinnar og ásamt
mannvirkjum og meta leigu liðs
bús.

Lýsingin fór svo fram sem hér segir

1 Íbúðarhús. 9 x 6½ meter.
vesturveggur og norðurstafn eru
úr steinsteypu. en austurhlið og
suðurstafn úr timbri.
Þakhússins er fyrst klætt með eins
borðum, á pappi og bárujárn.
Húsinu er skift þannig. Gangur
er að austan í húsið á miðju

og eru 2 stofur að austan sín hvoru meg
in við innganginn. Suðurstofa 3½ x 3½ m
Norðurstofa. 3½ x 2,35 m - Hæðin undir loft
2,25 m. Í vesturalmu er að sunnan
stofa. 3½ x 2½ meter þá eldhús og nyrst
búr. Öll eru þessi hús með sömu hæð
og að austanverðu. Búr og eldhús er með torfgólf
Stofurnar að austanverðu eru báðar
betrekktar og loft máluð. 2 niðurrúðu
gluggar eru í suðurstofu og einn á
norðurstofu af sömu gerð.
Húsið er portbygt. 80 sm. hátt. loftið í
öllu húsinu og er eitt svefnherbergi
í suðurloftinu, en hitt allt geimslu
pláss.
Miðstöð er í húsinu lagt út frá
eldavél. 4 ofnar eru í húsinu.
Þar er steypt múrpípa í eldhúsi
en hún er biluð svo nauðsynlegt er
að gjöra við hana sem fyrst.
Við inngang í húsið er lítill skúr

sem er mjög lélegur og þarfnandur bátaviðs.

2 Austur úr eldhúsi er gangur í samstæðu byggingu yfir 4 kýr og 5 hest. járnþak er að mestu á húsinu og þakið yfir með torfi.

3 Hlaða vestan við fjós og hesthús yfir 600 hesta. Hlaðan er steypt að neðan 1,20 m. en svo járn úr því uppúr og járnþak.

4 ~~par~~ Vestur af hlöðunni eru 3 samstæð fjárhús yfir 120 fjár. Hlaðar veggir eru úr torfi og grjóti með antik en svo eru húsin öll úr járni að öðru leyti: nema torfþak undir járni hurðir og garðar sömuleiðis úr timbri

Túnið er mikið til allt sléttað: og má að mestu leyti teljast véltækt
Einn lítill matjurtagarður er sunnan við húsið.

Fleira þótti ekki ástæða til að taka fram

Jón G. Jónsson
Hartmann Guðmundsson

Yllugastaðir
"

Árið 1942 laugardaginn 23 maí var hreppstjórinn í Haltshreppi staddur í Yllugastöðum á samt úttektarmanni hreppsins Guðmundi Benediktssyni í Bergshyl til þess að gjöra úttektargjörð á hús og önnur mannvirki jarðarinnar þegar Sigurður Pállsson skiftar, hinni en Jón Jóakimsson tekur hálflendunni til ábúðar. Hinn hálflendunna hefur eigandi jarðarinnar í sínum ~~vörslum~~ Sæmundur Hermannsson í sínum vörslum. en þó tekur Jón Jóakimsson ábúandi hálflendunnar við öllum húsum jarðarinnar

1 Hverhúsið Húsið er 6 x 3½ meter hæðandi þakskegg. 2 m. ris 0,80 ~~mm~~ Hús þetta er byggt úr timbri papp. klætt á vestur hlið og sudur stafni. Torfveggir eru að austan

stafni

og ~~sunnan~~ nordan. Pappaþak er á öllu húsinu sem þarnir er að gólfa og rifna. Á suðurhlið er 1-sex rúða gluggi lítill 2 rúður brotnar. á vesturhlið einn stór 6 rúðu gluggi 1 rúða brotin Báðir þessir gluggar eru gamlir og fannir að fúna. Innan er húsinu skift í tvö herbergi og er nordar parturinn þiljaður innan í hólf og gólf. Suðurendinn sem brúkaður er sem eldhús er ekkert þiljaður innan á sperrur. Timburgólf og veggir þiljaðir hengiir hurð eða dyraumbúnaður er á milli eldhúss og íverustofu. Skeavirðist vera gengið frá pappa bædi á þaki og og klæðningunni Skjólvegg vantar á austur hlið og illa virðist gengið frá öllum þakumbúnaði.

2 Skúr við vestur hlið hússins 2,20 m X 2,10 m. með sömu hæð og húsið undir þakskegg.

Skúrinn er byggður úr gömlu timbri og klæddur utan með pappa. og þak úr gömlu bárujárni. Nokkrar þiljur eru settar sem skilrúm. en þó ekki alveg þiljað í sundur.

3. Fjós yfir 3 kýr. Húsið virðist vera fallað að veggjum og nokkuð lélegt að viðum Vesturhlið er alveg fallin en austurhlið hefir nokkra máttar rafta brúklega þó að þeir séu farnir mikið að fúna

4 Fjárhús yfir 40 kindur Húsið virðist ekki vera óskemt. legt. Þó að margir raftar séu farnir að fúna og sumir brotnir. Húsið er byggt á beinmása, þak ónýtt

5 Hesthús yfir 6 hesta Húsið virðist vera meðállir fallið. og ekki orðið hæft, nema byggja það alveg upp að nýju

Lauslega hafa verið lagðar nokkrar járnplötur yfir gafl fjósi og hesthúsi Einnig voru nelgdar í fjárhús járnplötur í stað ~~fjárhús~~ þils. í vesturstofu allt var þetta járn mjög skemt.

Fleiri hús eru ekki uppistandandi eða finnanleg á jörðinni;

Eigandi jarðarinnar biður þess getið að girðing sem átti að vera í kringum túnið sjáist hvergi uppistandandi að eins örlítill hluti af hinu forna túni virðist vera í sæmilegu ástandi

Meiri hlutinn virðist gróðurlausir sinnumóar og stórt stykki grónir plógstrengir. og sumstaðar sjást þúfur en eftir standa skorningar og þúfnabrot.

Hvergi er borið á túnið nema slétturnar við frá bænum

Vitnakandi biður þess getið að mikið vanti á að forsvaranlega sé gengið

frá vestingu kringum hús og heislubi
Eigandi jorðarinnar bíður bátk. að
fráfarandi eigi vangoldið Leigu
eftirgjald fyrir árið 1940—41— og
1941— 42 — og leigulíða bítallann
ábúðar tímann. að öðru leyti ósam
iðum hvörnum og endurbætur á
húsum og mannvirkjum jarðarinnar.
auk úttektarmannanna voru þessi
menn mætti við úttektina
~~Ein~~ eigandi Jarðarinnar
Sæmundur Hermannsson
Viðtakandi Jón Jóakimsson
Fráfarandi var ekki mættur
Fleiri komu ekki til bókunar.
og var þá úttektinni lokið
Jón G. Jónsson Sæm. Hermanns.
Guðm. Benediktsson Jón Jóakimss

## Úttekt á Illugastöðum

Árið 1943 laugardaginn 3 júlí
var hreppstjórinn í Hálshreppi staddur á Illugast.
til þess að taka út jörðina þegar Jón Jóakimsson
skifar henni og Vilmundur Kristjánsson tekur
hana til ábúðar. Úttektar maður ~~hr~~ hreppsins
Guðm. Benediktsson var ekki mættur og enginn
var maður. Fráfarandi og viðtakandi voru
báðir mættir. og fyrir hönd eiganda jarð
arinnar Sæmundar Hermannssonar var
mættur Hermann Jónsson hreppstjóri á
Ystamói.
síðasta úttekt var til staðar og sýnir
1 Íbúðarhús er með sömu ástand og um getur
eins og við síðustu úttekt 23 maí 1942
Rúður í gluggum er. Vestur hlið 1 rúða brotin
en suður glugga 1 rúða brotin að öðru leyti
vísast til fyrri árs lýsingar.
álag gerist Kr

2 Skúr ~~við~~ við vestur hlið hússins er með sama stand og um merkjum og við síðustu ísteks so ligur pappi tvørsnat allmikið sum illiligt er.

Álag gerist - Kr -

3 Fjós ýfir 3 kýr með sama stand og um merkjum og við síðustu ístekst. nema illiligt hvørvum

Álag gerist Kr =

4 Fjóshús yvir 40 kindur með sama stand og um merkjum og við síðustu ístekst og víst ist ikki hafa ógerst gallar nema illilig hvørvum

5 Fiskhús með sama stand og við síðustu ístekst. Frá farandi hevir ditta so at húsini at þá vísdist vera sømiliga nøtthøft

Frá farandi og ~~viðtatt~~ um bøtsmaðir eigandi sama sum um leigu lítið bát í jørðini yvir árið. so at álag meti á hvørt hús kemur ikki til greina og við takkandi tekur ikki við neinum álogi
Ráð givið er at eigandi leggi eitt hvat til at gerdar á húsinum. Og þegar það er komið í kring leggja at ilur at láta føra inn í ístekstar bókina þess um betur sum gerdar verða.
Sum er mikill hluti af tansinum í plóstrongum og stivri flakkar í flog um sum stungið hevir verið upp í þjóð vegnum.
Vir liggur víða niðri hingað og þangað og saint í kringum hús og hoygslott
alt úr þeirri girðingu sum var hér upp sett og í gamlo lagi fyrir nakksum árum

Fleiri komu ekki til bókunar.
og er því úttektinni lokið.
Jón G. Jónsson
Jón Jóakimsson
Vilmundur Kristjánsson
Steinn Jónsson

Lýsing á Reykjarhóli.

Ár 1945, fimtudaginn 29. marz, voru úttektarmenn Holtshrepps staddir að Reykjarhóli, til þess, að gera lýsingu á húsum og öðrum mannvirkjum á jörðinni eftir beiðni Alfreðs Jónssonar, sem tók jörðina í ábúð á síðastliðnum fardögum.
Lýsing húsanna er eftirfarandi:
1. Íbúðarhús, stærð 6 X 7,70 mtr. úr timbri járnklætt með járnþaki, undir öllu húsinu er kjallari með steyptum veggjum 2ja metra háum, í kjallaranum er moldargólf og skilrúm engin. Á kjallaranum eru 4 tveggja rúðu gluggar og dyr á norðurstafni. 2 rúður brotnar.
Á stofuhæðinni eru 3 herbergi, eldús og forstofa. Stærð forstofu 2 X 1.15 mtr. þiljuð með panel.
Suðvesturstofa 3,15 X 3,20 metrar, veggfóðruð innan, loft hvítmálað, 2 sexrúðugluggar

annar á suðurstafni en hinn á vesturhlið.
í gluggum þessum eru sjö rúður sprungnar
Eldvarnarplata úr steypu við kolaofn er
öll sundursprungin. Veggfóður rifið í suðvesturhorni

Suðausturstofa, 2,50×2,80 metrar
þiljuð innan með panel, 1 sexrúðu gluggi
á suðurstafni. 3 rúður brotnar

Norðvesturstofa, 3×2,75, þiljað með
panel neðan á bita í lofti, sömuleiðis
norðurstafn og vesturhlið suður að glugga
að öðruleyti óinnréttuð. 1 sexrúðugluggi
á vesturhlið 1 rúða heil.

Eldhús, 2,50×4,40, þiljað, bekkur undir
austurhlið með 2 skápum að sunnan í
hálfum bekknum 2 Gluggar eru á austur
hlið annar með sex- en hinn með þrem
rúðum aðeins 4 rúður heilar í báðum
gluggum og gluggaumgjörð stærri gluggans
sýnilega mjög fúin. Eldvarnarplata við
eldavél að mestu hrunin. Í eldhúsinu er vatns-
leiðsla og vaskur. Úr eldhúsi er stigi upp á loftið.

Yfir stofuhæðinni er loft notað til geymslu
Ekkert gólf er ofan á bitum, en aðeins lagðar
nokkrar lausar fjalir að vestanverðu á bita. Engin
skilrúm. 2, 4rúðu gluggar eru sinn á hvorum
stafni á loftinu

2. Fjós yfir 4 nautgripi, veggir hlaðnir úr
torfi og grjóti, járn yfir austurhlið með torfi
yfir. Veggir eru farnir að molna og þak brotnað
Reft á brúnása og mæniás, viðir orðnir
mikið fúnir. Húsið farið að snarast vestur.

3. Fjárhús yfir ca 100 fjár. Norður- og suður-
veggir hlaðnir úr torfi og grjóti, sem eru
farnir að hallast út; þil úr timbri er
framanundir húsinu. Húsið er með skúr-
þaki úr járni nema syðstakróin, sem er
undir torfþaki. Undir járni er torftróð
lagt á vírnet, sem strengt er á langbönd
Netið er orðið ryðgað og víða slitið og tróðið
því farið með pörtum og sést víða í bert
járnið, viðir virðist vera ófúinn nema

yfir syðstu krómi og út með hlöðuveggnum á parti þar gætir allmikils fúa.

4. Austan við fjárhúsið er heyhlaða úr steinsteypu undir risi með járnþaki stærð 3.80 × 12.50 metr. vegghæð 3 mtr. Vesturveggur hlöðunnar, sem að fjárhúsi snýr er ekki steyptur niður að gólfi; vantar ca. 60 sm. til og er farið að molna og hrynja undan öllum veggnum.

Fyrir ofan túnið er vörslugirðing, úr gaddavír sem nær frá landamerkjum Kolastaða að norðan, suður að landamerkjum Hóla. Tæpur helmingur af lengd girðingarinnar er fjórþætt, en á hinum partinum eru 3 þættir. Staurar eru víða orðnir fúnir og lélegir og vírinn sumstaðar farinn að ryðga.

2 matjurtagarðar eru suðvestan í svonefndum Kverhól fyrir ~~at~~ ofan túnið

að stærð samanlagt mtr. Kringum þá er girt með vírnetum á staura og einni snúru af gaddavír ofan við netið. Netin eru víða orðin beigluð og skekkt og staurar flestir ónýtir af fúa, úr samanneglduum tunnustöfum

Fleyra þykir ekki ástæða, til að taka fram.

Jón Guðmundsson
Guðm Benediktsson

Ár 1946, föstudaginn 9. ágúst, voru hreppstjóri Holtshrepps og úttektarmaður hreppsins, Guðmundur Benediktsson, bóndi að Berghyl, staddir að Gautastöðum, samkv. fyrirmælum sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, til þess að framkvæma fasteignamat á landi jarðarinnar, sem hefur að nokkru leyti farið undir vatn og eyðilagst af völdum Skeiðsfossvirkjunarinnar.

Eigandi og ábúandi jarðarinnar er Jóhannes Bogason, og var hann viðstaddur matið. Af túni er nú eyðilagt um 4/5 hlutar, sem eru ~~og allir~~ beztu partar túnsins, og af útengja slægjum um helminger.
Einnig hefur eyðilagst torfrista á jörðinni.
Skilyrði til ræktunar eru mjög slæm sökum skriðufalla og stórgrýtis.

Fasteignamat landsins eins og það er nú verður 12 hundruð krónur.

Síðasta fasteignamat á landi jarðarinnar var kr. 3000.oo

Lækkun verður þá kr. 1800.oo.

Heildarverð lands kr. 1200.oo.

Matsgerðin lesin upp og staðfest.

Jón Gutmundsson
Guðm Benediktsson
Jóhannes Bogason

Ár 1946, föstudaginn 9. ágúst, voru úttektarmenn Holtshrepps staddir að Tungu samkv. fyrirmælum sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, til þess að framkvæma fasteignamat á landi jarðarinnar, sem hefur að nokkru leyti farið undir vatn og eyðilagst af völdum Skeiðsfossvirkjunarinnar.

Jörðin er eign ríkissjóðs, en ábúandi er Kristinn Jónasson, sem var viðstaddur matið.

Af túni er nú komið undir vatn niðurhlutinn, eða partur, sem hefur gefið af sér um hálft kýrfóður og engjar eru svo að segja allar eyðilagðar, sömuleiðis torfrista alveg.

Landverð jarðarinnar var við síðasta fasteignamat kr. 10.600.00, en er nú metið á kr. 4000.00. Lækkun verður því kr. 6.600.00

Fleira þykir ekki þörf að taka fram.
Matsgjörð lesin upp og staðfest.

Jón Gutmundsson
Gutm Benediktsson
Kristinn Jónasson

Sama dag og að framan greinir, fór fram mat á landi jarðarinnar Háakot, sem hefur skemmst af völdum Skeiðsfossvirkjunarinnar.

Eigandi jarðarinnar er ríkissjóður, en ábúandi Kristinn Jónasson, Tungu.

Af landi þessarar jarðar, eru engjaslægjur allar komnar undir vatn.

Fasteignamat lands var kr. 2300.00

metið nú á kr. 800.00

Landverð lækkar um kr. 1500.00

Matsgjörð upplesin og staðfest.

Jón Gudmundsson

Guðm Benediktsson

Kristinn Jónasson

Ár 1946, föstudaginn 9. ágúst, voru undirritaðir úttektarmenn Holtshrepps staddir að Hring, samkv. fyrirmælum sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, til þess að framkvæma fasteignamat á landi jarðarinnar, en það hefur nú að nokkru eyðilagst og farið undir vatn af völdum Skeiðsfossvirkjunarinnar.

Eigandi jarðarinnar er Steinn Jónsson Nefstöðum, og var hann viðstaddur matið.

Af túni er eyðilagt ca helmingur og útengi er að mestöllu komið undir vatn.

Landverð jarðarinnar við síðasta fasteignamat var kr. 2700.00

Mat á landi nú verður kr. 1000.00

Landverð lækkar um kr. 1700.00

Matsgjörð upplesin og staðfest.

Steinn Jónsson

Jón Gudmundsson

Guðm Benediktsson

Sama dag og ár og að framan greinir voru úttektarmenn Holtshrepps staddir að Nefstöðum til þess, samkv. beiðni sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu að meta til verðs land jarðarinnar, sem hefur rýrnað af völdum Skeiðsfossvirkjunarinnar.

Af landi jarðarinnar er nú komið undir vatn engi og skák af túni, sem mun hafa gefið af sér um 100 hesta af heyi árlega.

Eigandi og ábúandi jarðarinnar er Steinn Jónsson, og var hann viðstaddur matið. Landverð jarðarinnar var kr. 3800.oo

Metið nú á kr. 2800.oo

Landverð lækkar um kr. 1000.oo

Matsgerð lesin upp og staðfest.

Guðm Benediktsson
Steinn Jónsson Jón Gutmundsson

Ár 1946, föstudaginn 9. ágúst, voru undirritaðir úttektarmenn staddir að Melbreið samkv. fyrirmælum sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, til þess að framkvæma fasteignamat á landi jarðarinnar, sem hefur að nokkru eyðilagst og farið undir vatn af völdum Skeiðsfossvirkjunarinnar.

Eigandi og ábúandi jarðarinnar er Hannes Hannesson, og var hann viðstaddur matið.

Af landi jarðarinnar hefur farið undir vatn ca 31 hektari, sem var að mestu slægjuland og mótak á jörðinni er með öllu eyðilagt.

Fasteignamat á landi var kr. 2500.oo

Landið metið nú á kr. 1400.oo

Lakkun landverðs verður kr. 1100.00
Matsgjörð lesin upp og samþ.

Jón Gutmundsson
Gutm. Benediktsson

Samþykkur
Hannes Hannesson

Ár 1946, föstudaginn 9. ágúst voru hreppstjóri Holtshrepps og úttektarmaður hreppsins Gutmundur Benediktsson Berghyl staddir að Knappstöðum, samkv. fyrirmælum sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, ~~staddir að Knappstöðum~~, til þess að framkvæma fasteignamat á landi jarðarinnar, sem hefur eyðilagst og farið undir vatn af völdum Skeiðsfossvirkjunarinnar.

Eigandi jarðarinnar er Kirkjujarðasjóður, en ábúandi jarðarinnar er Hallgrímur Bogason.

Af túni jarðarinnar er nú komið undir vatn 3/5 og engjaheyskapur að mestu eyðilagður

Fasteignamat lands var 2400.00
Mat á landi nú er kr. 800.00
Lakkun á landverði er kr. 1600.00

Matsgjörð lesin upp og samþykkt.

Jón Gutmundsson
Gutm. Benediktsson
Hallgrímur Bogason

Ár 1946, föstudaginn 9. ágúst, voru úttektarmenn Holtshrepps staddir að Húnstöðum, samkv. fyrirmælum sýslumanns ins í Skagafjarðarsýslu, til þess að meta land jarðarinnar, sem nú hefur að nokkru leyti farið undir vatn af völdum Skeiðsfossvirkjunarinnar.

Eigandi jarðarinnar er ~~Ríkis~~ Kirkjujarðasjóður, jörðin er í eyði.

Fasteignamat jarðarinnar var við síðasta fasteignamat kr. 700.oo
Landverð nú er metið kr. 400.oo
Lækkun kr. 300.oo

Matsgerðin upplesin og samþ.
Jón Guðmundsson
Guðm. Benediktsson

Ár 1949, sunnudaginn 14. ág. voru undirritaðir úttektarmenn í Holtshreppi staddir að Skeiði, eftir beiðni Sigurbjarnar Bogasonar bónda þar, til þess að framkvæma skoðunargerð og semja lýsingu á íbúðarhúsi jarðarinnar.

Lýsingin er, sem hér segir:

Húsið er byggt úr timbri pappaklætt utan með hálfstafn úr torfi að norðan. Húsinu er skipt í ~~eitt~~ 2 íbúðarherbergi, ~~[illegible]~~ eldhús og forstofu. Þak er innst borðviður, þá pappi og yzt járn. Húsið er nú 20 ára gamalt.

Ástand hússins nú:

Suðurstofa: Stærð 3,70 x 3.50 mtr. hæð undir loft 2,50 mtr. Mikill fúi í gólfi og þyljur grautfúnar að neðan við alla veggi, stoðir og undirlög grautfúið; mikið fúið kringum glugga á suðurstafni. Glugga er lýst í úttektargjörð á bls. 212, og vísast til ~~þess~~

hennar um það, ein súða er brotin.

Eldhús: Stærð 3,25 x 1,75 mtr. Gólf fúið útvið veggi þyljur og gluggi mikið fúið undirlög fúin útvið veggi og stoðir fúnar.

Herbergi í norðausturhorni: Stærð 2,30 x 1,75 fúi svo mikill í þyljum að hægt er að hræra í þeim með fingrunum og annað timbur yfirleitt mikið fúið nema miðja úr gólfi.

Forstofa: Stærð 1 x 1,70 fúi er kominn í gólfbita og gólfborð við útveggi. Á milli forstofu og norðausturherbergis er skilrúm úr nýlegum viði, sem ábúandi hefur sett og á sjálfur.

Úr forstofu liggur stigi upp á loft sem er úr panelborðum negldum neðan á bita og hafa nokkur gólfborð verið neglt ofaná bitana til að ganga eftir. Sperrur virðast vera ófúnar og sömuleiðis panell neðan á bitunum nema við útveggi er hann farinn að fúna.

Það sem sést af klæðningu utaná húsinu er svo bikfúið að hægt er að tægja hana upp með berum höndunum. Járn á þaki hússins er orðið ryðgað og að mestu ónýtt.

Fleira þykir ekki ástæða að taka fram.

Skoðunargerð lokið.

Jón Guðmundsson

Guðm. Benediktsson

Ár 1951, föstudaginn 26. október, voru undirritaðir fasteignamatsmenn í Holtshreppi staddir að Stóru-Þverá samkv. beiðni Björns Stefánssonar bónda þar, til þess að framkvæma fasteignamat á húsum og landi jarðarinnar. Fer mat þetta fram vegna nýbygginga og ræktunar á jörðinni, sem ábúandinn Björn Stefánsson, hefur gert á eigin kostnað.

Fór matið svo fram:

Ár 1953. laugardaginn 13. júní voru undirritaðir úttektarmenn í Holtshreppi staddir að Tungu í Stíflu, eftir beiðni Kristins Jónassonar bónda þar, til þess að gera lýsingu á húsum jarðarinnar og meta til verðs útihús á jörðinni.

Lýsing og mat húsanna er sem hér segir.

## Íbúðarhús.

Stærð og gerð er eins og sagt er frá í lýsingu frá 1940 á bls. 273 hér að framan. Gallar á húsinu, sem komnir eru í ljós eru þessir: Járn í þaki er töluvert farið að ryðga, útveggir, sem eru úr steinsteypu eru farnir að molna utan, sérstaklega suðurstafn og steyptar tröppur norðan við húsið eru sprungnar frá forstofunni og farnar að hallast norður.

Þá ber töluvert á fúa í lofti yfir forstofu og sömuleiðis í lofti yfir kjallara við suðurstafn. Skemmdir á forstofunni stafa af leka á þakinu, sem er úr steinsteypu og hallalaust og hefur lekið frá því fyrsta að húsið var byggt, enda er bæði strigi og bréf grotnað sundur innan úr forstofunni.

Þá eru allir gluggar í húsinu farnir að fúna meira og minna og virðist hætta á að þeir geti, sumir hverjir, látið undan og farið alveg í t.d. miklum rokum.

## 2. Fjárhús yfir 200 fjár.

Norðurveggur, sem er steyptur, er allur sundur sprunginn og sér víða í gegnum hann, enda er hann alveg kominn að hruni. Austurhlið, sem er úr timbri er öll orðin skökk og rifin, þak úr járni er orðið töluvert beiglað og skemmt.

Vesturhlið, sem er jafnframt austurhlið hlöðu hefur verið úr timbri og járni, en er nú að nokkru leyti farið og ónýtt.

Viðir í húsinu virðast lítið fúnir, en eru sumstaðar brotnir og rifnir enda er bæði húsið og hlaðan að leggjast á hliðina vestur.

Mat vort verður kr. 1400.00

3. Hlaða, sem á að taka 500 hesta af heyi er vestan við fjárhúsið. Veggir, sem eru úr torfi að neðar eru alveg ónýtir, að ofan eru þeir úr timbri, sem virðist lítt fúið, en borð eru farin að ganga úr fölsum og rifna sumar stoðir eru brotnar en þak virðist óryðgað en nokkrar plötur eru með götum sem komu á þær, er þær fuku af í roki en voru settar á aftur.

Mat á hlöðunni er kr. 1200.00

4. Fjós og hlaða, stærð eins og segir í lýsingu frá 1940. Hús þessi eru með öllu ónýt nema járn í þaki á hlöðu, veggir eru með öllu ónýtir og eru að hrynja viðir allir fúnir og brotnir. Járn þak á fjósi á ábúandi sjálfur en á hlöðunni er járnið byrjað að ryðga og orðið töluvert beyglað.

Mat á fjósi og hlöðu er kr. 400,00

Fleyri hús eru ekki til á jörðinni og er virðingu því lokið.

Jón Guðmundsson
Guðm Benediktsson

## Slitta.

Ár 1954. þann 30. maí, voru undirritaðir úttektarmenn Holtshrepps staddir á Slittu til þess að gera lýsingu á jarðarhúsum þeim, sem fylgja hálflendunni er Ástvaldur Hjálmarsson hefur haft til ábúðar undanfarin þrjú ár og meta til verðs hús þau er hann hefur byggt á hálflendunni, og jarðareigandi kaupir nú er Ástvaldur flytur burt af jörðinni.

Viðstaddir voru auk úttektarmanna, fráfarandi sjálfur og fyrir hönd eiganda, Hinriks Thórarensen, Jóhann Benediktsson bóndi á Minnagrindli.

Lýsing húsanna er sem hér segir:

1. Íbúðarhús: Tvö íbúðarherbergi á lofti í norður enda hússins, kladd innan með texi, loft bríflagt ómálað, veggir kladdir veggfóðri. Stærð herbergjanna er 2,10 x 2.50 og 2,95 x 2.50. Herbergin eru hreinleg og líta vel út. 2 gluggar eru á herbergjunum með heilu gleri.

Eldhús í kjallara í norðurenda, stærð 3 x 2,20 mtr., klætt með texi og málað innan, gluggi á austurhlið með 3 rúðum 2 af þeim sprungnar

gólfið er dúklagt og á ~~ábúandinn~~ fráfarandi dúkinn bæði á gólfi og eldhúsbekk, 2 skápa, sem eru yfir eldhúsbekk á fráfarandi einnig. Eldhúsið er í ágætu lagi.

Geymsla í suðurenda kjallara stærð 3 X 3 metr. Veggir og gólf steypt. Loft klætt með panel. Gluggi með 3 rúðum á austurhlið, glerið heilt.

2. Fjós: Suðurendi af sameiginlegu fjósi fyrir báða ábúendur. Veggir úr torfi mjög lélegir, nema austurhlið úr timbri, þak flatt úr járni. Húsið er mjög lélegt bæði að viðum og veggjum og er farið að ~~s~~narast allmikið austur.

3. Tvö fjárhús og hesthús undir sama risi, en hesthúsið frásikilið með timbri. Fjárhúsin eru komin að hruni, veggir ónýtir og viðir mjög lélegir. Á húsinu er járnþak, sem er orðið ryðgað og lélegt.
Hesthúsið er stæðilegt, veggir, sem eru klæddir úr torfi eru lítt skemmdir og viðir góðir. Á húsi þessu var járnþak, sem fráfarandi tók og setti á nýtt hús sem hann byggði og verður það dregið frá í mati á því húsi hér á eftir.

Umboðsmaður jarðareiganda samþykkir að járnþetta sé kyrrt á nýja húsinu en fráfarandi skili hesthúsinu þaklausu.

4. Hlaða, Trégrind ~~með~~ kladd bárujárni. Járnþak. Hús þetta er allt með götum og mjög lélegt. Fráfarandi hefur steypt grunn, meterskáann undir part af hlöðunni og verður hann metinn hér á eftir.

1 Hús, eftl. sem fráfarandi á á jörðinni og jarðareigandi kaupir nú s.kv. mati, eru sem hér segir: Tvö fjárhús undir einu risi, byggð við hlöðu þá er að ofan greinir. Veggir steyptir og garðar sömuleiðis. Austurstafn úr asbestplötum, sem neglt er á trégrind, vel viðað. Þak úr járni negldu á langbönd sem hvíla á sperrum. Húsið mjög vandað.
Mat á húsinu kr. 9375.oo Húsið rúmar yfir 60 fjár.

2. Steyptur grunnur undir parti af hlöðu 1 X 14.5 m.
Metinn kr. 540.-

3. Dúkur á eldhúsgólfi og eldhúsbekk, metinn kr. 245.-

4. 2 skápar yfir eldhúsbekk, með 4 hyllum og 3 hyllum milli þeirra, metið kr. 500.oo

5. Miðstöð: Eldavél með rörum, 2 miðstöðvarofnar og leiðslur. Mat kr. 2260,-

Mat varð á eigum fráfaranda, sem jarðareigandi kaupir er þá, sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | 2 fjárhús | kr. | 9375.00 |
| 2. | Steyptur hlöðugrunnur | " | 540.00 |
| 3. | Dúkur í eldhúsi | " | 245.00 |
| 4. | Skápar í eldhúsi | " | 500.- |
| 5. | Miðstöð | " | 2260.- |

Samtals kr. 12.920.00

Fleira var ekki óskað eftir að metið yrði og er því matsgjörðinni lokið.

Jón Guðmundsson
Guðm. Benediktsson
Ástvaldur Hjálmarsson
Jóhann Benediktsson
um boðsmaður
Jarðareyganda

## Minna-Holt.

Ár 1954, fimmtudaginn 3. júní, voru úttektarmenn Holtshrepps staddir að Minna-Holti til þess að taka út jörðina og meta mannvirki þau, sem fráfarandi hefur gert á jörðinni þegar Hallgrímur Arngrímsson skilar henni en við tekur Jón Sigurðsson. Bæði fráfarandi og viðtakandi voru ~~tit~~ viðstaddir og fyrir hönd eiganda, sem er dánarbú Jóns Jóhannessonar var viðstaddur Jóhannes Jónsson.

Síðasta úttekt var til staðar og sýnis.

Fór úttektin svo fram.

Íbúðarhús, byggt úr timbri á þrjá vegu, en með torfvegg upp að porti á austurhlið, sem farinn er að molna og hallast að norðan inn að þiljum.

Húsinu er skipt í tvö herbergi, 1 íveruherbergi og eldhús, þiljuð innan með trétexi, veggfóðrað, loft klætt asbesti og málað. ~~Húsið~~ Gólfið er farið að hallast mikið suður og hefur sigið mikið í suðurenda. Á suðurstafni er 6 rúðuglugi, 1 rúðan er brotin, 2 gluggar eru á vesturhlið 1 með 6 rúðum heilum á íbúðarherbergi og 16 rúðu

gluggi á eldhúsi, rúður heilar. Á lofti eru 3 herbergi, það syðsta innréttað og málað. Þakið er klætt pappa. Gjáanlegir gallar eru þeir að pappi á þaki er víða trosnaður svo súðin sést sumstaðar ber. ~~Lá~~holt undir austurglugga á lofti er bikfúinn og gluggaumgerðin sömuleiðis. Stærð hússins er 4 × 7,5 mtr.

2. Bæjardyr, sama stærð og segir á bls. 119 hér að framan. Norðurveggur að molna og næstum ónýtur loftið yfir dyrunum grautfúið, aðrir viðir sæmilegir og þak, sem er úr járni virðist lítt skemmt.

3 Fjós yfir 3 kýr, veggir úr torfi allir ónýtir, viðir mjög lélegir og sömuleiðið járnþak, sem er orðið ryðgað, og virðist ónýtt á austurhlið.

4. Hesthús yfir 3 hross, veggir úr torfi og er suðurveggur farin að molna, sömuleiðis ber töluvert á fúa í viðum. Járn er á ca. 2/3 hluta þaksins og torf yfir.

Á þessi hús, sem nú hafa verið talin og öll eru jarðarhús

er ekki metið neitt álag. Fráfarandi og Jóhannes Jónsson fyrir hönd dánarbúsins hafa samið um það sín á milli að álag á öll jarðarhús og efni það, sem fráfarandi hefur lagt til í íveruhús það sem nú er á jörðinni, og sömuleiðis þóknun fyrir túnasléttur sem hann hefur gert malist að jöfnu. En fyrir skurði þá sem fráfarandi hefur látið gera til uppþurkunar greiði jarðareigendur fráfaranda kr. 1000.oo - eitt þúsund krónur -.

Jörðinni hafur fylgt 1½ kúgildi, 9 ær, en nú hafa aðilar komið sér saman um að fráfarandi fái keypt ½ kúgildi, ~~en~~ 3 ær, en viðtakandi tekur nú á móti 1 kúgildi 6 ám, sem fylgja jörðinni áfram. Verð það, sem fráfarandi greiðir fyrir ærnar er kr. 700,oo ~~ein~~ fr. ána, og greiðist andvirðið jarðareigand[...]

Það skal tekið fram að fráfarandi fær þessar 3 ær, keyptar af þeim orsökum að þegar fjárskipti fóru fram árið 1950 gat hann ekki fengið keypt nema 70 % af stofni þeim er hann átti áður og þar á meðal jarðarkúgildum, og verður því að líta svo á að honum sé heimilt að ~~kaupa~~ greiða þenna hluta þannig.

Þá hefur verið óskað eftir mati á eftirtöldum húsum:

1. Hlaða, steinsteypt með járnþaki, stærð 9,5 X 4,25 vegghæð 4 mtr., metin kr. 15,300.-
2. Fjárhús yfir 46 kindur, steinsteypt með járnþaki og steyptu baðkeri, metið kr. 4912.oo
3. Fjárhús yfir 24 kindur, veggir úr torfi, stafn úr asbestplötum, negldum á trégrind, þak úr járni metið kr. 1905.oo.
4. Túngirðing ca 1100 metra löng, metin kr. 1800.oo
5. Vatnsleiðsla, vaskur og skólpleiðsla, mat kr. 650.-

Allt mat á húsum fráfaranda og öðrum mannvirkjum verður því

| | | |
|---|---|---|
| Hlaða | kr. | 15,300.- |
| Fjárhús | " | 4912.- |
| do | " | 1905.- |
| Túngirðing | " | 1800.- |
| Vatnsleiðsla o.fl. | " | 650.- |
| | Samtals kr. | 24.567.oo |

Í leigukúgildi afhent af fráfaranda og hefur viðtakandi ekkert við það að athuga.

Fleira er ekki þörf að taka fram.

Úttektargjörð upplesin og samþykkt.

Jón Guðmundsson
Guðm. Benediktsson
Jóhannes Jónsson
Hallgrímur Arngrímsson
Jón Sigurðsson

6) Gangur lengd 7,75 m. breidd. 1,07 og ~~lengd~~ hæð 2,12.
Risið húsi er 155 sem notað er til geymslu.
Fjós Stærð þess eru 5 básar. lengd 6. m. br. 4 m og hæð 1,97 m. þakt úr járni og pappa klætt á hliðar og sloppað að mestu.
7) Vatnsleiðsla í öll hús lengd 268 m.
8) Skúr Stærð. br. 2,75 m. lengd 4,20 hæð 2,07 járnklæddur.
9 Fjárhús yfir ca 100 fjár. með vatnsleiðslu framhl. úr timbri þakt úr járni og torfi Bakið úr torfi.
10 Girðing 4 strengja 1985 m löng Staurafjöldi 468.
11) Hagagirðing 2. strengja 115 m löng 16 staurar
12) Þá hefir ábúandi unnið nokkuð að jarða-bótum. en skýrslur liggja ekki fyrir um þar að svo stöddu. og verður því að fresta mati á þeim.
Þá hefir ábúandi kostað raflögn og heimlaugargang
rafmagn Heimlaugargjaldið var 7680 kr
Innb. í húsið kostaði kr 3480 –

þá hefir verið óskað eftir mati á eftir-
töldum húsum og mannvirkjum.
Íbúðarhús stærð í heild 132 rúmm.
hús sem voru á jörðinni þegar ábúandi tók
við ~~Rossi~~ ~~tók~~ g. verði tekin til greina þegar
fullnaðar úttekt fer fram.
Eftirgjald jarðarinnar er greitt frá fyrir árið
1952 og til þessa árs.
~~Ábúandi~~ Umboðseigendur áskilja sér rétt til þess
að koma með kröfur um endurgjald fyrir
eldri tíma ef til eru.
Jörðinni fylgir 1 kúgildi = 6 ær.
þegar ábúandi tók við jörðinni fylgdu henni
6 ær og 3. af þeim voru lamblausar.
Báðir aðilar eru því samþykkir að fresta
w. úttektinni, en áskilja sér rétt til þess að
mótmæla úttektinni og ~~áskilja sér~~ ef þörf
krefur.
Sunnud. 25 okt. Komu úttektarm. aftur
saman í Haganesvík. Var þá gengið frá að
reikna út hús og mannvirki á jörðinni

# Úttekt á Illugastöðum.

Ár 1955, laugardaginn 4. júní, voru undirritaðir úttektarmenn í Holtshreppi staddir að Illugastöðum til þess að taka út jörðina þegar Vilmundur Kristjánsson skilar henni úr ábúð en við tekur Jón Sigmundsson. Bæði viðtakandi og fráfarandi voru til staðar, og sömuleiðis Hermann Jónsson hreppstjóri Yzta-Mói sem er umboðsmaður jarðareiganda.

Síðasta úttekt var til staðar og sýnis.

1. Íbúðarhús. Stærð 10½ × 3½ mtr. hæð sama og sagt er í úttekt 1942. ~~ætt~~ Útveggir eru úr steinsteypu og sömuleiðis gólf og hefur fráfarandi steypt þetta. Húsinu er skipt í þrennt með 2 timburskilrúmum, 2 herbergi og eldhús. Í öðru herberginu er stór skápur, sem fráfarandi á, í öðrum enda hanns eru 2 kojur og annarsvegar klæðaskápur. Húsið er með 3 gluggum, 1 um 4 rúðu á suðurstafni og 2 á vesturhlið 1 um 6 rúðu og 1 um 4 rúðuglugga.

Gallar á húsinu eru ekki sjáanlegir aðrir en þeir að 3 rúður eru sprungnar og pappír, sem límdur er neðan á loft í eldhúsi er sprunginn og trosnaður. Þak sem er úr járni er óryðgað. Í Sund sem er á milli hlöðu og íbúðarhúss hefur verið rennt steinsteypu, sem hefur sprungið og er hætt við að vatn komist þar niður, enda hefur orðið vart bleytu á gólfi í norðurherbergi hússins.

2. Skúr við vesturhlið hússins, sem gengið er gegn um inn í húsið, stærð 5.80 × 2,12 mtr. hæð 2 mtr. Skúr þenna hefur fráfarandi lengt ~~mtr~~ um 3,60 mtr. Suðurstafn og um helmingur af vesturhlið er nú úr steinsteypu en hitt af útveggjum er úr bárujárni sem neglt er á trégrind. Þak úr timbri járnklætt, skúrnum er skipt í þrent, inngang í húsið, klósett og geymslu, gólf steypt. Einn gluggi með 3 smáum rúðum er á norðurstafni og 9 smárúður í útidyrahurð. Inngangurinn er þiljaður og er farinn að fúna lítilsháttar svo að sér í torftróð á einum stað.

3. Fjós yfir 8 nautgripi. Veggir eru steyptir innan upp með gömlum torfveggjum nema suðurstafn, (er úr steypu eingöngu) þak úr báruðu asbesti, stoppað innan með torfi sem er farið að trosna allmikið. Gallar eru að allmikið ber á raka og steypuhymna innan á norðurstafni að neðan er farin að molna frá.

4. Hlaða sambyggð við fjósið að norðan. stærð 11,40 x 5,50 Hliðarveggir steyptir 1,40 mtr. háir. suðurstafn steyptur ofaná lélegan veggpart sem hlaðinn er úr torfi og grjóti. Að öðru leyti er hlaðan byggð úr braggajárni, sem er orðið allvíða mjög ryðbrunnið. Austurveggur er á einum stað sprunginn niðurúr og ~~og~~ töluvert ber á raka og bleytu í ~~tóra~~ gólfi

5. Votheysgryfja við norðurstafn hlöðu. Dýpt 4½ mtr. þvermál 3 mtr. steypt með ryðguðu járnþaki.

6. Votheysgryfja út á túni; stærð 4½ metri x 3½ steypt með járnþaki.

7. Fjárhús yfir 50 fjár. Veggir steyptir að innan upp með gömlum torfveggjum nema vesturstafn úr steinsteypu eingöngu. þak úr gömlu ryðguðu braggajárni þakið torfi.

8. Hesthús, sama stærð og við síðust úttekt. Mjög hrörlegt. Veggir hlaðnir úr torfi og grjóti og farnir að molna. Fráfarandi hefur sett járn á ~~þakið~~ húsið, sem farið er að ryðga og þakið yfir með torfi. Viðir eru heilir og lítt fúnir nema ein stoð undir brúnás er brotin.

9. Túngirðing 920 mtr. fjögra og fimm strengja. Vír mjög lélegur og staurar sömuleiðis. Um 100 mtr. að sunnanverðu niður við vatnið ónýtir.

Hagagirðing 5 strengja um 2000 mtr. löng vír óryðgaður og staurar sæmilegir, einnig telur fráfarandi sig eiga 3 strengi í girðingu meðfram vegi í gegnum túnið. Lengd hennar er 380 metrar. Vír mjög ryðgaður.

Vegna tilmæla frá aðilum var úttekt frestað og mati á eignum fráfaranda á jörðinni.

Þann 7. júní komu úttektarmennirnir aftur saman til þess, samkvæmt beiðni hlutaðeigenda, að meta til verðs hús og

mannvirki fráfaranda á jörðinni, aðrar en túnasléttur, sem við getum ekki metið fyr en fyrirliggja einhver plögg um starð þeirra, sem fráfarandi hefur gert.

Mat vort fer hér á eftir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Viðbygging við íbúðarhús og endurbætur á eldri íbúð að frádreginni fyrningu og skáp | Kr. | 12.000.oo |
| 2. | Viðbót við skúr með uppsettu klósetti | " | 1.500.- |
| 3. | Eldavél, 2 ofnar og leiðslur | " | 1.850.- |
| 4. | Viðbót við fjós, fyrning frádregin | " | 3.000.- |
| 5. | Heyhlaða — — — | " | 1.200.- |
| 6. | 2 Votheysgryfjur — | " | 5.000.- |
| 7. | Stakkur á fjárhúsi — | " | 200.- |
| 8. | Haga- og túngirðingar — | " | 7.000.- |
| | | Samtals kr. | 31.750.- |

Álag á hesthúskofa og járn, sem fráfarandi hefur selt á húsið metist að jöfnu.

Á jörðinni hvíla nú lán við Búnaðarbankann, sem munu vera nálægt kr. 30.000.- að fjárhæð, og tekur jarðareigandi að sér að sjá um greiðslur lána þessara, ef aðilar samþykkja mat þetta, enda verða þá öll hús og mannvirki á jörðinni hans eign.

Fleira þykir ekki þörf að bóka.

Jón Guðmundsson
Guðm. Benediktsson

Samkvæmt upplýsingu Vilmundar, er lán það er hvílir nú á jörðinni að upphæð kr. 31.107.oo og er því mismunur á því og framanskráðu mati kr. 643.oo, sem eiganda ber að greiða fráfaranda.

Jón Guðmundsson
Guðm. Benediktsson

[signature]ónsson
Vilmundur Kristján

Ofanskráður mismunur kr. 643.oo voru greiddar við undirskrift
Jón Guðmundsson

Ár 1955, mánudaginn 15. ágúst, voru undirritaðir úttektarmenn Holtshrepps staddir að Skeiðsfossi, eftir beiðni Jóns Einarssonar vélstjóra til þess að meta eftirtalin hús, sem Jón á við Skeiðsfoss og hyggst nú selja þegar hann flytur burt.

Húsin eru þessi:

1. Fjárhús yfir 28 kindur, fjós yfir 3 kýr og heygeymsla 2,50 x 3,20 x 3,90 mtr. stór, allt sambyggt undir einu risi og að auki skúrlöguð bygging austanvið yfir 24 kindur.
Húsin eru úr timbri, útveggir eru úr trégrind, sem klædd er með járni og forskalað utan. þak úr timburborðum á sperrum, pappalagt og bárujárn yfir. Gólf lögð sterkum trégrindum.
Ofangreindhús metum við á kr. 5.500.oo

2. Votheysgryfja stærð: dýpt 4.80 og þvermál 3 mtr. byggð úr járnbentri steinsteypu með tréþaki og partur af því klætt með striga.
Mat kr. 2,500.oo

Mat vort verður þá:

1. Fjárhús yfir 52 kindur, fjós yfir 3 kýr og þurrheysgeymsla kr. 5.500.oo
2. Votheysgryfja " 2.500.oo
Samtals kr. 8000.oo

Húsin eru metin í því ástandi, sem þau eru í í dag.

Skeiðsfossi 15/8 1955

Jón Guðmundsson
Guðm Benediktsson

## Stóra-Þverá

Árið 1958. fimtudaginn 22. október voru úttektarmenn staddir að Stóru-Þverá til þess að taka út jörðina og meta mannvirki og fleira sem Björn Stefánsson ábúandi hefir látið gera á jörðinni.
Mættir voru þeir Ófeigur Eiríksson fulltrúi skiftaráðandans á Siglufirði og Þórður Guðmundsson fyrir hönd dánarbús Guðmundar Björssonar eiganda jarðarinnar Stóru-Þverár.
Síðustu úttektir voru til staðar og sing

Fór úttektin svo fram.

1) Íbúðarhús sunnan dyra. Stofa skerð lengd. 3.57 m. breidd 3.35. Hæð 2.27 m.
2) Eldhús h. 2.27 breidd 3.35 lengd. 2.55 m. Húsið er járnklætt timburhús með steyptu gólfi og þiljað, gana dúk lagt. Einnig er vatnsleiðsla og frárensli. Húsið sæmilega vandað.
3) Norðan dyra er stofa skerð lengd 3.80 m br. 3.42. og hæð 2.36 m.
4. Geymsla breidd 2.40 m. lengd 3.13 m og hæð 2.03.
5) Búr lengd 3.13 m. Breidd 1.53 m hæð 1.83.
allt sæmilega vandað að frágangi

Mat á húsum er sem hér segir.
Lagt er til grundvallar brunabótamat eins og það er nú.

Eldhús og stofa metin 1943. á Kr. 20.000.00
Nú á " Kr. 57.600.00
Íbúðað norðan metin 1952. Kr. 14.000.00
Nú á Kr. 23.470.00
Fjós og geymsla áður á Kr. 20.000.00
Nú á " Kr. 33.530.00

Eldhús og stofa 57.600.- ÷ 30% = 1728 40.320.-
Stofa að norðan 23.470 ÷ 15% 2352 19.950-
Fjós og geymsla 33.530 ÷ 18% 6035 = 17.280 =
12.260-
Heimtgj. rafl. og síma

Íbúð alls með raflögn og síma. 89.810.-
3.000-
Geymslu skúr 5000-
Fjárhús 100 kinda - - - - 500-
Hesthús f. 2 hesta - - - - - 2.400-
Vatnslögn úti 4000.÷40% 3250-
Girðing 13000 ÷ 75%
103.960 -

yfirlit yfir ræktun vantaði og er því ekki hægt
að ganga frá úttektinni að svo stöddu.
Þá hefir borist yfirlit yfir ræktun, frá 1929-57.
Árið 1929 er túnstærð 2.736 hektarar.
Samkv. jarðabótaskýrslum frá Búnaðarfélagi
Íslands er túnstærð nú 6.5 h. og hefir aukist
frá 1929, um 3.764 h.
Styrkur sem ábúandi hefir fengið frá 129-57.
eru krónur - - - - Kr. 9.732,00
Kostnaður á hektara var talinn hjá Landnámi
ríkisins árið 1949. kringum Kr. 5000.00. Þar sem
ábúandi er búinn að hafa not af ræktuninni
um árabil, þá teljum við sanngjarnt að
greiða honum Kr. 3000.00. Sérstaklega þar sem
þetta er gert á ódýrari tíma að miklu leyti.
Við nánari athugun kom í ljós ~~[illegible]~~ að fjós og
geymslu ofmetin um ~~10~~ Kr. 10.215,00 og lækkar
það því um þá upphæð eða úr Kr 27.495 niður
Kr 17.280,00.
Heildar mat á húsum og ræktun er því

| | | | |
|---|---|---|---|
| á - - - | húsum | Kr. | 103.960 |
| | f. ræktun | -"- | 3.000 |
| | Alls | Kr. | 106.960,- |

Ábúanda var gert að greiða í ofana lag.
Kr. 20.000.00. Og er það gert vegna húsa, sem áður
voru á jörðinni.
Útkoman verður því þessi

| | | |
|---|---|---|
| Hús og ræktun -- | Kr. | 106.960.00 |
| Ofana lag. á korfin hús. | Kr. | 20.000,00 |
| Samt. | Kr | 86.960,00 |

Hvorki ábúandi né umboðsm. vilja undirrita
úttektina. Áskilja báðir sér rétt til að
skjóta úttektinni til yfirmats ef samkomu
lag næst ekki milli þeirra.

Þar sem ekki fleyra kom fram er
úttektinni lokið.

St. þeirra
2. des. 1958

Jón Sigurðsson
Sveinn Þorsteinsson

Bakki bls. 47., 66, 92., 136., 155.,
Berghylur — 144.,
Bjarnargil — 122., 166.,
Brúnastaðir —
Deplar —
Gautastaðir —
Gil — 30., 152.,
Hamar —
Háakot — 18.,
Helgustaðir — 131, 186,
Hólakot — 78, 127.,
Hólar — 26., 38.,
Hraun —
Hringur —
Hrúthús —
Húnstaðir —
Hvammur — 50.,
Höfn —
Illugast. — 207, 232
Knappstaðir —
Lambanes —
Lambanesreykir — 14., 84, 147.,
Lundar — 23.,
Melbreið —
Minnaholt — 34., 73., 116., 178,
Minnibrekka —
Minniþverá —
Molastaðir —
Móafell — 43., 102.,
Nefstaðir —
Reykjarhóll — 97., 170.,

Saurbær — 212,
Skeið — 107., 140, ~~157~~, 181, 190
Slétta — 53, 173, 204, ~~2[illegible]~~
St. Brekka — 61., 71.,
— holt — 1., 202,
— þverá — 162., 176,
Tunga —
Þorgautsst.
Þrasast.